




BREIKKUN VESTURLANDSVEGAR

Mat á umhverfisáhrifum – frummatsskýrsla

12.02.2020



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

2970-328-UHM-001-V03

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01 /94

VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA

Anna Elín Jóhannsdóttir

VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

Jón Ágúst Jónsson

LYKILORÐ

Mat á umhverfisáhrifum, frummatsskýrsla, Vesturlandsvegur, Kjalarnes, breikkun vegar, vegaframkvæmdir, umferðaröryggi

STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu
- Drög til yfirlustrar
- Lokið

DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Breikkun Vesturlandsvegur

VERKHEITI

Breikkun Vesturlandsvegur milli Varmhóla og vegamóta Hvalfjarðarvegur

VERKKAUPI

Vegagerðin

HÖFUNDUR

Jón Ágúst Jónsson, Margrét Aðalsteinsdóttir, Snævarr Örn Georgsson og Andri Rafn Yeoman

ÚTDRÁTTUR

Vegagerðin áformar breikkun Vesturlandsvegur á 9 km kafla milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegur. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi vegfarenda. Á stærstum hluta verður veginum breytt í 2+1 veg. Jafnframt verða gerð þrjú hringtorg, veltengingum fækkað og lagðir hliðarvegir, göngu-, hjóla- og reiðstígar. Framkvæmdin fellur undir tl. 10.07 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er því háð mati á umhverfisáhrifum.

Í frummatsskýrslu þessari er gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og metin áhrif hennar á eftirfarandi þætti: Landnotkun, gróður og vistlendi, fuglalíf, landslag og ásýnd, menningarminjar, hljóðvist og umferðaröryggi. Það er niðurstaða Vegagerðarinnar að á heildina litið verði ekki umtalsverð umhverfisáhrif af framkvæmdinni.

Öllum er heimilt að senda inn umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrsluna á sex vikna kynningartíma.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Jón Ágúst Jónsson o.fl.	19.12.19	Ragnhildur Gunnarsdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Ólafur Árnason	13.01.20	Jón Ágúst Jónsson	13.01.20

SAMANTEKT

Um framkvæmdina

Vegagerðin, í samráði við Reykjavíkurborg, áformar breikkun Vesturlandsveggar á um 9 km kafla milli Varmhóla og Hvalfjarðarveggar. Um er að ræða breikkun Vesturlandsveggar í 2+1 veg ásamt gerð þriggja hringtorga, þ.e. við Móa, Grundarhverfi og Hvalfjarðarveg. Samhliða breikkuninni verður vegtengingum fækkað og í staðinn gerðir hliðarvegir ásamt reiðstígum og stígum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi vegfarenda.

Mat á umhverfisáhrifum

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og hefur áður farið í gegnum tilkynningarferli til ákvörðunar um matskyldu hjá Skipulagsstofnun, þar sem hún var metin háð umhverfismati. Framkvæmdin er matskyld samkvæmt töluliði 10.07 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, en samkvæmt töluliðnum eru nýir tveggja akreina vegir með framúrakstursrein og vegir með fjórar akreinar eða fleiri ávallt háðir mati á umhverfisáhrifum.

Frummatsskýrslu þessari er ætlað að varpa ljósi á fyrirhugaða framkvæmd, grunnástand umhverfis fyrir framkvæmdir og möguleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Metin voru áhrif framkvæmdarinnar á; landnotkun, gróður og vistlendi, fuglalíf, landslag og ásýnd, menningarminjar, hljóðvist og umferðaröryggi. Umhverfisáhrif voru metin með hliðsjón af samþykktri matsáætlun og þeim rannsóknum sem unnar hafa verið í tengslum við matið.

Helstu niðurstöður

Landnotkun

Framkvæmdin mun hafa í för með sér varanleg áhrif á landnotkun þess svæðis sem fer undir breikkun Vesturlandsveggar og hliðarvegi. Áhrifin eru að mestu óafturkræf. Svæðið sem verður fyrir áhrifum er að stórum hluta innan veghelgunarsvæðis núverandi Vesturlandsveggar og hliðarvegir sem eru fyrir utan það svæði eru að miklu leyti nú þegar til staðar. Vegurinn mun liggja um opin svæði og landbúnaðarland sem er einkennandi fyrir svæðið í heild sinni. Hefðbundinn landbúnaður hefur verið á undanhaldi á Kjalarnesi og því ekki um að ræða land sem hefur mikið gildi sem landbúnaðarland. Áhrif á landnotkun eru metin óverulega neikvæð.

Gróður og vistlendi

Framkvæmdin hefur í för með sér umfangsmikið rask á gróðri sem að stóru leyti hefur þegar verið raskað með vega-, lagna- og skurðagerð, einkum tún og akurlendi. Gera má ráð fyrir varanlegum neikvæðum áhrifum á gróður sem lendir undir vegum og stígum, alls um 27 ha landsvæði. Áhrif á gróður utan þess svæðis ættu að vera tímabundin og gróður yfirleitt fljótur að jafna sig. Framkvæmdin hefur engin áhrif á votlendi eða sjaldgæfar plöntutegundir sem njóta verndar en getur haft lítilsháttar staðbundin neikvæð áhrif á bakkagróður við Blikdalsá. Við framkvæmdir verður leitast við að endurnýta svarðlag og lágmarka áhrif á bakkagróður. Ef óhjákvæmilegt reynist að raska skjólbelti milli

Skriðu og Esjubergs verður skjólbeltið flutt út fyrir rasksvæðið, eða nýtt skjólbelti gróðursett til að draga úr sviptivindum. Áhrif á gróður og vistlendi eru metin nokkuð neikvæð.

Fuglalíf

Helstu áhrif framkvæmdarinnar á fugla tengjast árekstrarhættu við bíla en almennt eru taldar meiri líkur á að fuglar verði fyrir bílum þar sem mikil umferð er um mikilvæg búsvæði þeirra. Þar sem framkvæmdin gengur út á að breikka núverandi Vesturlandsveg og hliðarvegir fylgja að mestu eldri vegum ættu þessi áhrif að vera þegar komin fram en áhættan getur aukist lítillega við breikkun Vesturlandsvegur þar sem fjölgun akreina stækkar hættusvæðið. Framkvæmdin er talin hafa lítil áhrif á verndargildi mikilvægs fuglasvæðis á Kjalarnesi og válista- og ábyrgðartegundir fugla á svæðinu. Áhrif á fuglalíf eru metin óverulega neikvæð.

Landslag og ásýnd

Þeir sem helst munu sjá framkvæmdina eru vegfarendur sem leið eiga um Vesturlandsveg, íbúar á svæðinu og útivistarfólk. Almennt liggur vegurinn í nokkurri fjarlægð frá bæjum og vinsælum ferðamannastöðum. Sökum þess að vegurinn liggur fremur lágt í landinu verður hann einna helst sýnilegur frá hærri stöðum eins og verið hefur. Landslag sem raskast hefur ekki hátt gildi þar sem um er að ræða fremur einsleitt landbúnaðarland sem þegar hefur verið raskað með vegagerð eða staðsett er í mikilli nálægð við núverandi veg. Heilt yfir eru áhrif á landslag og ásýnd talin nokkuð umfangsmikil með tilliti til umfangs svæðisins og fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru staðbundin og að mestu afturkræf. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á svæði sem njóta verndar vegna landslags eða ásýndar og mun ekki hafa neikvæð áhrif á landslag sem getið er um í markmiðum náttúruverndarlaga og skipulagslaga. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin nokkuð neikvæð.

Menningarminjar

Framkvæmdin hefur engin áhrif á friðlýstar minjar en kemur til með að raska sjö af 29 skráðum fornleifum. Um er að ræða þrjár leiðir, túngarð, tún, hesthús og vað. Ekki reyndist unnt að staðsetja þrjár af þessum fornleifum í vettvangsathugun þar sem ummerki um þær voru horfin. Framkvæmdasvæðið skarast einnig við 15 m friðhelgunarsvæði sex annarra fornleifa en með mótvægisáðgerðum, s.s. framkvæmdaeftirliti og merkingum, ætti að vera unnt að komast hjá því að raska þeim. Þá kemur framkvæmdin til með að raska sjö minjum sem ekki teljast til fornleifa. Áhrif á menningarminjar eru metin nokkuð neikvæð.

Hljóðvist

Breikkun vegarins mun hafa áhrif til hækkunar á hljóðstigi. Hljóðstig mun hækka mest þar sem umferðarhraði verður hækkaður og þar sem koma nýir hliðarvegir. Eftir framkvæmdir verður hljóðstig yfir viðmiðunarmörkum á 1. hæð við 7 hús og 2. hæð við 4 hús miðað við umferð árið 2016, ef ekki verður gripið til mótvægisáðgerða. Með mótvægisáðgerðum verður hins vegar unnt að ná hljóðstigi undir mörk reglugerðar um hávaða. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða eru áhrif á hljóðvist metin óverulega neikvæð að framkvæmdum loknum. Hins vegar má gera ráð fyrir að íbúar næst veginum geti orðið fyrir ónæði á framkvæmdatíma.

Umferðaröryggi

Á þeim kafla Vesturlandsvegjar sem hér er til skoðunar eru tæplega 30 vegamót, tengingar og þveranir auk þess sem umferðin er öll á 1+1 vegi án aðskilnaðar milli akstursstefna. Að meðaltali fara rúmlega 9 þúsund ökutæki um veginn á degi hverjum. Aðskilnaður akstursstefna, fjölgun akreina í sömu átt, fækkun veltenginga og bygging hringtorga eru allt aðgerðir sem draga úr líkum á umferðarslysum. Sama gildir um uppbyggingu hliðarvega og undirganga undir Vesturlandsveg fyrir innansveitarumferð og aðra en akandi vegfarendur. Áhrif á umferðaröryggi eru metin verulega jákvæð.

Öllum er heimilt að senda inn umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Frummatsskýrsla þessi er kynnt almenningi um sex vikna skeið. Markmiðið er að fá athugasemdir og umsagnir um niðurstöður umhverfismats. Öllum er heimilt að senda Skipulagsstofnun skriflegar athugasemdir innan gefins frests. Að loknum kynningartíma er matsskýrsla unnin. Þar verður að finna niðurstöðu framkvæmdaraðila á mati á umhverfisáhrifum breikkunar Vesturlandsvegjar, að teknu tilliti til þeirra athugasemda og umsagna sem berast á kynningartíma. Skipulagsstofnun tekur matið til umfjöllunar og byggir álit sitt á endanlegri matsskýrslu. Rafræn skýrsla er aðgengileg á vefslóðinni www.efla.is.

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	5
1 INNGANGUR	14
1.1 Um framkvæmdina	14
1.2 Matsskylda framkvæmdarinnar	15
1.3 Matsferlið til þessa	15
1.4 Athugasemdir og næstu skref	15
1.5 Uppbygging þessa skjals	16
2 FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ	17
2.1 Staðsetning og staðhættir	17
2.2 Náttúruvernd	18
2.3 Minjar	19
2.4 Náttúruvá	20
2.4.1 Ofanflóðahætta	20
2.4.2 Svíptivindar	20
3 UM FRAMKVÆMDINA	22
3.1 Tilgangur og markmið	22
3.2 Lýsing framkvæmdar	22
3.2.1 Lega	22
3.2.2 Breikkun	26
3.2.3 Meiri breikkun miðdeilis vegna lagna	27
3.2.4 Vegamót	29
3.2.5 Hliðarvegir	29
3.2.6 Hámarkshraði	30
3.2.7 Göngu-, hjóla- og reiðstígar	30
3.2.8 Undirgöng	30
3.2.9 Áningarstaðir og vigtarplan	30
3.2.10 Biðstöðvar strætisvagna	31
3.2.11 Framkvæmdatími	31
3.3 Umferðaróhöpp	31
3.4 Akandi umferð	32
3.5 Efnispörf, efnistaka og efnislosun	32
3.6 Jarðtækni	34
3.7 Lagnir og strengir	36
3.8 Frágangur	36
3.9 Valkostir	36
3.10 Leyfi sem framkvæmdin er háð	37
3.11 Samræmi við skipulag	37
3.11.1 Samgönguáætlun	37
3.11.2 Landsskipulag	38
3.11.3 Svæðisskipulag	38
3.11.4 Aðalskipulag	38

3.11.5	Deiliskipulag	39
3.11.6	Framtíðarsamgöngur	39
3.12	Eignarhald á landi	39
4	AÐFERÐAFRÆÐI	40
4.1	Forsendur mats á umhverfisáhrifum	40
4.2	Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar	41
4.3	Umsjón með mati á umhverfisáhrifum	44
4.4	Yfirlit um matsferlið	45
4.5	Samantekt á ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar	45
4.6	Frávik frá matsáætlun	46
5	UMHVERFISMAT	47
5.1	Landnotkun	47
5.1.1	Aðferðafræði	47
5.1.2	Grunnástand	48
5.1.3	Lýsing á umhverfisáhrifum	48
5.1.4	Mótvægisaðgerðir	49
5.1.5	Vægi áhrifa og niðurstaða	49
5.2	Gróður og vistlendi	49
5.2.1	Aðferðafræði	49
5.2.2	Grunnástand	51
5.2.3	Lýsing á umhverfisáhrifum	53
5.2.4	Mótvægisaðgerðir	54
5.2.5	Vægi áhrifa og niðurstaða	54
5.3	Fuglalíf	55
5.3.1	Aðferðafræði	55
5.3.2	Grunnástand	56
5.3.3	Lýsing á umhverfisáhrifum	56
5.3.4	Mótvægisaðgerðir	57
5.3.5	Vægi áhrifa og niðurstaða	57
5.4	Landslag og ásýnd	57
5.4.1	Aðferðafræði	57
5.4.2	Grunnástand	58
5.4.3	Lýsing á umhverfisáhrifum	60
5.4.4	Mótvægisaðgerðir	64
5.4.5	Vægi áhrifa og niðurstaða	64
5.5	Menningarminjar	64
5.5.1	Aðferðafræði	64
5.5.2	Grunnástand	65
5.5.3	Lýsing á umhverfisáhrifum	67
5.5.4	Mótvægisaðgerðir	72
5.5.5	Vægi áhrifa og niðurstaða	73
5.6	Hljóðvist	73
5.6.1	Aðferðafræði	73

5.6.2	Grunnástand _____	75
5.6.3	Lýsing á umhverfisáhrifum _____	76
5.6.4	Mótvægisaðgerðir _____	78
5.6.5	Vægi áhrifa og niðurstaða _____	79
5.7	Umferðaröryggi _____	80
5.7.1	Aðferðafræði _____	80
5.7.2	Grunnástand _____	81
5.7.3	Lýsing á umhverfisáhrifum _____	83
5.7.4	Mótvægisaðgerðir _____	85
5.7.5	Vægi áhrifa og niðurstaða _____	85
6	SAMRÁÐ OG KYNNING _____	86
6.1	Drög að tillögu að matsáætlun _____	86
6.2	Tillaga að matsáætlun _____	86
6.3	Frummatsskýrsla _____	87
7	NIÐURSTAÐA _____	88
7.1	Umhverfisáhrif _____	88
7.2	Mótvægisaðgerðir _____	90
7.3	Vöktun _____	91
8	HEIMILDASKRÁ _____	92

VIÐAUKASKRÁ

Viðauki A Deiliskipulagsuppdráttur Vesturlandsveggar frá Leirvogsá að Hvalfjarðarvegi

Viðauki B Hönnunarteikningar

Viðauki C Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsveggar frá Leirvogsá að Hvalfirði

Viðauki D Minjakort

Viðauki E Lagnir við Vesturlandsveg milli Varmhóla og Hvalfjarðarveggar

Viðauki F Hávaðakort

Viðauki G Líkanmyndir

MYNDASKRÁ

MYND 1.1	Yfirlitsmynd af Kjalarnesi. Sjá má m.a. Vesturlandsveg og Grundarhverfi. _____	14
MYND 2.1	Yfirlitskort þar sem sýnd er staðsetning þess vegkafla sem er til skoðunar. _____	18
MYND 2.2	Fjörumór í Hofsvík. _____	19
MYND 2.3	Kort vegna hættumats fyrir ofanflóð á Kjalarnesi (Veðurstofan, 2015). _____	20
MYND 3.1	Yfirlit yfir fyrirhugaðar framkvæmdir vegna breikkunar Vesturlandsvegur _____	23
MYND 3.2	Yfirlit yfir fyrirhugaðar framkvæmdir vegna breikkunar Vesturlandsvegur _____	24
MYND 3.3	Yfirlit yfir fyrirhugaðar framkvæmdir vegna breikkunar Vesturlandsvegur _____	25
MYND 3.4	2+1 vegur með heildarbreidd 22 m m.v. framtíðar A ₂₂ 2+2 þversnið. _____	26
MYND 3.5	Snið breikkunar. Sniðið sýnir 2+2 veg með 11,6 m miðdeili ásamt hliðarvegum. Línur undir 2+2 vegi eru áhrifalínur sigs sem sýna að sig mun ekki hafa áhrif á núverandi lagnir Veitna. _____	27
MYND 3.6	Snið breikkunar. Efra sniðið sýnir 2+1 veg með 10 m miðdeili ásamt hliðarvegum. Neðra sniðið sýnir 2+1 veg með 5 m miðdeili ásamt hliðarvegum. _____	28
MYND 3.7	Útfærsla á áningarstað við Hofsvík. Á myndinni má einnig sjá núverandi lóðamörk (rauð brotalína). _____	31
MYND 3.8	Náma, Esjuberg undir Brúarhömrum, efni til haugsetningar. _____	33
MYND 3.9	Náma við Blikdalsá (Ártúnsá). _____	34
MYND 3.10	Yfirlitsmynd, áætlað dýpi á klöpp í veglínunum, byggt á fyrirliggjandi rannsóknunum. Búast má við talsverðu sigi á rauðum og appelsínugulum svæðum af völdum ferginga. _____	35
MYND 4.1	Dæmi um framsetningu á niðurstöðu umhverfismats. _____	42
MYND 4.2	Ferli mats á umhverfisáhrifum samkvæmt. lögum nr. 106/2000 m.s.br. _____	45
MYND 5.1	Skipulagsuppráttur Kjalarness úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030. _____	48
MYND 5.2	Vistlendi við áhrifasvæði (rasksvæði) framkvæmda við breikkun Vesturlandsvegur. _____	52
MYND 5.3	Horft til vesturs yfir votlendi milli Varmhóla og Esjubergs, ofan Vesturlandsvegur. _____	53
MYND 5.4	Séð til norðvesturs yfir núverandi Vesturlandsveg frá afleggjara að Enni. _____	59
MYND 5.5	Séð til norðurs yfir Hofsvík og núverandi Vesturlandsveg frá kjúklingabúi við Saltvík. _____	59
MYND 5.6	Séð til norðurs yfir núverandi Vesturlandsveg frá svölum á Klébergsskóla í Grundarhverfi. _____	60
MYND 5.7	Horft til norðurs eftir Vesturlandsvegi. Sjónarhorn staðsett um 150 m yfir landi við bæinn Hvamm. Grundarhverfi sést nyrst á myndinni. Mynd: Verkís. _____	61
MYND 5.8	Horft til suðausturs eftir Vesturlandsvegi. Sjónarhorn staðsett um 100 m yfir landi við Saltvík 3. Mynd: Verkís. _____	62
MYND 5.9	Horft til norðurs eftir Vesturlandsvegi. Sjónarhorn staðsett um 50 m yfir landi rétt sunnan við áningarstað við Hofsvík. Mynd: Verkís. _____	63
MYND 5.10	Horft til norðausturs eftir Vesturlandsvegi. Sjónarhorn staðsett á svölum Klébergsskóla. Mynd: Verkís. _____	63
MYND 5.11	Horft til suðurs eftir Vesturlandsvegi. Sjónarhorn staðsett við útskot norðan Blikdalsár. Mynd: Verkís. _____	64
MYND 5.12	Minjar við Sjávarhóla. Mynd úr sérfræðiskýrslu [10]. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar. _____	66
MYND 5.13	Arnarhamarsrétt. Mynd úr sérfræðiskýrslu [10]. _____	67
MYND 5.14	Minjar í Ártúni. Mynd úr sérfræðiskýrslu [10]. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar. _____	67
MYND 5.15	Yfirlit yfir skráðar minjar í fornleifakönnun vegna breikkunar Vesturlandsvegur. Stærra kort má sjá í viðauka D. _____	68

MYND 5.16	Staðsetning minja við Móa m.t.t. fyrirhugaðs rasksvæðis vegna breikkunar Vesturlandsvegjar. Á kortinu er $x=1896$. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar. Stærra kort má sjá í viðauka D. _____	69
MYND 5.17	Staðsetning minja við Sjávarhóla og Vallá m.t.t. fyrirhugaðs rasksvæðis vegna breikkunar Vesturlandsvegjar. Á kortinu er $x=1896$. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar. Stærra kort má sjá í viðauka D. _____	69
MYND 5.18	Staðsetning minja við Arnarholt m.t.t. fyrirhugaðs rasksvæðis vegna breikkunar Vesturlandsvegjar. Á kortinu er $x=1896$. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar. Stærra kort má sjá í viðauka D. _____	70
MYND 5.19	Staðsetning minja við Ártún m.t.t. fyrirhugaðs rasksvæðis vegna breikkunar Vesturlandsvegjar. Á kortinu er $x=1896$. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar. Stærra kort má sjá í viðauka D. _____	70
MYND 5.20	Staðsetning minja við Saurbæ m.t.t. fyrirhugaðs rasksvæðis vegna breikkunar Vesturlandsvegjar. Á kortinu er $x=1896$. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar. Stærra kort má sjá í viðauka D. _____	71
MYND 5.21	Hljóðstig á svæðinu frá Brautarholtsvegi og að Esjuvegi miðað við núverandi gatnakerfi og umferð árið 2016. Stærra kort má sjá í viðauka F. _____	76
MYND 5.22	Hljóðstig í Grundahverfi miðað framtíðarumferð (ÁDU 2040) á Vesturlandsvegi. Hljóðstig L_{Aeq} dB í 2 m hæð yfir jörð, Grundarhverfi á Kjalarnesi. Hávaðakort fyrir allt framkvæmdasvæðið eru í viðauka F. _____	77
MYND 5.23	Hljóðvist fyrir framtíðarumferð 2040 með hljóðvörnum við Grundarhverfi. _____	79
MYND 5.24	Umferðaróhöpp á Vesturlandsvegi milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegjar _____	81
MYND 5.25	Hlutfallsleg samsetning umferðaróhappa og meðalfjöldi umferðaróhappa _____	82
MYND 5.26	Slys og umferð á Suðurlandsvegi 2000 – 2018. Ekki eru sýnd óhöpp þar sem engin meiðsl urðu á fólki. Grafið sýnir fjölda óhappa þar sem slys verða á fólki, ekki fjölda einstaklinga sem slasast. Sem dæmi er áreksur þar sem fjórir einstaklingar slasast, og þar af tveir alvarlega, talinn sem eitt óhapp með miklum meiðslum. _____	84

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 3-1	Mesta breikkun á kennisniði vegna framkvæmda við breikkun Vesturlandsvegjar metið út frá hönnunargögnum á deiliskipulagsstigi. _____	27
TAFLA 3-2	Upplýsingar um hliðarvegi. Staðsetningu stöðva Vesturlandsvegjar má sjá í viðauka B. Í töflunni vísar vestan/austan til þess hvoru megin Vesturlandsvegjar hliðarvegur liggur. Staða vísar til þess hvort um sé að ræða nýjan veg (N), uppfærslu á eldri vegi (U) eða notast eigi við eldri veg óbreyttan (Ó). _____	29
TAFLA 3-3	Yfirlit yfir umferð á Vesturlandsvegi árið 2017 (upplýsingar frá Vegagerðinni). _____	32
TAFLA 3-4	Gróf áætlun á efnisþörf vegna framkvæmda. _____	32
TAFLA 3-5	Upplýsingar úr fimm ára samgönguáætlun _____	38
TAFLA 4-1	Verkefnaaðilar og hlutverk þeirra við mat á umhverfisáhrifum. _____	45
TAFLA 5-1	Flatarmál (ha) og verndargildi vistgerða [6] á áhrifasvæði (rasksvæði) framkvæmda við breikkun Vesturlandsvegjar. Vistgerðir sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar eru auðkenndar með stjörnu. _____	52
TAFLA 5-2	Skráðar minjar í fornleifakönnun vegna breikkunar Vesturlandsvegjar ásamt hættumati fornleifafræðings, fjarlægð að rasksvæði og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum. Minjar innan rasksvæðis (0 m fjarlægð í töflu) spillast að hluta eða öllu leyti án mótvægisáðgerða. Legu minja m.t.t. rasksvæðis má sjá á mynd 5.15 til mynd 5.20. _____	71

TAFLA 5-3	Umferðarmagn og hraði á Vesturlandsvegi. _____	75
TAFLA 5-4	Hús með hljóðstig við húshliðar yfir $L_{Aeq} = 55$ dB eftir framkvæmdir miðað við umferð árið 2016 og áætlaða umferð árið 2040. _____	77
TAFLA 5-5	Óhappa- og slysatíðni (fjöldi slysa á hverja milljón ekna km) á Vesturlandsvegi milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegjar samanborið við aðra þjóðvegi tímabilið 2010-2017. Unnið úr gögnum Vegagerðarinnar. _____	82
TAFLA 7-1	Yfirlit yfir fyrirhugaðar aðgerðir sem ætlað er að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum vegna breikkunar Vesturlandsvegjar. _____	90

1 INNGANGUR

1.1 Um framkvæmdina

Vegagerðin, í samráði við Reykjavíkurborg, áformar breikkun Vesturlandsvegur á um 9 km kafla milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegur (Mynd 2.1). Um er að ræða breikkun Vesturlandsvegur í 2+1 veg ásamt gerð þriggja hringtorga, þ.e. við Móa, Grundarhverfi og Hvalfjarðarveg. Samhliða breikkuninni verður veltengingum fækkað og í staðinn gerðir hliðarvegir ásamt reiðstígum og stígum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Heildarlengd hliðarvega er um 11,7 km, þar af verða lagðir um 9,8 km af nýjum hliðarvegum. Vegurinn liggur um Kjalarnes, fámennasta hverfi Reykjavíkur.

Greinargerð þessi nær til þess kafla Vesturlandsvegur sem gert er ráð fyrir í samþykktri þingsályktunartillögu fyrir samgönguáætlun 2019-2023. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Frummatsskýrsla þessi fjallar um mat á umhverfisáhrifum vegna breikkunar Vesturlandsvegur. Tilgangur frummatsskýrslu er að leggja mat á umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar og að veita almenningi, umsagnaraðilum og öðrum hagsmunaraðilum tækifæri til að mynda sér skoðun á efnistöku umhverfismatsins og koma athugasemdum á framfæri.



MYND 1.1 Yfirlitsmynd af Kjalarnesi. Sjá má m.a. Vesturlandsveg og Grundarhverfi.

1.2 Matsskylda framkvæmdarinnar

Framkvæmdin fellur undir flokk A samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og er því ávallt matsskyld, sbr. tl. 10.07 í 1. viðauka laganna, þar segir: „Nýir tveggja akreina vegir með framúrakstursrein og vegir með fjórar akreinar eða fleiri“.

Áður hafði framkvæmdin farið í gegnum tilkynningarferli til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar, þar sem framkvæmdin var metin háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðun stofnunarinnar lá fyrir þann 11. júní 2019 og þar segir [1]:

„Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.“ Að auki kemur fram að: „Framkvæmdin er tilkynnt af Vegagerðinni til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Við nánari skoðun við meðferð málsins telur Skipulagsstofnun hinsvegar að framkvæmdin falli undir tl. 10.07 og 13.01 og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum.“

Matið er unnið samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 [2] og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015 [3].

1.3 Matsferlið til þessa

Framkvæmdin var ákvörðuð matsskyld af Skipulagsstofnun eftir að stofnunin hafði tekið tilkynningu um matsskyldu til skoðunar. Tilkynningin og ákvörðun Skipulagsstofnunar setti matsferlinu ákveðinn ramma sem unnið er út frá, þ.e. varðandi umhverfisþætti sem taka þarf til skoðunar o.s.frv. Nánar er fjallað um ákvörðunina í kafla 4.5.

Nú þegar hafa verið gefin út drög að tillögu að matsáætlun [4] og voru þau opin öllum til athugasemda í tvær vikur frá 5. – 19. september 2019. Drögin voru auglýst í Fréttablaðinu þann 5. september (sjá nánar í kafla 6.1). Í framhaldi af því var gefin út tillaga að matsáætlun [5] sem hefur farið í gegnum umsagnarferli Skipulagsstofnunar. Leitaði Skipulagsstofnun umsagna um matsáætlunina og samþykkti hana í kjölfarið. Frummatsskýrsla þessi er unnin samkvæmt samþykktri matsáætlun. Frummatsskýrslunni er ætlað að varpa ljósi á fyrirhugaða framkvæmd, grunnástand umhverfis fyrir framkvæmdir og möguleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Umhverfisáhrif voru metin með hliðsjón af samþykktri matsáætlun og þeim rannsóknum sem unnar hafa verið í tengslum við matið.

1.4 Athugasemdir og næstu skref

Þegar frummatsskýrslu hefur verið skilað inn til Skipulagsstofnunar hefur stofnunin tvær vikur til að taka hana til athugunar. Í kjölfarið fá umsagnaraðilar þrjár vikur og almenningur sex vikur til að skila inn umsögnum og athugasemdum. Þegar athugasemdir og umsagnir hafa borist við frummatsskýrslu er þeim svarað. Svörin eru skrifuð inn í lokaskýrslu, svokallaða matsskýrslu, sem svo er send til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun veitir svo álit sitt á mati á umhverfisáhrifum byggt á matsskýrslu.

Sveitarstjórnnum ber að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar við útgáfu framkvæmdaleyfa. Að því loknu er framkvæmdaleyfið auglýst og er þá í einn mánuð hægt að kæra framkvæmdaleyfið.

1.5 Uppbygging þessa skjals

Uppbygging þessa skjals er með eftirfarandi hætti:

- Í kafla 2 er fjallað um framkvæmdasvæðið.
- Í kafla 3 er framkvæmdinni lýst.
- Í kafla 4 er greint frá aðferðafræði við mat á umhverfisáhrifum.
- Í kafla 5 er gerð grein fyrir grunnástandi þeirra umhverfisþátta sem voru skoðaðir og áhrif framkvæmdarinnar á þá metin.
- Í kafla 6 er gerð grein fyrir samráði og kynningu.
- Í kafla 7 er tekin saman niðurstaða umhverfismatsins.

2 FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ


2.1 Staðsetning og staðhættir

Framkvæmdasvæðið nær yfir um 9 km kafla Vesturlandsvegur og er að miklu leyti innan skilgreinds veghelgunarsvæðis vegarins. Kaflinn nær frá Varmhólum (þar sem fyrirhugað er að Sundabraut tengist Vesturlandsvegi) að vegamótum Vesturlandsvegur og Hvalfjarðarvegur (mynd 2.1). Á umræddum kafla eru tæplega 30 vegamót, tengingar og þveranir. Á stærstum hluta vegarins er leyfður hámarkshraði 90 km/klst. en á stuttum kafla við Grundarhverfi er 70 km/klst. hámarkshraði.

Framkvæmdasvæðið liggur um Kjalarnes, sem er fámennasta hverfi Reykjavíkur en jafnframt það stærsta að flatarmáli. Hverfið samanstendur af Grundarhverfi og dreifbýli sem nær frá Kollafirði og inn í Hvalfjörð. Á svæðinu hefur hefðbundinn landbúnaður verið á undanhaldi á undanförunum árum en matvælaframleiðsla í auknum mæli verið bundin við þauleldi.

Frá Hvalfjarðarvegi að Esjubergi er flatlendi upp frá ströndinni þar sem skiptast á ræktarlönd, móar og mýrar. Ofan Vesturlandsvegur taka undirhlíðar Esju við. Þar eru grónar skriður og stórar aurkeilur áberandi undir klettum sem skornir eru af giljum og gljúfrum.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru tún og akurlendi ríkjandi vistgerðir innan framkvæmdasvæðisins [6]. Á kafla við Sjávarhóla (í Hofsvík), er að finna setfjöru [7]. Frá afleggjaranum að Bakka og að vegamótum við Hvalfjarðarveg eru vistlendin melar og sandar ríkjandi [6].



MYND 2.1 Yfirlitskort þar sem sýnd er staðsetning þess vegkafla sem er til skoðunar.

Innan framkvæmdasvæðisins er Blikdalsá. Áin rennur úr Blikdal, austan Vesturlandsvegur, niður í sjó. Blikdalsá liggur skammt frá bænum Melgerði og um 200 metrum norðan við núverandi vigtunarplan á Vesturlandsvegi. Í dag er ánni beint í ræsi sem liggur undir Vesturlandsveg og þaðan fer hún undir brú og út í sjó. Brúin er í slæmu ástandi og lokuð fyrir vélknúinni umferð.

Jarðmyndanir á svæðinu njóta ekki sérstakrar verndar en aðallega er þar að finna laus jarðlög. Auk lausra jarðlega er á takmörkuðum köflum að finna þóleiit basalt, ólívínþóleiit í stafla og grágrýtisfláka [8]. Við bæinn Sjávarhól, nálægt núverandi Vesturlandsvegi eru urðarhólar sem hafa myndast úr berghlaupi úr efstu fjallsbrúnum Esju. Ummerki um berghlaup má finna víðar við Esjurætur.

2.2 Náttúruvernd

Hofsvík er á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Í lögunum er lögð áhersla á að byggja upp skipulegt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags [7].

Svæðið nær frá Grundarhverfi suður undir Þaravík og er um 70 ha að flatarmáli. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt í umfjöllun Náttúrufræðistofnunar Íslands [7]: „Efst í fjörunni er grófur sandur og mól, en neðar skiptast á klappir, leir og mór. Brimasemi er að jafnaði nokkur. Varnargarður er við fjörukambinn um miðbik svæðisins og vegur þar upp af. Mikið fuglalíf er á svæðinu árið um kring.

Byggðakjarni Grundahverfis er nyrst við svæðið en sunnar er nokkur landbúnaður. Útivist er talsvert stunduð á svæðinu.“ Helstu ógnir svæðisins felast í frekara raski og uppfyllingum í fjörunni. Mun því fyrirhuguð verndun ýta undir mikilvægi þess að takmarka rask á fjörunni. Engin vernd nær yfir Hofsvík í dag. Eins og áður segir liggur Vesturlandsvegur á stuttum kafla við Hofsvík. Þar er einnig að finna áningarstað sem er nýttur af þeim sem fara í Kollafjörð í kajak.

Hofsvík er einnig hluti af stærra svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Umrætt svæði gengur undir nafninu Kjalarnes og nær yfir um 800 ha af strönd og grunnsævi milli Kollafjarðar og Hvalfjarðar. Mikið fuglalíf er þar árið um kring. Þar er fjöldi straumanda jafnframt yfir alþjóðlegum verndarviðmiðum [9].



MYND 2.2 Fjörumór í Hofsvík.


2.3 Minjar

Unnin var fornleifaskráning samhliða gerð deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg sem samþykkt var árið 2018 [10]. Skráningin nær til þess vegakafla sem hér er fjallað um. Alls voru 68 minjastaðir skráðir innan úttektarsvæðisins sem nær 50 m frá ystu brún fyrirhugaðs Vesturlandsvegur 2+1, hliðarvega eða annarra stíga. Úttektarsvæðið var almennt frá 200 – 300 m breitt. Fornleifaskýrsluna má finna í viðauka C, þar er m.a. að finna hættumat á minjum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og lýsingu á einstaka minjum. Mat er lagt á áhrif framkvæmdarinnar á minjar í kafla 5.5.

2.4 Náttúruvá

2.4.1 Ofanflóðahætta

Árið 2014 vann Veðurstofa Íslands hættumat vegna ofanflóða fyrir Kjalarnes, neðan Esjuhlíða frá Stekk í austri og rétt norðvestan við Skrauthóla (Mynd 2.3). Niðurstöður voru birtar í skýrslunni „Ofanflóðahættumat fyrir Kjalarnes neðan Esjuhlíða“. Hættumatið tekur til snjóflóða, krappaflóða, aurskriðna, grjóthruns, berghlaups og annars framskriðs úr hlíðum, svo og aurblandaðra krappa- og vatnsflóða í bröttum farvegum. Áhætta af völdum snjóflóða er talin vera minni en af völdum skriðufalla og er svæðið undir Esjuhlíðum á Kjalarnesi meðal þekktustu skriðusvæða landsins. Almennt er úrkomusamt og hvasst á Kjalarnesi og er hvassviðrið hvað mest þegar veður stendur úr geiranum milli norðausturs og austurs en einnig getur verið staðbundið hvassviðri í öðrum áttum. Eingöngu er fjallað um hættumat fyrir íbúðarhús í niðurstöðum ofanflóðahættumatsins sem liggja innan hættusvæðis. Það er í samræmi við reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða sem fjallar aðeins um nýtingu hættusvæða m.t.t. íbúðar- og atvinnuhúsnæðis þar sem hætta er að fólk dvelji til lengri tíma innan svæðis. Hættusvæði C nær yfir um 1 km af Vesturlandsvegi, neðan Skrauthóla, Vindheima og Sjávarhóla.



MYND 2.3 Kort vegna hættumats fyrir ofanflóð á Kjalarnesi (Veðurstofan, 2015).

2.4.2 Svíptivindar

Veðurstofa Íslands hefur unnið stutta úttekt af veðurfari á Kjalarnesi og voru niðurstöður birtar í skýrslunni „Kjalarnes – stutt úttekt á vindafari“. Þar kemur fram að á Kjalarnesi er mun hvassviðrasamara en annarsstaðar við höfuðborgarsvæðið. Trufanir á umferð vegna veðurs á Kjalarnesi eru því talsvert tíðari en gengur og gerist í öðrum hverfum höfuðborgarsvæðisins.

Sviptivindar eru algengir og þeir geta skapað umtalsverða hættu fyrir umferð á svæðinu og hafa aðstæður skapast þannig að grípa hefur þurft til ráðstafana til að tryggja öryggi vegfaranda með því að loka hluta vegarins. Hvassviðrin og hviður eru mestar í áttum sem standa af Esjunni og einnig í austlægum áttum. Áttageirar hvassviðrana geta verið áberandi þröngir. Sú staðreynd ætti að gefa upplýsingar sem nýtast við hönnun umferðarmannvirkja og vindvarna. Í úttektinni kemur einnig fram að sú tilfinning sé meðal kunnugra á Kjalarnesi að dregið hafi eitthvað úr vindi í hverfinu og við Vallárbyggð með vaxandi gróðri [11].

Í greinargerðinni [11] kemur einnig fram að: „Ýmsum spurningum er ósvarað varðandi staðsetningu umferðarmannvirkja og framtíðarbyggðar með tilliti til vinds. Áhrifamáttur skjólbelta við vegi er ekki vel þekktur héraendis, en mælingar í þéttbýli og utan þess benda þó til þess að áhrif víðáttumikillar byggðar séu umtalsverð og sömuleiðis benda mælingar til þess að hávaxinn gróður dragi einnig úr vindi þó útbreiðsla hans sé ekki mikil.“

3 UM FRAMKVÆMDINA

3.1 Tilgangur og markmið

Umferð á Vesturlandsvegi hefur aukist mikið á undanförunum áratugum og töluvert af slysum hafa orðið á veginum. Megintilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi á Vesturlandsvegi. Aðskilnaður akstursstefna, fækkun vegtenginga ásamt öðrum útfærsluatriðum mun koma til með að stuðla að því markmiði. Framkvæmdaraðili er Vegagerðin, í samráði við Reykjavíkurborg, sem einnig sér um að þjónusta veginn.

3.2 Lýsing framkvæmdar

3.2.1 Lega


Framkvæmdin er á um 9 km kafla Vesturlandsvegar milli Varmhóla, þar sem fyrirhugað er að Sundabraut tengist Vesturlandsvegi, og vegamóta Vesturlandsvegar og Hvalfjarðarvegar. Hringvegurinn verður breikkaður með nýrri akrein/akbraut samhliða núverandi vegi. Auk þess verða gerðir nýir hliðarvegir, aðrir hliðarvegir bættir og gerðir göngu-, hjóla- og reiðstígar. Framkvæmdasvæðið miðast almennt við það landsvæði sem fyrirhugað er að nýta undir framkvæmdina. Á mynd 3.1 til mynd 3.3 má sjá yfirlitsmynd af framkvæmdinni.



MYND 3.1 Yfirlit yfir fyrirhugaðar framkvæmdir vegna breikkunar Vesturlandsvegar á kaflanum milli Varmhóla og Hofsvíkur. Stærri kort má finna í viðauka B.



MYND 3.2 Yfirlit yfir fyrirhugaðar framkvæmdir vegna breikkunar Vesturlandsvegur á kaflanum við Hofsvík. Stærri kort má finna í viðauka B.




MYND 3.3 Yfirlit yfir fyrirhugaðar framkvæmdir vegna breikkunar Vesturlandsvegur á kaflanum norðan Hofsvíkur, að afleggjara í Hvalfjörð. Stærri kort má finna í viðauka B.

3.2.2 Breikkun

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 2+2 vegi til framtíðar¹ nema á tæplega kílómetra löngum kafla á móts við Grundarhverfi. Þar er 1+1 vegur í deiliskipulagi og ekki var gert ráð fyrir vegriði milli akstursstefna. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að breikka veginn til að koma fyrir vegriði milli akreina. Við nánari útfærslu eftir gerð deiliskipulags er áætlað að breikka veginn á öllum framkvæmdarkaflanum en mismikið eftir svæðum. Vegna jarðvegsaðstæðna og væntanlegs sigs núverandi vegar ef nýr vegur er lagður of nálægt, þá þarf að vera með breiðara miðdeili en áætlað var í deiliskipulagi. Þar sem jarðvegsaðstæður eru góðar er hægt að hafa þversniðið þröngt, með 3 m miðdeili, en þar sem jarðvegsaðstæður eru verstar þarf að vera með aðskilnað um 10 m milli akstursstefna. Þá verða tvær akreinar í suðurátt alla leið (núverandi vegur) nema á móts við Grundarhverfi og mögulega á kafla nálægt Hvalfjarðarvegi. Í norðurátt verða þrjú kaflar með tveimur akreinum, hver kafla um 1,4 km langur. Heildarbreidd nýs vegar milli axla eftir framkvæmd verður þá frá 22 m til um 29 m, nema á kaflanum við Grundarhverfi þar sem breidd verður um 13 m ef breikkað verður fyrir miðjuvegriði.

Hringvegur, 2+1

Vegtegund A₂₂ með 3 m miðdeili



MYND 3.4 2+1 vegur með heildarbreidd 22 m m.v. framtíðar A₂₂ 2+2 þversnið.

Staðsetning hliðarvega ræðst fyrst og fremst af breidd öryggissvæða og miðar við fulla breikkun í 2+2 veg í framtíðinni án þess að færa þurfi hliðarvegi. Miðað er við að hliðarvegir verði að jafnaði ekki nær en 12 m frá Vesturlandsvegi, annars þarf að skoða hvort vegrið þurfi á milli. Núverandi hliðarvegir verða nýttir eins og kostur er. Við breikkun Vesturlandsvegjar þarf að lengja ræsi yfir Blikdalsá og skoða hvort göngu- og hjólastígur verði samhliða vegi yfir ræsið eða á sér brú austan við. Auk þess þarf að huga að þverun árinna vegna hliðarvegjar vestan Vesturlandsvegjar. Þverun Blikdalsár verður unnin í samráði við Fiskistofu.

Áhrifsvæði framkvæmdarinnar er breytilegt eftir framkvæmdaþáttum (Tafla 3-1). Núverandi breidd Vesturlandsvegjar er um 10 m en eftir breikkun verður hún um 22-29 m. Vegurinn verður því breikkaður að jafnaði um 12 - 19 m en ætla má að um 10 - 13 ha svæði fari undir breikkun Vesturlandsvegjar, þ.e. miðdeili, akbrautir og axlir. Svæði sem fer undir breikkun Vesturlandsvegjar er að stærstum hluta svæði sem er afmarkað á milli hliðarvega og Vesturlandsvegjar. Þar sem eingöngu liggur fyrir frumhönnun verksins er ekki hægt að áætla nákvæmlega röskun lands s.s. vegna fláa, öryggissvæða, hliðarvega og stíga. Veghelgunarsvæði stofnvega er 30 m frá miðlínu til beggja átta, samtals 60 m og er því

¹ Gert er ráð fyrir að Vesturlandsvegur geti breikkað í 2+2 veg frá framtíðartengingu við Sundabraut og að Hvalfjarðarvegi.

áhrifasvæði breikkunar Vesturlandsvegjar að öllu leyti innan veghelgunarsvæðis núverandi vegar og deiliskipulagsmarka. Þó miðeili Vesturlandsvegjar verði breikkað á löngum köflum vegna slæmra jarðvegsaðstæðna þá er nú gert ráð fyrir minni lágmarksbreidd milli Vesturlandsvegjar og hliðarvega en gert var í deiliskipulagi. Hliðarvegir eru því að mestu ennþá áætlaðir í sömu legu og gert var í deiliskipulaginu en verða mögulega á köflum færðir utar. Þeir verða þó áfram vel innan deiliskipulagsmarka og öryggissvæði þeirra einnig.


TAFLA 3-1 Mesta breikkun á kennisniði vegna framkvæmda við breikkun Vesturlandsvegjar metið út frá hönnunargögnum á deiliskipulagsstigi.

FRAMKVÆMDAPÁTTUR	LENGD (KM)	BREIDD RASKS (M)	RASK (ha)
Breikkun Vesturlandsvegjar	9	19	13
Hliðarvegir	9,8	10	9,8
Göngu- og hjólastígar	2,2	5	1,1
Reiðstígar	6,9	5	3,45
Samtals	27,9		27,4


Á mynd 3.6 má sjá snið fyrir breikkun vegjarins.

3.2.3 Meiri breikkun miðeilis vegna lagna

Stofnlagir Veitna liggja fjallsmegin meðfram núverandi Vesturlandsvegi frá Varmhólum og síðan með Esjuvegi þar sem hann klofnar frá, fyrir utan rafstreng sem fylgir Vesturlandsvegi að Grundarhverfi. Þessir stofnar eru allir nýir, lagðir eftir árið 2000, og eru í uppnámi vegna þessarar framkvæmdar. Þeir eru viðkvæmir fyrir sigi, mismikið og stállögn hitaveitu líklega mest. Kostnaður við endurnýjun þessara stofna hleypur á hundruðum milljóna, allt upp í milljarð. Til skoðunar er hvort hægt sé að breikka miðeili meira þannig að ekki þurfi að koma til færslu þessara lagna á kaflanum milli Varmhóla og Móa, við þetta þarf ekki að færa lagnir Veitna á þessum kafla, sjá mynd 3.5. Um leið þyrfti að færa hliðarvegi nær deiliskipulagsmörkum, en þó ekki nær en svo að öryggissvæði þeirra (5 m) sé innan deiliskipulagsvæðis. Á kaflanum frá Móum að Saltvík verður nauðsynlegt að færa lagnir Veitna yfir í hliðarveg fjallsmegin. Breikkunin er innan þess svæðis sem hefur verið afmarkað sem mögulegt rasksvæði og hefur því lítil áhrif á niðurstöðu umhverfismatsins.



MYND 3.5 Snið breikkunar. Sniðið sýnir 2+2 veg með 11,6 m miðeili ásamt hliðarvegum. Línur undir 2+2 vegi eru áhrifalínur sigs sem sýna að sig mun ekki hafa áhrif á núverandi lagnir Veitna.



MYND 3.6 Snið breikkunar. Efra sniðið sýnir 2+1 veg með 10 m miðdeili ásamt hliðarvegum. Neðra sniðið sýnir 2+1 veg með 5 m miðdeili ásamt hliðarvegum.

3.2.4 Vegamót

Þrjú hringtorg verða á vegkaflanum. Hringtorgin eru á vegamótum við Móa, Grundarhverfi og Hvalfjarðarveg. Hringtorgin verða fjögurra arma með einni akrein. Ytra þvermál torganna er að lágmarki 50 m. Gert er ráð fyrir að hægt sé að breikka aksturssvæði hringtorganna í tvær akreinar með því að minnka miðeyjuna.

3.2.5 Hliðarvegir

Samhliða breikkun Vesturlandsvegar verða lagðir hliðarvegir (sjá mynd 3.1 til mynd 3.3). Vegtengingum verður fækkað og gengið út frá því að hliðarvegir anni og safni saman umferð utan Vesturlandsvegar. Tengjast svo hliðarvegirnir Vesturlandsvegi um vegamót, s.s. hringtorg. Núverandi vegir verða nýttir eins og kostur er og þeir endurbættir og aðlagðir eftir þörfum.

Í eftirfarandi töflu er tekið fram hvort að tilgreindur vegur sé nýr eða verði endurbættur við framkvæmdina. Allir hliðarvegirnir falla samkvæmt deiliskipulagi undir vegtegundina C9. Breidd hliðarveganna gerir ráð fyrir því að hægt verði að nota hluta af breidd hliðarvega sem hjólaeinar eins og segir í grein 5.3 í greinargerð deiliskipulags. Verið er að skoða nánar útfærslu hliðarvega m.t.t. fjármagns sem úthlutað hefur verið í verkið og umferðaröryggis allra vegfarendahópa. Heildarlengd hliðarvega er um 11,7 km. Þar af er m.a. gert ráð fyrir að nýta núverandi Esjuveg (Tafla 3-2: Sörlagerði - Vallá) í óbreyttri mynd. Hönnun nýrra hliðarvega er enn á frumstigi. Mögulega verða einhverjir hliðarvegir lagðir með minni breidd.

TAFLA 3-2 Upplýsingar um hliðarvegi. Staðsetningu stöðva Vesturlandsvegar má sjá í viðauka B. Í töflunni vísar vestan/austan til þess hvoru megin Vesturlandsvegar hliðarvegur liggur. Staða vísar til þess hvort um sé að ræða nýjan veg (N), uppfærslu á eldri vegi (U) eða notast eigi við eldri veg óbreyttan (Ó).

STAÐSETNING	STÖÐ VESTURLANDSVEGAR			LENGD [M]	VESTAN/ AUSTAN	FYRIR	STAÐA
Móaberg-Móar	18300	-	19620	1.320	Vestan	Bíla/hjól	N
Móar-Saltvík	19620	-	20540	920	Vestan	Bíla/hjól	N
Varmhólar-Esjuberg	18300	-	19620	1.320	Austan	Bíla/hjól	N
Esjuberg-Sörlagerði	19620	-	20660	1.040	Austan	Bíla/hjól	N/U
Sörlagerði-Vallá	20660	-	22500	1.840	Austan	Bíla/hjól	Ó
Vallá-Grundarhverfi	22620	-	23020	400	Vestan	Bíla/hjól	N
Litla Vallá-Grundarhverfi hringtorg	23000	-	23700	700	Austan	Bíla/hjól	N
Grundarhverfi hringtorg-Arnarhamar	23700	-	25560	1.860	Austan	Bíla/hjól	N
Langholt-Hvalfjarðarvegur	24980	-	27240	2.260	Vestan	Bíla/hjól	N

Umferð á hliðarvegum verður að mestu fyrir aðkomu að einstaka húsum jafnframt því að þar mun öll umferð gangandi og hjólandi fara um. Hliðarvegir verða tengdir saman með stígum þannig að vegfarendur eigi þar greiða leið án þess að þurfa að blandast umferð vélknúinna ökutækja. Vegfláar verða með hefðbundnu sniði og í samræmi við veghönnunarreglur.

3.2.6 Hámarkshraði

Hámarkshraði Vesturlandsvegur (skiltaður hraði) er í dag 90 km/klst. að undanskildu Grundarhverfi þar sem hann er 70 km/klst. Eftir breikkun skal hámarkshraði á öllum veginum vera 90 km/klst. Þar með talinn kafli í gegnum Grundarhverfi. Í dag eru þrjár tengingar inn á vegkaflann í gegnum Grundarhverfi, þessum tengingum verður lokað. Einnig verður kaflinn breikkaður um 3,0 m og sett verður vegrið milli akstursstefna. Við þessar aðgerðir er réttlætanlegt að hækka hámarkshraða á vegkafla í gegnum Grundarhverfi til jafns við hámarkshraða á öðrum vegköflum. Skiltaður hámarkshraði á hliðarvegum verður 70 km/klst.

3.2.7 Göngu-, hjóla- og reiðstígar

Gert er ráð fyrir að hjólandi vegfarendur noti hliðarvegi og að ekki verði gerður sérstakur göngu- og hjólastígur nema þar sem engir hliðarvegir eru fyrirhugaðir. Nýir stígar eru í heildina um 2,2 km (sjá mynd 3.1 til mynd 3.3).

Skv. deiliskipulagi liggur reiðvegur með hliðarvegum að réttinni við Arnarhamar, þar sem hann sameinast gömlu þjóðleiðinni í Esjuhlíðum. Í heildina er áætlað að reiðstígar verði um 6,9 km (sjá mynd 3.1 til mynd 3.3). Til skoðunar er að reiðvegur verði færður upp að Esjurótum. Það gæfi meiri möguleika á plássi til framtíðar fyrir aðskilinn göngu- og hjólastíg með hliðarvegum.

3.2.8 Undirgöng

Undirgöng fyrir útivistarumferð undir Vesturlandsveg eru áætluð á fimm stöðum, þar af á fjórum stöðum fyrir reiðmenn (sjá mynd 3.1 til mynd 3.3). Ein undirgöng fyrir gangandi umferð eru þegar komin við Grundarhverfi og verða þau óbreytt. Undirgöng fyrir bæði gangandi og ríðandi verða við Móaberg, Esjuberg, Saltvíkurveg og við hestaíþróttasvæðið vestan Arnarhamars. Við nýjan hliðarveg sunnan við Vallá verða akfær undirgöng sem tengjast Vallargrund.

3.2.9 Áningarstaðir og vigtarplan

Við Vesturlandsveg er gert ráð fyrir tveimur áningarstöðum, líkt og í dag. Í suðurhluta Hofsvíkur verður áningarstaður fyrir ökumenn sem aka í suðurátt. Við vigtarplanið rétt við Arnarhamar verður áningarstaður fyrir ökumenn sem aka í norðurátt. Útfærsla áningarstaða verður í samræmi við hönnunarkröfur Vegagerðarinnar. Núverandi vigtarplan sem staðsett er við Arnarhamar er ekki samkvæmt gildandi reglum Vegagerðarinnar um slíka staði. Vigtarplanið verður stækkað (lengt) og gerðar að- og fráreinar í samræmi við gildandi reglur og viðmið.

Við Hofsvík er fyrirkomulag áningarstaðar þannig að ekki verður beint rask á fjörunni, þ.e. ekki þarf að gera landfyllingu eða slíkt út í fjöruna. Á mynd 3.7 má sjá útfærslu áningarstaðar í Hofsvík þar sem tekið hefur verið tillit til fjörunnar í Hofsvík.



MYND 3.7 Útfærsla á áningarstað við Hofsvík. Á myndinni má einnig sjá núverandi lóðamörk (rauð brotalína).

3.2.10 Biðstöðvar strætisvagna

Ekki er gert ráð fyrir biðstöð strætisvagna við vegkaflann. Strætisvagnar munu aka út af Vesturlandsvegi við Esju og Grundarhverfi og stoppa þar við biðstöðvar.

3.2.11 Framkvæmdatími

Núverandi áætlanir gera ráð fyrir að verkefnið gæti verið boðið út síðsumars 2020 og framkvæmdir hefjist haustið 2020. Þar sem undirlag vega er mikið til á misþykkum mýrarjarðvegi þá verða feringar stór verkhluti. Feringar munu hefjast í byrjun verks og má reikna með að þær þurfi 6 – 12 mánuði til að ná fram sigi, áður en hægt verður að leggja yfirlög vega. Reikna má með að meginþungi framkvæmdar verði árin 2021 og 2022 og vonandi næst að ljúka frágangi sumarið 2023.

3.3 Umferðaróhöpp

Framkvæmdin er drifin áfram af kröfu um aukið umferðaröryggi. Umferð hefur aukist mikið og árið 2018 urðu tvö banaslys á vegkaflanum sem til stendur að breikka. Bæði banaslysin voru með þeim hætti að bílar úr gagnstæðum áttum skullu saman. Því er talið mikilvægt að aðskilja akstursstefnur til að lágmarka hættu á framanákeysrslum en slík slys eru næstalgengasta tegund alvarlegra slysa og banaslysa á Íslandi [12]. Samhliða breikkun Vesturlandsvegur verður vegamótum fækkað og hringtorg sett á þrenn vegamót. Umferð innan sveitarinnar verður færð inn á hliðarvegi og gangandi og hjólandi umferð mun færast yfir á sömu hliðarvegi eða þar til gerða stíga. Fimm undirgöng munu lágmarka þörf gangandi og ríðandi vegfarenda til að þvera veginn. Öll þessi atriði fela í sér aukið umferðaröryggi fyrir alla vegfarendur í umferðinni.

Mat á núverandi umferðaröryggi er unnið úr gögnum um umferðaróhöpp² og umferð á framkvæmdasvæðinu 2010-2017. Upplýsingar eru fengnar frá Vegagerðinni nema annað sé tekið fram.

² Gerður er greinarmunur á umferðaróhöppum og slysum. Óhöpp eru öll óhöpp óháð því hvort einhver meiðist en slys eru þau óhöpp þar sem einhver meiðist.

Eins og áður segir eru úrbætur á umferðaröryggi ein af forsendum framkvæmdarinnar. Nánar er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á umferðaröryggi í kafla 5.7.

3.4 Akandi umferð

Að jafnaði er meiri umferð um Vesturlandsveg yfir sumarmánuðina en vetrarmánuðina (Tafla 3-3). Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni hefur umferð aukist um 5-13% á ársgrundvelli frá árinu 2014. Frá Þingvallavegi að Brautarholtsvegi jókst ársdagsumferð úr 8.300 í 8.800 ökutæki/sólarhring milli áranna 2016 og 2017. Ársdagsumferð frá Brautarholtsvegi að Hvalfjarðarvegi jókst einnig milli áranna, eða úr 7.100 í 7.700 ökutæki/sólarhring.

TAFLA 3-3 Yfirlit yfir umferð á Vesturlandsvegi árið 2017 (upplýsingar frá Vegagerðinni).

	ÁRSDAGSUMFERÐ (ÖKUTÆKI/SÓLARHRING)	SUMARDAGSUMFERÐ (ÖKUTÆKI/SÓLARHRING)	VETRARDAGSUMFERÐ (ÖKUTÆKI/SÓLARHRING)
Þingvallavegur að Brautarholtsvegi	8.800	11.000	6.800
Brautarholtsvegur að Hvalfjarðarvegi	7.700	9.900	5.900


3.5 Efnispörf, efnistaka og efnislosun

Í framkvæmdina þarf efni í vegfyllingar, burðarlög og slitlög (Tafla 3-4). Nær það til efnisþarfar vegna breikkunar Vesturlandsvegur auk gerðar vegamóta, hliðarvega, og göngu-, hjóla- og reiðstíga. Hafa þarf í huga að um grófa áætlun er að ræða þar sem endanleg hönnun vegarins liggur ekki fyrir. Við útreikninga á efnispörf er stuðst við hefðbundnar þykktir veguppbyggingar. Gert er ráð fyrir að tippur verði innan framkvæmdasvæðisins en efni úr honum verði nýtt jafnóðum við framkvæmd eins og kostur er. Burðarhæft efni verður notað í veguppbyggingu en annað efni verður m.a. nýtt í frágang. Það umframefni sem ekki nýtist verður haugsett utan framkvæmdasvæðis. Haugsetningarsvæði eru hugsuð í nálægum námum, með fyrirvara um að það semjist við námueigendur og leyfi sveitarfélaga. Annars vegar er horft til námu Esjuberg undir Brúarhömrum við Varmhóla (Mynd 3.8) og hins vegar námu við Blikdalsá (Mynd 3.9). Haugsetning er því hugsuð á landi sem þegar hefur verið raskað. Gera má ráð fyrir að um þriðjungur til helmingur af uppgröfnum efni verði endurnýtt í framkvæmdinni. Það þýðir að 70.000 – 90.000 m³ af uppgröfnum efni verður haugsett til frambúðar í námum.


TAFLA 3-4 Gróf áætlun á efnispörf vegna framkvæmda.

SKÝRING	MAGN U.P.B.	EINING
Uppgrafið efni	132.000	m ³
Styrktarlag	89.000	m ³
Burðarlag	37.500	m ³
Burðarlagsmalbik	205.500	m ²
Slitlag	263.000	m ²
Malarfylling	198.000	m ³
Mulningur	6.700	m ²
Malbik á stíg	6.700	m ²

Verkið verður boðið út og er krafa um að bjóðendur geri grein fyrir því hvar efnistaka muni eiga sér stað. Skilyrði er að efnistaka fari fram í námum sem hafa viðeigandi leyfi fyrir slíkri starfsemi. Efnistakan er því háð því að efnistökuastaðir hafi farið í gegnum matsferli laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 (efnistaka fellur undir tl. 2.01 – 2.04 í 1. viðauka laganna) til að fá viðeigandi leyfi.



MYND 3.8 Náma, Esjuberg undir Brúarhömrum, efni til haugsetningar.



MYND 3.9 Náma við Blikdalsá (Ártúnsá).

3.6 Jarðtækni

Gerðar hafa verið samtals yfir 240 tilraunaboranir við hlið núverandi Vesturlandsvegur, í veglínu áætlaðra og núverandi hliðarvega og við þá staði þar sem ný undirgöng og brýr eru áætlaðar. Tiltækar rannsóknir í núverandi veglínu frá 1973 og 1974 og einnig frá árinu 2009 sýna að um er að ræða töluvert mismunandi jarðtæknilegar aðstæður á vegkaflanum. Viðbótarannsóknir sem gerðar voru haustið 2019 styðja við niðurstöður eldri rannsókna. Stór hluti nýrra vegkafla fer yfir mýrarsvæði sem mun síga. Annars staðar fer vegurinn yfir mela. Nauðsynlegt verður að fergja í vegstæði á mýrarsvæðum. Ferging felur í sér að sett er yfirþyngd á jarðveg til að flýta sigi jarðvegs og minnka þar með langtímasig. Eftir því sem mýrin er þykkari þarf að gera ráð fyrir meiri fergingu.

Mynd 3.10 sýnir áætlað dýpi á fast í veglínu miðað við fyrirliggjandi boranir.



MYND 3.10 Yfirlitsmynd, áætlað dýpi á klöpp í veglínunum, byggt á fyrirliggjandi rannsóknunum. Búast má við talsverðu sigi á rauðum og appelsínugulum svæðum af völdum ferginga.

Til eru gögn um sig í tilraunafyllingu sem gerð var árið 1973 við Varmhóla (stöð 18050 – sjá viðauka B). Einnig var sig mælt við Hofsvík (stöð 22360) við gerð vegarins 1982. Efniseiginleikar mýrarjarðvegarins á fyrirhuguðum vegkafla eru breytilegir og því erfitt að ákvarða sig með nákvæmni, einnig er þykkt mýrarlags mismunandi. Silt er að finna á 2 til 10 m dýpi á hluta veglínunum. Sigið í silti er hlutfallslega mun minna en í mýrinni. Sig í silti tekur þó lengri tíma en sig í mýrarjarðvegi. Sigreikningar sýna að þegar þykkt mólags er orðin 8 m eða meira má búast við að fergja þurfi með meira en 3 m af efni. Það rímar við mælingar sem voru framkvæmdar árið 1982 við Hofsvík (stöð 22360), en þar voru um 9 m niður á fastan botn og á einum mánuði var sig í miðju vegar um 4 m.

Áætluð lega nýs Vesturlandsvegur er um 1 m yfir núverandi landi, magn fergingar miðar við að ná fram sigi sem verður vegna slíks álags og einnig vegna álags frá umferð. Miðað er við að eftir að sigi er lokið sé hæð fyllingar/fergingar a.m.k. 0,5 m yfir áætlaðri legu vegar.

Ferging fer fram í áföngum og bíða þarf í nokkra mánuði á milli hvers áfanga, á þessu stigi er ekki búið að taka afstöðu til þess hversu lengi nauðsynlegt er að bíða áður en næsti áfangi fergingar hefst. Meirihluti sigs kemur fram á nokkrum vikum en gera má ráð fyrir að ferging taki allt að eitt ár. Gert er ráð fyrir að sá hluti fergingar sem sígur verði eftir sem fylling og að umframfargi verði keyrt í burtu og notað í fyllingar á öðrum köflum.

Í vegstæði hliðarvega eru aðstæður svipaðar. Sjá má á borunum og gryfjum sem teknar voru í Esjuvegi að burðarlag er misþykkt. Burðarlag var 1 m þykkt á svæði þar sem 9 m voru niður á fast og 0,5 m þykkt á svæði þar sem 4 m voru á fast. Vegurinn hefur sigið og efni verið keyrt í hann til að jafna út sigið. Gera má ráð fyrir að sig verði ekki eins mikið í núverandi hliðarvegum eins og í nýjum vegum en þó nóg til að ferging verði nauðsynleg því bæði þarf að breikka vegina og hækka legu þeirra.

Sigáhrifasvæði fergingar vegna vega er áætlað um 2-3 m út fyrir fláafót og gera þarf ráðstafanir vegna lagna sem liggja innan þess svæðis. Mögulegt er að fergja fyrir bæði hliðarvegum og hluta af nýjum akbrautum á Vesturlandsvegi á sama tíma. Ef ekki er fergt fyrir hliðarvegum og Vesturlandsvegi á sama tíma er hægt að nýta umframfarg, sem ekki sígur ofan í mýri og verður að fyllingu, sem farg í næsta áfanga.

3.7 Lagnir og strengir

Talsvert er um lagnir og strengi í jörðu sem taka þarf tillit til við breikkun Vesturlandsvegjar. Um er að ræða nýjar eða nýlegar lagnir og strengi á stórum köflum. Eigendur lagna og strengja innan vegkaflans á Vesturlandsvegi eru Veitur, Míla og Gagnaveitan. Tegundir þessara lagna og strengja eru:

- Hitaveita, vatnsveita, rafveita, fráveita – Veitur
- Ljósleiðari, parstrengir – Míla
- Ljósleiðari – Gagnaveitan

Á fyrsta hluta vegkaflans frá Varmhólum að kaflanum þar sem Esjuvegur greinist frá Vesturlandsvegi eru lagnir og strengir staðsett um 4-8 m frá fláafæti austan núverandi vegjar. Þessi kafli er um 2,5 km langur. Mikið er um matvælaframleiðslu á þessu svæði og því mikilvægt að gæta varúðar við fergingar og lagningu nýs vegjar. Meta þarf sérstaklega hvort lagnir og strengir geti yfir höfuð verið staðsettar áfram í núverandi legu, eða hvort breikkunin á Vesturlandsvegi kalli á flutning þessara lagna.

Frá kaflanum þar sem Esjuvegur greinist frá Vesturlandsvegi og upp að bænum Vallá eru allar lagnir og strengir staðsett beggja vegna Esjuvegjar. Þar með taldar stofnlagnir hitaveitu og vatnsveitu, ásamt háspennustrengjum og dreifistöðvum.

Stofnlagnir hitaveitu og vatnsveitu enda við Grundarhverfi. Eftir Grundarhverfi liggja háspennustrengir um loftlínu utan deiliskipulagssvæðis að stærstu leyti vestan Vesturlandsvegjar. Dreifilagnir vatns- og hitaveitu eru einnig í svipaðri legu í jörð en nærri Vesturlandsvegi. Huga þarf sérstaklega að þessum lögnum þar sem nýr hliðarvegur vestan Vesturlandsvegjar hefst um 1,5 km norðan Grundarhverfis, en þær gætu lent nærri þeim vegi.

Í viðauka E er að finna nánari lýsingu á staðsetningu lagna ásamt lagnakortum með núverandi lögnum og strengjum.

3.8 Frágangur

Vandað verður til verka við frágang svæða sem þarf að raska við framkvæmdina. Gengið verður út frá því að lágmarka rask á gróðri og jarðvegi. Að auki verður hugað að því að lágmarka vindálag á lausan jarðveg. Frágangur verður útfærður í samræmi við verklagsreglur Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður greint frá nánari upplýsingum um hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa. Við frágang skal raskað svæði aðlagð og mótað að landslagi og umhverfi. Gert er ráð fyrir því að halli vegfláa verði á bilinu 1:3-1:4 og að sáð verði í þá. Fyllt verður í skurði sem lenda innan öryggissvæða vega ef hægt er. Landmótun við stoðveggi, brýr og undirgöng verða hönnuð í samráði við landslagsarkitekt, sem og frágangur og möguleg gróðursetning.

3.9 Valkostir

Þar sem um breikkun á núverandi Vesturlandsvegi er að ræða er ekki talin þörf á að skoða aðra valkosti en þann sem hefur verið lýst. Eftir samþykki deiliskipulags hefur verið unnið að útfærslu þessarar breikkunar og nú er miðað við að miðdeili Vesturlandsvegjar verði breiðara en þar var gert ráð fyrir vegna jarðvegsaðstæðna (sjá kafla 3.2.2), en á móti mjókkar svæðið milli Vesturlandsvegjar og

hliðarvega. Fyrirhuguð er minniháttar breyting á deiliskipulagi vegna þessa. Vegsvæðið er áfram allt vel innan deiliskipulagsmarka. Við hönnun breikkunarinnar hefur verið tekið tillit til staðhátta til að lágmarka áhrif. Hönnun hliðarvega hefur miðað að því að lágmarka rask en á sama tíma að fækka tengingum við veginn og auka umferðaröryggi. Jafnframt hefur verið leitast við að sneiða að hjá einstökum minjum. Til að lágmarka áhrif framkvæmdar fylgir lega hliðarvega eldri vegum þar sem þess er kostur. Hliðarvegirnir falla undir vegtegundina C9. Breidd hliðarveganna gerir ráð fyrir því að hægt verði að nota hluta af breidd hliðarvega sem hjólaareinar. Eftirstandandi for- og verkhönnun snýr einkum að því hvort unnt sé að halda kostnaði við framkvæmdina innan fjárheimilda með aðgerðum eins og að fresta byggingu hluta hliðarvega eða minnka breidd þeirra. Vegagerðin telur ekki að annar valkostur fyrir hliðarvegi en sá sem lýst hefur verið geti uppfyllt markmið framkvæmdarinnar.

Núllkostur felur í sér að ekki verði farið út í fyrirhugaðar framkvæmdir, þ.e. að ástandið haldist óbreytt. Hann miðast því við að Vesturlandsvegur verði ekki breikkaður og engar úrbætur gerðar á veginum með það í huga að bæta umferðaröryggi og greiða fyrir samgöngum en í töluverðan tíma hefur legið fyrir að þörf er á úrbótum á veginum.

3.10 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.
- Leyfi frá Fiskistofu skv. 1. mgr. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 vegna þverunar Blikdalsár.
- Leyfi Minjastofnunar Íslands skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar ef raska þarf minjum og ef áður ókunnar minjar koma í ljós við framkvæmdir.
- Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 vegna tímabundinnar haugsetningar á framkvæmdatíma.

3.11 Samræmi við skipulag

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er landið allt skipulagsskylt og skulu framkvæmdir vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir [13]. Þannig skal framkvæmdaleyfi vera í samræmi við aðalskipulag og eftir atvikum einnig við deiliskipulag. Framkvæmdaleyfi skal enn fremur vera í samræmi við svæðisskipulag þar sem það liggur fyrir. Vegaframkvæmdir eru einnig háðar gildandi samgönguáætlun.

3.11.1 Samgönguáætlun

Þingsályktunartillaga um samgönguáætlun 2019-2033³ og fimm ára samgönguáætlun (aðgerðaáætlun) fyrir tímabilið 2019-2023⁴ voru samþykktar á Alþingi í febrúar 2019 [14]. Samgönguáætlun byggist á

³ <https://www.althingi.is/altext/149/s/0928.html>

⁴ <https://www.althingi.is/altext/149/s/0927.html>

lögum um samgönguáætlun nr. 33/2008. Annars vegar er gerð samgönguáætlun til fimmtán ára og hins vegar til fimm ára þar sem tilgreindar eru framkvæmdir fyrir fyrsta tímabil stefnunnar. Lög kveða á um að samgönguáætlunin sé endurskoðuð á minnst þriggja ára fresti [15].

Matsferlið nær til þess hluta Vesturlandsvegjar sem er innan samþykkrar þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2019-2023. Þar er lagt til að hafnar verði framkvæmdir við gerð 2+1 vegar á Kjalarnesi árið 2019, á þeim 9 km kafla sem hér er fjallað um. Áætlað er að framkvæmdin fari fram á árunum 2019-2023 (miðað við fjármögnun). Ekki er gert ráð fyrir frekara fjármagni til framkvæmda á þessu svæði á 2. og 3. tímabili þingsályktunartillögunnar, þ.e. á árunum 2024-2033. Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 er gert ráð fyrir 4.000 millj. kr. í veginn á tímabilinu 2020-2024 [16].

TAFLA 3-5 Upplýsingar úr fimm ára samgönguáætlun sem tilgreinir hvernig fjármunum er skipt á milli ára vegna framkvæmdarinnar.

KAFLANR.	KAFLAHEITI	LENGD KAFLA (KM)	EFTIRSTÖÐVAR KOSTNAÐAR 1.1.2019 (MILLJ. KR.)	2019	2020	2021	2022
f5-f6	Um Kjalarnes	9,0	3.200	200	600	1440	960

3.11.2 Landsskipulag

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um að skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðarþróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Einnig kemur fram að skipulagsgerð sveitarfélaga eigi að stuðla að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða megin kjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi [17].

3.11.3 Svæðisskipulag

Samkvæmt núgildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 (Höfuðborgarsvæðið 2040) er vegurinn skilgreindur sem meginstofnvegur. Á þessum meginstofnvegi skal hugað sérstaklega að greiðu og öruggu flæði einka- og þungaumferðar [18].

3.11.4 Aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er stefnt að uppbyggingu Vesturlandsvegjar með það að markmiði að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð. Gert er ráð fyrir breikkun vegjarins þar sem stefnt er að 2+1 vegi og fækkun tenginga við Vesturlandsveg með gerð hliðarvega. Þörf fyrir mislæg vegamót og breytingu í 2+2 veg skal vera metin út frá aukningu umferðar í framtíðinni. Einnig kemur fram að markmið fyrir borgarhlutann Kjalarnes er endurskipulagning Vesturlandsvegjar með mislægum vegamótum í framtíðinni og að samgöngur verði öruggari, greiðari og vistvænni [19].

3.11.5 Deiliskipulag

Unnið hefur verið deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg, „Vesturlandsvegur frá Leirvogsá að Hvalfjarðarvegi“. Skipulagið var samþykkt þann 7. júní 2018 í Borgarráði Reykjavíkur og með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 3. júlí 2018 [20]. Samhliða deiliskipulagi voru gerðar breytingar á nærliggjandi deiliskipulagsáætlunum vegna skipulagsmarka. Deiliskipulagið nær frá Leirvogsá að Hvalfjarðarvegi og nær því til lengri vegkafla en umhverfismatið. Áætlanir eru um frekari framkvæmdir á veginum, m.a. stendur til að breikka hann í heild sinni í 2+1 veg. Ekki liggur fyrir, að svo stöddu, hvenær öllum framkvæmdum í samræmi við deiliskipulagið verður lokið en slíkar ákvarðanir byggja á samgönguáætlun hverju sinni. Eins og áður segir eru ekki frekari framkvæmdir á Vesturlandsvegi innan samgönguáætlunar sem nær til ársins 2033. Unnin var umhverfisskýrsla fyrir deiliskipulagið á grundvelli laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 [21]. Í matinu voru möguleg umhverfisáhrif af framfylgd deiliskipulagsins metin og var þar heildar framkvæmdin frá Leirvogsá að Hvalfjarðarvegi til umfjöllunar. Umsagnir frá lögbundnum umsagnaraðilum bárust á auglýsingartíma og var umhverfisskýrsla uppfærð m.t.t. þeirra. Sjá má deiliskipulagsuppdrátt í viðauka A.

Eftir að hafa fengið frekari gögn um jarðtæknilegar aðstæður á svæðinu og staðsetningu lagna hefur hönnun verið breytt miðað við það sem lagt var upp með í upphafi. Því þarf að fara í minniháttar breytingar á deiliskipulagi, m.a. vegna aukinnar breiddar miðdeilis á hluta kaflans.

3.11.6 Framtíðarsamgöngur

Vesturlandsvegur spilar mikilvægt hlutverk í samgöngum til og frá höfuðborgarsvæðinu og mun gera það til frambúðar. Núverandi áform áætla að vegkaflinn sem um ræðir muni tengjast Sundabraut þar sem gert er ráð fyrir að hún þveri Kollafjörð. Mun Vesturlandsvegur frá Varmhólum að Hvalfjarðarvegi því anna þeirri umferð sem fer um Sundabraut. Áætla má að með tilkomu Sundabrautar muni umferð um Vesturlandsveg áður en komið er að vegamótum fyrirhugaðrar Sundabrautar og Vesturlandsvegar (við Varmhóla) minnka, þ.e. við Esjumela út Kollafjörð og að Varmhólum. Mun því breikkun vegarins á kaflanum sem er til umræðu í þessari tilkynningu stuðla að hagkvæmari samgöngutengingum við fyrirhugaðar samgönguframkvæmdir höfuðborgarsvæðisins til langs tíma litið.

Ljóst er að framkvæmdir sem nú eru á skipulagsáætlunum, líkt og Sundabraut og Vesturlandsvegur (frá Esjumelum að Varmhólum), munu koma til með að tengjast Vesturlandsvegi til framtíðar. Á þessu stigi eru áformin þó á áætlunarstigi og því ekki unnt að fjalla um framkvæmdirnar með nákvæmum hætti. Felur það m.a. í sér að ekki liggja fyrir næg hönnunargögn eða endanlegar ákvarðanir um útfærslu og framkvæmd þeirra. Þar af leiðandi eru þær framkvæmdir ekki hluti af þeirri framkvæmd sem hér er til umfjöllunar.

3.12 Eignarhald á landi

Innan framkvæmdasvæðisins er að finna land sem er í eigu ýmissa aðila, s.s. einstaklinga og sveitarfélagsins. Haldnir hafa verið kynningarfundir (samhliða deiliskipulagsgerð) með þeim aðilum og öðrum hagsmunaaðilum [22]. Í því kynningarferli hafa áform breikkunar Vesturlandsvegar verið kynnt. Áform um framkvæmdirnar hafa einnig verið kynnt í tengslum við matsferlið.

4 AÐFERÐAFRÆÐI

4.1 Forsendur mats á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem á kerfisbundinn hátt eru metin þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en tekin er ákvörðun um hvort umrædd framkvæmd skuli leyfð. Mat á umhverfisáhrifum er unnið í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015. Markmið laganna er [23]:

- að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna,
- að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

Mat á umhverfisáhrifum felst í að spá fyrir um og leggja vægi á möguleg áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfi sitt, með tilliti til hvernig og hversu mikið hún mun mögulega breyta grunnástandi. Margvíslegar aðferðir eru til að veða og meta umhverfisáhrif, en ekki er til staðar nein viðurkennd aðferð sem sannmælst hefur verið um að nota. Flestar aðferðirnar ganga út á að veða með ýmsum hætti saman umfang framkvæmdarinnar og gildi og viðkvæmni viðkomandi umhverfisþáttar/svæðis. Það er mismunandi eftir aðferðum með hvaða hætti grunnástand og áhrif eru lögð fram í matinu og getur meðal annars verið gert með því að nota töluleg gildi, tákni, hugtök eða litamerkingar [24] [25].

Mikilvægt er að mat á umhverfisáhrifum byggi á fyrirframgefnum viðmiðum fyrir hvern umhverfisþátt. Það ræðst af umhverfisþættinum, umfangi framkvæmdar og staðsetningu hennar hvaða viðmið er réttast að leggja á vogarskálar matsins hverju sinni. Þá er mikilvægt að aðferðafræðin sem er beitt við umhverfismatið sé gegnsæ, þannig að augljóst sé hvernig komist var að rökstuddri niðurstöðu um vægi áhrifa [26]. Óháð því hvaða aðferð er beitt þarf að hafa í huga að matið getur sjaldnast byggst á

auðmælanlegum viðmiðum eða breytum með skýr forspárgildi og niðurstaðan verður því að einhverju marki matskennd.

Stuðst er við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um mat á umhverfisáhrifum [27] og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa [28]. Rétt er að geta þess að í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar kemur fram að þrátt fyrir tillögur sem þar eru um hugtakanotkun fyrir vægiseinkunnir hafi aðilar sem koma að matinu eftir sem áður frjálsar hendur til að nota önnur hugtök með viðeigandi rökstuðningi [27].

Ætlunin er að aðferðin varpi á skýran hátt ljósi á hvernig komist er að niðurstöðu um vægi áhrifa af framkvæmdum á einstaka umhverfisþætti. Leitast er við að viðmiðin sem lögð eru til grundvallar hverjum umhverfisþætti séu skýr og undirbyggi rökstuðning fyrir niðurstöðunni sem sýnd er með myndrænni framsetningu.

Í eftirfarandi kafla verður gerð grein fyrir helstu viðmiðum fyrir mat á grunnástandi umhverfisþátta, helstu viðmiðum fyrir mat á einkennum áhrifa og hvernig staðið er að mati á vægi áhrifa. Nánari upplýsingar um aðferðafræði við mat á einstökum umhverfisþáttum er að finna í viðeigandi köflum.

4.2 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar

Aðferðafræðin sem notuð er við mat á umhverfisáhrifum þessarar framkvæmdar byggir í grunninn á:

- Viðmiðum fyrir grunnástand umhverfisþátta (t.d. gróðurs, fugla eða fornminja).
- Viðmiðum fyrir einkennum áhrifa (t.d. varanleiki, bein eða óbein áhrif) vegna framkvæmdarinnar á viðkomandi umhverfisþátt.


Viðmið fyrir einstaka umhverfisþætti eru breytileg en öll eiga þau það sameiginlegt að hafa verið mótuð með hliðsjón af 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Eftir atvikum taka þau jafnframt mið af niðurstöðum sérfræðinga, lögum og öðrum útgefnum opinberum gögnum/viðmiðum sem eiga við um viðkomandi þátt.

Grunnástand einstakra umhverfisþátta á hverju svæði var metið á fimm þrepa skala. Við matið var gjarnan horft til mikilvægis umhverfisþáttarins á viðkomandi stað. Þannig var t.d. mikilvægi umhverfisþátta metið hátt ef þeir nutu lögbundinnar verndar eða opinberir aðilar/sérfræðingar töldu þá hafa hátt verndargildi. Að sama skapi var mikilvægi umhverfisþátta metið lægra ef ekkert slíkt átti við. Við mat á grunnástandi var einnig gjarnan horft til viðkvæmni umhverfisþáttarins, þ.e. getu hans til að ná grunnástandi að nýju. Þar sem horft var til fleiri en eins viðmiðs var heildargildi grunnástands metið með hliðsjón af öllum viðmiðum.

Með hliðsjón af eðli framkvæmdar var einnig lagt mat á **einkenni áhrifa** hennar á einstaka umhverfisþætti innan svæðis á tíu þrepa skala, allt frá miklum jákvæðum áhrifum til mikilla neikvæðra áhrifa. Við matið var gjarnan horft til beinna og óbeinna áhrifa framkvæmdarinnar á viðkomandi umhverfisþátt og varanleika áhrifa. Þar sem horft var til fleiri en eins viðmiðs var heildargildi áhrifa metið með hliðsjón af öllum viðmiðum.

Við mat á því hversu mikil áhrif framkvæmdin gæti haft í för með sér var vegin saman greining á grunnástandi og helstu einkennum áhrifa sem hlotist geta af framkvæmdinni á viðkomandi

umhverfisþátt. Niðurstöður greiningarinnar má setja inn í vægiseinkunnagraf, sem byggir á fyrirmynd frá norsku Vegagerðinni. Það ræðst af viðmiðum hvers umhverfisþáttar hvaða mælikvarðar eru settir á ása grafsins. Á grundvelli samspils grunnástands og einkenna áhrifa fæst mat á vægi áhrifanna, svokallaðra vægiseinkunna. Dæmi um framsetningu vægismats má sjá á mynd 4.1.



MYND 4.1 Dæmi um framsetningu á niðurstöðu umhverfismats. Viðmið fyrir grunnástand og áhrif eru breytileg eftir umhverfisþáttum.

Í þessari aðferðafræði er búið að skilgreina viðeigandi viðmið fyrir grunnástand hvers umhverfisþáttar sem tekinn er til mats til að meta gildi þess og viðkvæmni fyrir breytingum. Jafnframt er búið að setja viðmið fyrir einkenni og umfang áhrifa af framkvæmdinni (sjá viðmið á x og y ás á mynd 4.1). Viðmiðin fyrir hvorn ás eru nokkur og er hvert þeirra kvarðað á skalanum lítið til mikið. Niðurstaða matsins, þ.e. vægiseinkunn fyrir áhrif á hvern umhverfisþátt, er svo heildarsamantekt af þessum undirliggjandi

viðmiðum. Sú samantekt byggir á mati sérfræðinga. Hún er ekki meðaltal heldur er lagt mat á innbyrðis vægi þessara viðmiða á hvorum ás fyrir sig.

Á mynd 4.1 er endanleg vægiseinkunn skurðpunktur á mati á viðkvæmni grunnástands (x -ás) og umfangi áhrifa (y -ás). Til að einfalda framsetningu niðurstaðna hefur vægiseinkunnum verið skipt í flokka á bilinu engin áhrif yfir í veruleg áhrif til einföldunar í umræðu um niðurstöðu umhverfismatsins. Litakvarðinn á mynd 4.1 sýnir þetta róf.

Skilgreining á mismunandi flokkum vægiseinkunna er eftirfarandi:

Vægi áhrifa telst **verulega neikvætt** þegar framkvæmdin leiðir til breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfispáttar og viðkvæmni er *mikið* og umfang áhrifanna er *mikið*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig verulega neikvætt þar sem gildi umhverfispáttar er talið *miðlungs til mikið* og umfang áhrifanna eru *mikil*, eða öfugt.

Vægi áhrifa telst **talsvert neikvætt** þegar framkvæmdin leiðir til breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfispáttar og viðkvæmni vegna gildis eða næmni er *miðlungs* eða *miðlungs til mikið* og umfang áhrifanna er *miðlungs* eða *miðlungs til mikið*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig talsvert neikvætt þar sem gildi umhverfispáttar er talið *miðlungs til mikið* eða *mikið* og umfang áhrifanna eru *miðlungs*, eða öfugt.

Vægi áhrifa telst **nokkuð neikvætt** þegar framkvæmdin leiðir til breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfispáttar og viðkvæmni vegna gildis eða næmni er *lítið til miðlungs* og umfang áhrifanna er *lítið til miðlungs*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig nokkuð neikvætt þar sem gildi umhverfispáttar er talið *miðlungs* eða *mikið* og umfang áhrifanna eru *lítil til miðlungs*, eða öfugt.

Vægi áhrifa telst **óverulega neikvætt** þegar framkvæmdin leiðir til breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfispáttar og viðkvæmni vegna gildis eða næmni er *lítið* og umfang áhrifanna eru *lítil*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig óverulega neikvætt þar sem gildi umhverfispáttar er *miðlungs* eða *mikið* og umfang áhrifanna eru *lítil*, eða öfugt.

Framkvæmdin hefur **engin áhrif** á tiltekinn umhverfispátt. Í sumum tilvikum geta aðstæður hagað því þannig að framkvæmdin snertir viðkomandi umhverfispátt ekki að neinu leyti.

Vægi áhrifa telst **óverulega jákvætt** þegar framkvæmdin leiðir til jákvæðra breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfispáttar og viðkvæmni vegna gildis eða næmni er *lítið* og umfang áhrifanna eru *lítil*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig óverulega jákvætt þar sem gildi umhverfispáttar er *miðlungs* eða *mikið* og umfang áhrifanna eru *lítil*, eða öfugt.

Vægi áhrifa telst **nokkuð jákvætt** þegar framkvæmdin leiðir til jákvæðra breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfispáttar og viðkvæmni vegna gildis eða næmni er *lítið til miðlungs* og umfang áhrifanna er *lítið til miðlungs*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig nokkuð jákvætt þar sem gildi umhverfispáttar er talið *miðlungs* eða *mikið* og umfang áhrifanna eru *lítil til miðlungs*, eða öfugt.

Áhrifin eru **talsvert jákvæð** þegar framkvæmdin leiðir til jákvæðra breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfisþáttar og viðkvæmni vegna gildis eða næmni er *miðlungs* eða *miðlungs til mikið* og umfang áhrifanna er *miðlungs* eða *miðlungs til mikið*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig talsvert jákvætt þar sem gildi umhverfisþáttar er talið *miðlungs til mikið* eða *mikið* og umfang áhrifanna eru *miðlungs*, eða öfugt.

Áhrifin eru **verulega jákvæð** þegar framkvæmdin leiðir til jákvæðra breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi umhverfisþáttar og viðkvæmni er *mikið* og umfang áhrifanna er *mikið*, sökum stærðar þess svæðis sem verður fyrir áhrifum eða fjölda einstaklinga. Vægi telst einnig verulega neikvætt þar sem gildi umhverfisþáttar er talið *miðlungs til mikið* og umfang áhrifanna eru *mikil*, eða öfugt.

Jafnframt eru skilgreiningar eftirfarandi hugtaka höfð til hliðsjónar við matið og er þau í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar [28]:

Bein áhrif sem gera má ráð fyrir að framkvæmd eða áætlun muni hafa á tiltekna umhverfisþætti. Önnur áhrif á umhverfisþætti sem eru ekki bein afleiðing framkvæmdar eða áætlunar, eru sögð **óbein áhrif**. Áhrifin geta komið fram í tiltekinni fjarlægð í tíma og/eða rúmi og verið afleiðing samspils mismunandi þátta sem má þó rekja til framkvæmdarinnar eða áætlunarinnar. Óbeinum áhrifum er einnig hægt að lýsa sem afleiddum áhrifum.

Varanleg áhrif eru áhrif sem talin eru að framkvæmd eða áætlun muni hafa til frambúðar á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. með tilliti til æviskeið núlifandi manna og komandi kynslóða. Hins vegar eru áhrif sem talið er að framkvæmd eða áætlun muni hafa tímabundið á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. í nokkrar vikur, mánuði eða ár, sögð **tímabundin áhrif**.

Afturkræf áhrif eru áhrif framkvæmda eða áætlunar á tiltekna umhverfisþætti, sem líta má á að séu þess eðlis að áhrifanna hætti að gæta eftir tiltekinn tíma og að raunhæft sé eða unnt að gera ráð fyrir að hægt sé að færa í sama eða svipað horf og áður en kom til framkvæmda. Gera verður ráð fyrir að áhrifin séu afturkræf á a.m.k. tímaskala núlifandi manna en afturkræf áhrif geta einnig verið háð því að ummerki séu fjarlægð innan ákveðins tíma, t.d. ef um er að ræða áhrif á lífríki. Áhrif sem í eðli sínu fela í sér að tilteknir umhverfisþættir verða fyrir varanlegri breytingu eða tjóni vegna framkvæmdar eða áætlunar sem ekki er raunhæft að afturkalla, eru sögð **óafturkræf áhrif**.

Samlegðaráhrif er notað yfir bæði samvirk og sammögnuð áhrif. Felst það í áhrifum mismunandi þátta framkvæmdar eða áætlunar sem hafa samanlagt tiltekin umhverfisáhrif eða sem jafnvel magnast upp yfir tiltekið tímabil. Þetta getur einnig varðað áhrif sem fleiri en ein framkvæmd eða áætlanir hafa samanlagt eða sammagnað á tiltekinn umhverfisþátt eða tiltekið svæði.

Umtalsverð áhrif eru veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

4.3 Umsjón með mati á umhverfisáhrifum

Vegagerðin hefur falið EFLU hf. verkfræðistofu að hafa umsjón með mati á umhverfisáhrifum. Verkefnisstjórn matsvinnunnar annast Jón Ágúst Jónsson fyrir hönd EFLU verkfræðistofu og Anna Elín Jóhannsdóttir fyrir Vegagerðina. Einnig kom Jón Ágúst Jónsson (líffræðingur) að skoðun á votlendi. Þá


sáu Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir (fornleifafræðingar hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur) um rannsókn á menningarminjum svæðisins.

TAFLA 4-1 Verkefnaaðilar og hlutverk þeirra við mat á umhverfisáhrifum.

AÐILI	HLUTVERK	STARFSMAÐUR
Vegagerðin	Verkefnisstjóri framkvæmdaraðila	Anna Elín Jóhannsdóttir
EFLA hf.	Verkefnisstjóri ráðgjafa og ritstjóri frummatsskýrslu	Jón Ágúst Jónsson
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Menningarminjaskráning	Anna Lís Guðmundsdóttir Margrét Björk Guðmundsdóttir

4.4 Yfirlit um matsferlið

Matsferlinu má í grófum dráttum skipta í tvennt, annars vegar vinnu áætlunar um gerð umhverfismatsins sem er kynnt í tillögu að matsáætlun og hins vegar vinnslu umhverfismatsins sjálfs sem kynnt er í frummatsskýrslu. Almennings- og umsagnaraðilum gefast nokkur tækifæri til að leggja fram athugasemdir eða ábendingar í matsferlinu. Á mynd 4.2 má sjá yfirlit á ferli mats á umhverfisáhrifum.



MYND 4.2 Ferli mats á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.br.

4.5 Samantekt á ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar

Í tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu var fjallað um þá umhverfisþætti sem talið var að gætu orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar. Í tilkynningunni var mat lagt á eftirfarandi umhverfisþætti: Landnotkun, náttúrufar, landslag og ásýnd, minjar, hljóðvist og umferðaröryggi. Gerð var greining á raski á vistgerðum, byggð á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands, sérstök greining á breytingu á hljóðvist vegna framtíðarumferðar á veginum og aðstæður skoðaðar á svæðinu.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kom fram að auka þurfi umfjöllun um rask vegna hliðarvega og stíga. Einnig að gera þurfi betur grein fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi haugsetningarsvæða á

framkvæmdatíma og efnistökusvæðum sem nýtt verða við framkvæmdirnar. Einnig kom fram að leggja þurfi frekara mat á hljóðvist og áhrif mótvægisáðgerða á þeim stöðum þar sem hávaði fer yfir viðmiðunarmörk. Að lokum var bent á að fjalla þurfi ítarlegar um hugsanleg áhrif á votlendisskika á leiðinni og fjöruvistgerðir við Hofsvík, þar sem gert er ráð fyrir því að hafa áningarstað.

Talsverðra gagna hefur því þegar verið aflað við undirbúning greinargerðar með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu og ýmis sjónarmið og upplýsingar komið fram í umsögnum fagstofnana. Jafnframt eru tiltekin atriði í ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvar auka þurfi umfjöllun eða afla frekari gagna til að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar. Við undirbúning matsáætlunar var byggt á þessari vinnu þegar ákvarðað var hvað skuli leggja áherslu á í matinu.

4.6 Frávik frá matsáætlun

Í tillögu að matsáætlun var gert ráð fyrir að nota Esjuveg sem hjáleið á verktíma og byggja hann upp þannig að hann geti tímabundið tekið við umferð af Hringveginum. Við frekari hönnun hefur verið fallið frá því. Að öðru leyti er frummatsskýrsla þessi unnin samkvæmt samþykkttri tillögu að matsáætlun.

5 UMHVERFISMAT

Í þessum kafla er gerð grein fyrir mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í matinu er fjallað um þá þætti umhverfisins sem voru taldir geta orðið fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum vegna framkvæmdanna á framkvæmda- eða rekstrartíma.

5.1 Landnotkun

5.1.1 Aðferðafræði

5.1.1.1 Hvaða framkvæmdaþættir munu valda áhrifum?

Með breikkun Vesturlandsvegur og gerð hliðarvega fer meira landsvæði undir samgöngumannvirki og veghelgunarsvæði. Það takmarkar aðra nýtingu þessa sama lands í framtíðinni svo lengi sem samgöngumannvirkin eru til staðar.

5.1.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Landsvæði sem fer undir samgöngumannvirki og svæði sem lendir innan veghelgunarsvæðis.

5.1.1.3 Markmið

Samkvæmt fyrirbyggjandi matsáætlun [5] er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- a. Mun framkvæmdin breyta landnotkun á svæðinu?
- b. Munu áhrif vegna breyttar landnotkunar verða neikvæð?

5.1.1.4 Viðmið

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á landnotkun eru eftirfarandi:


- Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 – 2030.
- Deiliskipulag Vesturlandsvegur frá Leirvogsa að Hvalfjarðarvegi.

5.1.1.5 Gögn og rannsóknir

Við matið er stuðst við fyrirbyggjandi gögn. Þar er helst fjallað um skilgreiningu framkvæmdasvæðisins og aðliggjandi svæða í gildandi skipulagsáætlunum.

5.1.2 Grunnástand

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er landnotkun á aðliggjandi svæðum að mestu skilgreind sem landbúnaðarsvæði en einnig er að finna opin svæði, íbúðarsvæði, iðnaðarsvæði og efnistökusvæði. Á mynd 5.1 má sjá hvernig Kjalarnes og Vesturlandsvegur er skilgreindur á skipulagsupprætti aðalskipulags Reykjavíkur.



MYND 5.1 Skipulagsupprættur Kjalarness úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030.

5.1.3 Lýsing á umhverfisáhrifum

Landsvæði sem fer undir breikkunina er að mestu innan núverandi veghelgunarsvæðis Vesturlandsvegur sem er 30 m til beggja átta frá miðlínu. Svæðið er nú þegar bundið þeim takmörkunum sem gilda innan veghelgunarsvæða, t.d. byggingarbanns o.þ.h. Hliðarvegir og stígar verða að hluta til utan þess svæðis, sér í lagi þar sem gert er ráð fyrir að Vesturlandsvegur geti breikkað frekar í framtíðinni. Munu þeir liggja um svæði sem eru skilgreind sem opin svæði og landbúnaðarland.

Framkvæmdin mun hafa í för með sér varanleg áhrif á landnotkun þess svæðis sem fer undir breikkun Vesturlandsvegur og hliðarvegi. Áhrifin eru að mestu óafturkræf. Svæðið sem verður fyrir áhrifum er að stórum hluta innan veghelgunarsvæðis núverandi Vesturlandsvegur og hliðarvegir sem eru fyrir utan það svæði eru að miklu leyti nú þegar til staðar, t.d. við Ljárdal og Sjávarhóla. Vegurinn mun liggja um opin svæði og landbúnaðarland sem er einkennandi fyrir svæðið í heild sinni. Landbúnaður hefur verið á undanhaldi á Kjalarnesi og því ekki um að ræða land sem hefur mikið gildi. Í stað landbúnaðar hefur verið uppgangur í matvælaframleiðslu sem bundin er við þaueldi á svæðinu.

Sumarið 2018 var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg frá Mosfellsbæ að Hvalfirði. Skipulagsmörkin fylgja veghelgunarsvæði Vesturlandsvegur að mestu og ná yfir allan Vesturlandsveg, hringtorg, undirgöng og að langmestu hliðarvegi. Þar sem hliðarvegur lendir ekki innan deiliskipulagssvæðisins fylgir hann núverandi Esjuvegi fram hjá Ljárdal og Sjávarhólum.

Líkt og áður segir er landbúnaður á undanhaldi á Kjalarnesi og því hafa framangreindar framkvæmdir minni áhrif en ella. Uppbygging íbúðarhúsnæðis og fólksfjölgun á Kjalarnesi kallar á öruggari samgöngur til Reykjavíkur og spilar tvöföldun Vesturlandsvegur þar lykilhlutverk. Leiða má líkur að því að aukið umferðaröryggi á Vesturlandsvegi og hliðarvegir fyrir hægari innansveitarumferð muni líklega gagnast heimamönnum meira en það landbúnaðarsvæði sem glatast í framkvæmdunum.

5.1.4 Mótægisaðgerðir

Ekki er talin þörf á mótægisaðgerðum vegna áhrifa framkvæmdarinnar á landnotkun m.a. þar sem breikkunin er að stórum hluta innan veghelgunarsvæðis Vesturlandsvegur. Þau svæði sem verður raskað eru ekki þess eðlis að finna þurfi önnur landsvæði undir sambærilega notkun.

5.1.5 Vægi áhrifa og niðurstaða

Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða framkvæmdaraðila að breytt landnotkun vegna framkvæmdarinnar hafi óverulega neikvæð áhrif á landnotkun, sbr. skilgreiningu á vægiseinkunum í kafla 4.2.

5.2 Gróður og vistlendi

5.2.1 Aðferðafræði

5.2.1.1 Hvaða framkvæmdaþættir munu valda áhrifum?

Vega- og stígagerð fylgir jarðrask sem hefur bein áhrif á gróðurfar. Haugsetning getur einnig haft áhrif á gróðurfar.

5.2.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Áhrifasvæði fyrir gróður og vistgerðir er að mestu bundið við framkvæmdasvæðið, þ.e. það svæði þar sem vænta má beins rasks á gróður.

5.2.1.3 Markmið

Samkvæmt fyrirbyggjandi matsáætlun [5] er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- a. Hversu mikil verður bein röskun á gróðursvæðum/vistlendum?
- b. Hversu varanleg verða áhrif framkvæmdarinnar á gróður og vistlendi?
- c. Hvaða gróðurfélög eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar? Eru þau fágæt?
- d. Finnast sjaldgæfar tegundir, eða tegundir sem hafa verið friðlýstar eða settar á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar?
- e. Hvaða vistgerðir og vistlendi eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar? Hvert er verndargildi þeirra?
- f. Verða áhrif á vistkerfi sem njóta verndar skv. 61 - 62. gr. laga um náttúruvernd?

5.2.1.4 Viðmið

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á gróður og vistlendi eru eftirfarandi:

- Valisti Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir plöntur.
- 1. og 2. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja, þ.e. a) votlendissvæði 2 ha eða stærri og b) sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.
- 6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955: „Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára.“
- Samningur um líffræðilega fjölbreytni sem öðlaðist gildi á Íslandi 1994.
- Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr og búsvæði þeirra í Evrópu.
- Ramsarsamningurinn um votlendi sem hefur alþjóðlegt verndargildi, einkum fyrir fugla.
- Áhrif á vistgerðir og búsvæði. Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020 segir að viðhalda beri fjölbreytileika tegunda og vistgerða, og forðast eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilstærkerfi.
- Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54 um vistgerðir á Íslandi.

5.2.1.5 Gögn og rannsóknir

Við matið er stuðst við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands [29]. Samhliða því er fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands um vistgerðir á Íslandi notað til þess að afla upplýsinga um m.a. verndargildi vistgerða [6]. Flatarmál vistlenda og vistgerða er reiknað í ArcMap landupplýsingakerfinu út frá vistgerðagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands.


Til þessa að kanna tilvist sjaldgæfra tegunda, tegunda sem hafa verið friðlýstar og/eða settar á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands innan áhrifasvæðis framkvæmda var haft samband við

Náttúrufræðistofnun Íslands. Stofnunin býr yfir gagnagrunni með upplýsingum um staðsetningu sjaldgæfra tegunda á landinu. Einnig fór líffræðingur í vettvangsferð um svæðið haustið 2019 og kannaði votlendi við framkvæmdasvæðið.

5.2.2 Grunnástand

Gróðurfar svæðisins ber þess merki að hafa verið mótað af mannavöldum. Frá Varmhólum norður fyrir Grundarhverfi liggur Vesturlandsvegur að mestu um framræst land en þegar nær dregur Hvalfirði verða náttúruleg vistlendi, s.s. gras-, mos- og mólendi, meira áberandi (Mynd 5.2). Samkvæmt vistgerðagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands eru aðrar landgerðir og graslendi ríkjandi vistlendi á framkvæmdasvæðinu en einnig er nokkuð um mólendi, moslendi, votlendi og mela og sandlendi.

Alls eru 29 vistgerðir skráðar á áhrifasvæði Vesturlandsvegur (Tafla 5-1). Ríkjandi vistgerð er tún og akurlendi. Á svæðinu finnast fimm vistgerðir með mjög hátt verndargildi sem allar teljast til votlendis. Samanlagt þekja þessar vistgerðir tæpa 4 ha af framkvæmdasvæðinu (6%). Einkum er um að ræða starungsmýravist (3,2 ha) og gulstararflóavist (0,5 ha). Á svæðinu er engin vistgerð sem telst fágæt á landsvísu en 11 eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Innan framkvæmdasvæðisins eru engin votlendi yfir 2 ha að stærð sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Á milli Varmhóla og Esjubergs er samt sem áður allmikið votlendi (Mynd 5.3) sem virðist að mestu samfelt og yfir umræddum stærðarmörkum, þrátt fyrir að vistgerðagögn bendi til þess að þar sé einungis að finna votlendisbletti. Umrætt votlendi liggur hins vegar fyrir ofan Vesturlandsveg, utan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Á einum stað þverar framkvæmdasvæðið Blikdalsá en samkvæmt 62. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Samkvæmt tölvupósti frá Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 19. desember 2019 eru engar friðlýstar plöntur eða plöntur á valista innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.



MYND 5.2 Vistlendi við áhrifsvæði (rasksvæði) framkvæmda við breikkun Vesturlandsvegur.

TAFLA 5-1 Flatarmál (ha) og verndargildi vistgerða [6] á áhrifsvæði (rasksvæði) framkvæmda við breikkun Vesturlandsvegur. Vistgerðir sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar eru auðkenndar með stjörnu.

VISTLENDI	VISTGERÐ	VERNDARGILDI	FLATARMÁL (ha)
Melar- og sandlendi	Eyðimelavist	Lágt	0,5
Melar- og sandlendi	Grasmelavist	Lágt	0,7
Melar- og sandlendi	Mosamelavist	Lágt	0,9
Moslendi	Melagambrovist	Miðlungs	0,8
Moslendi	Hraungambrovist	Miðlungs	3,4
Strandlendi	Sandstrandarvist	Lágt	0,2
Votlendi	*Gulstararflóavist	Mjög hátt	0,5
Votlendi	Brokflóavist	Mjög hátt	0,1
Votlendi	*Starungsmýravist	Mjög hátt	3,2
Votlendi	*Runnamýravist á láglandi	Mjög hátt	0,0
Votlendi	*Tjarnastararflóavist	Mjög hátt	0,0
Graslendi	*Blómgresisvist	Miðlungs	0,4
Graslendi	Bugðupuntsvist	Hátt	0,0
Graslendi	*Grasengjavist	Hátt	1,3
Graslendi	*Língresis- og vingulsvist	Hátt	3,3
Graslendi	*Snarrótarvist	Hátt	2,8
Graslendi	*Stinnastararvist	Miðlungs	5,8
Mólendi	Fjalldrapamóavist	Miðlungs	0,8
Mólendi	Fléttumóavist	Miðlungs	0,3
Mólendi	*Grasmóavist	Hátt	2,6

VISTLENDI	VISTGERÐ	VERNDARGILDI	FLATARMÁL (ha)
Mólendi	*Lyngmóavist á láglendi	Hátt	1,6
Mólendi	Mosamóavist	Miðlungs	0,6
Mólendi	Flagmóavist	Miðlungs	0,1
Mólendi	Starmóavist	Miðlungs	0,0
Aðrar landgerðir	Tún og akurlendi		12,2
Ferskvatn	Ár		0,0
Aðrar landgerðir	Þéttbýli og annað manngert land		20,5
Aðrar landgerðir	Skógrækt		1,3
Aðrar landgerðir	Alaskalúpína		0,1
	Samtals:		63,9



MYND 5.3 Horft til vesturs yfir votlendi milli Varmhóla og Esjubergs, ofan Vesturlandsvegur.

5.2.3 Lýsing á umhverfisáhrifum

Vegna breikkunar Vesturlandsvegur, lagningu hliðarvega og stíga mun óhjákvæmilega verða rask á gróðri og vistgerðum á svæðinu. Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er um 64 ha að flatarmáli. Þetta er það svæði þar sem búast má við beinum áhrifum á gróður vegna jarðrasks. Gróðri á hluta svæðisins hefur nú þegar verið raskað varanlega með lagningu núverandi Vesturlandsvegur og Esjuvegur. Þá er ótalið tímabundið rask sem fylgdi lagningu þessara vega og ýmissa lagna og strengja með vegunum. Skurður hefur einnig verið grafinn með stórum hluta af veginum. Samt sem áður mun framkvæmdin hafa í för með sér staðbundin neikvæð áhrif á fremur lítið raskað land á afmörkuðum köflum, einkum nyrst á framkvæmdasvæðinu.

Gera má ráð fyrir varanlegum neikvæðum áhrifum á þann gróður sem lendir undir breikkuðum Vesturlandsvegi, hliðarvegum og stígum, alls um 27 ha landsvæði. Notkun fyllingarefnis þýðir að áhrifin eru að mestu óafturkræf. Áhrif á gróður sem þarf að raska utan þess svæðis ættu að vera tímabundin

og gróður fljótur að jafna sig, enda yfirleitt um að ræða grösug þurrlandi. Þó má gera ráð fyrir að ummerki um rask geti verið lengur að hverfa nyrst á svæðinu, þar sem vegurinn fer um mos- og mólendi. Haugsetning er talin hafa lítil áhrif á gróður þar sem hún er áformuð á efnistökusvæðum þar sem gróðri hefur þegar verið raskað með efnistöku.

Framkvæmdin hefur einnig áhrif á trjágróður sem hefur verið plantað í skjólbelti meðfram hluta vegkaflans, m.a. til að draga úr vindi. Á um eins kílómeters kafla milli afleggjara að Skriðu og Esjubergi er skjólbelti ofan Vesturlandsvegar sem kemur til með að raskast. Framkvæmdin raskar einnig trjágróðri ofan vegar við Vallá á um 350 m kafla. Þá má gera ráð fyrir lítills háttar raski á trjágróðri í norðanverðu Grundarhverfi við stígagerð. Ef gróðursetja þarf ný tré er ljóst að þau verða mörg ár að ná sambærilegri hæð og núverandi tré.

Framkvæmdin hefur engin áhrif á votlendi yfir 2 ha sem nýtur verndar. Samkvæmt vistgerðagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands raskast tæplega 4 ha af votlendi, sem jafnframt eru einu vistgerðirnar á svæðinu með mjög hátt verndargildi. Umrætt votlendi samanstendur af litlum blettum sem eru dreifðir um svæðið. Í ljósi þess að vegurinn liggur um mikið framræst land og skurður liggur beggja vegna vegar á löngum köflum má telja líklegt að vistgerðagögnin ofmeti votlendi á framkvæmdasvæðinu og raunverulegt rask á votlendi og vistgerðum með mjög hátt verndargildi því minna en gögnin benda til.

Engar sjaldgæfar plöntutegundir eru skráðar innan áhrifasvæðisins. Hins vegar má gera ráð fyrir að framkvæmdin geti haft lítilsháttar staðbundin neikvæð áhrif á bakkagróður sem nýtur verndar á þverunarstað við Blikdalsá.

5.2.4 Mótægisaðgerðir

Ef óhjákvæmilegt reynist að raska skjólbelti milli Skriðu og Esjubergs verður skjólbeltið flutt út fyrir rasksvæðið, eða nýtt skjólbelti gróðursett til að draga úr sviptivindum. Einnig vinnur Vegagerðin að heildarúttekt á þörf fyrir skjólbelti á vegkaflanum til að auka umferðaröryggi vegfarenda. Að öðru leyti eru ekki fyrirhugaðar sérstakar mótægisaðgerðir vegna gróðurs en leitast verður við að lágmarka áhrifin með því að endurnýta svarðlag og notast við staðargróður við frágang raskaðra svæða. Jafnframt verður leitast við að haga framkvæmdum við þverun Blikdalsár þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi árinna sbr. 62. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

5.2.5 Vægi áhrifa og niðurstaða

Með hliðsjón af ofanrituðu er það niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdin hafi nokkuð neikvæð áhrif á gróður og vistlendi, sbr. skilgreiningu á vægiseinkunnum í kafla 4.2.

5.3 Fuglalíf

5.3.1 Aðferðafræði

5.3.1.1 Hvaða framkvæmdaþættir munu valda áhrifum?

Jarðrask í tengslum við vega- og stígagerð getur haft áhrif á fuglalíf. Umferð um vegi fylgir einnig árekstrarhætta fyrir fugla.

5.3.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Í matinu er horft til framkvæmdasvæðisins og næsta nágrennis þess.

5.3.1.3 Markmið

Samkvæmt fyrirbyggjandi matsáætlun [5] er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hver eru hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á búsvæði fugla?
- Hver eru hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á áflugshættu fugla?
- Hvaða fuglategundir eru á svæðinu?
- Hver eru hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lykil- og ábyrgðartegundir fugla á áhrifasvæðinu?
- Hver eru hugsanlega áhrif framkvæmdarinnar á fugla á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands?
- Hver eru hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á mikilvægt fuglasvæði við Hofsvík?

5.3.1.4 Viðmið

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf eru eftirfarandi:

- Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir fugla.
- Náttúruverndaráætlun.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
- Áhrif á vistgerðir og búsvæði. Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020 segir að viðhalda beri fjölbreytileika tegunda.
- Reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda.
- Bernarsáttmálinn um vernd villtra dýra, plantna og vistgerða í Evrópu.
- Ramsarsamningurinn um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.
- Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55 um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi.

5.3.1.5 Gögn og rannsóknir

Mat á áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf er byggt á framkvæmdalýsingu og fyrirbyggjandi gögnum, s.s., vistgerðagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og gögnum um mikilvæg fuglasvæði samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands.

5.3.2 Grunnástand

Almennt má segja að framkvæmdasvæðið og næsta nágrenni þess sé mikið mótað af mannavöldum, enda fylgir það vegum um land sem að mestu flokkast undir tún og akurlendi [29]. Í ræktuðu landi má gera ráð fyrir að finna álfhir, gæsir, endur, vaðfugla og spörfugla [30]. Líklega nýta flestir fuglar túnin til fæðuöflunar en gera má ráð fyrir að hrossagaukur og stelkur verpi í órækt meðfram vegum og túnum og þrestir í skurðum og runnum. Þá gætu einhverjar endur verpt í óræktinni meðfram skurðum.

Á kafla liggur Vesturlandsvegur nærri Hofsvík. Víkin er hluti af stærra svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Umrætt svæði gengur undir nafninu Kjalarnes og nær yfir um 800 ha af strönd og grunnsævi milli Kollafjarðar og Hvalfjarðar. Mikið fuglalíf er þar árið um kring og ná straumendur alþjóðlegum verndarviðmiðum (194 fuglar) [9]. Æðarfuglar eru einnig áberandi á sjónum og á skerjum sitja oft dílaskarfar og toppskarfar. Þá er mikið um máfa, s.s. svartbak, hvítmáf og sílamáf. Í fjörum verpa t.d. tjaldur og sandlóa [31]. Samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar Íslands [32] teljast svartbakur og hvítmáfur í hættu (EN) og æðarfugl í nokkurri hættu (VU).

5.3.3 Lýsing á umhverfisáhrifum

Ef framkvæmdir fara fram á varptíma geta fuglar orðið fyrir truflun vegna umferðar manna og tækja um varplönd þeirra á framkvæmdatíma. Þannig geta fuglar t.d. fælst af hreiðrum, fjölskyldur tvístrast og afrán aukist sem getur komið niður á ungaframleiðslu það árið. Ekki er talið að þessi áhrif vegi þungt. Framkvæmdin hefur einnig áhrif á búsvæði fugla. Einkum er um að ræða tímabundið rask en gera má ráð fyrir varanlegu búsvæðatapi á landi sem fer undir vegi og stíga. Þessi áhrif eru lítil og staðbundin. Engar líkur eru taldar á því að búsvæðatap hafi áhrif á stofnstærðir fugla á svæðinu.

Gera má ráð fyrir að helstu áhrif framkvæmdarinnar á fugla tengist árekstrum við bíla. Almennt eru taldar meiri líkur á að fuglar verði fyrir bílum þar sem mikil umferð er um mikilvæg búsvæði þeirra. Á þetta sérstaklega við þar sem vegir liggja um þétt fuglavörp, s.s. krúvörp, eða nálægt votlendi eða fjörum [33]. Breikkaður Vesturlandsvegur kemur til með að liggja í nágrenni mikilvægs fuglasvæðis við Hofsvík á um 1 km kafla. Áningarstaður við víkina kemur ekki til með að hafa í för með sér beint rask í fjörunni (sjá kafla 3.2.9). Umrætt fuglasvæði nær yfir rúmlega 20 km af ströndinni á Kjalarnesi. Vegurinn liggur því í nágrenni við lítinn hluta svæðisins. Þá gengur framkvæmdin út á að breikka núverandi Vesturlandsveg og hliðarvegir fylgja að mestu eldri vegum. Þar af leiðandi ættu áhrif vegna árekstra við bíla að mestu að vera þegar komin fram við Hofsvík, sem og á öðrum vegköflum. Þó má gera ráð fyrir að áhættan geti aukist lítilliga við Vesturlandsveg þar sem fjölgun akreina stækkar hættusvæðið. Eins og áður segir er það einkum straumönd sem gefur mikilvæga fuglasvæðinu við Kjalarnes gildi en hún er þekkt fyrir að fljúga sjaldan yfir land [34]. Framkvæmdin er því talin hafa lítil áhrif á verndargildi mikilvæga fuglasvæðisins á Kjalarnesi. Áhrif á mögulegar valista- og ábyrgðartegundir fugla á svæðinu ættu einnig að vera lítil þar sem gera má ráð fyrir að þau séu að mestu þegar komin fram.

5.3.4 Mótvægisaðgerðir

Engar sérstakar mótvægisaðgerðir eru fyrirhugaðar vegna fuglalífs.

5.3.5 Vægi áhrifa og niðurstaða

Með hliðsjón af ofanrituðu er það niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdin hafi óverulega neikvæð áhrif á fuglalíf, sbr. skilgreiningu á vægiseinkunnum í kafla 4.2.

5.4 Landslag og ásýnd

5.4.1 Aðferðafræði

5.4.1.1 Hvaða framkvæmdaþættir munu valda áhrifum?

Jarðrask og mannvirki, bæði vegir og stígar, valda áhrifum á landslag og ásýnd lands.

5.4.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Áhrifasvæði framkvæmdar á landslag og ásýnd er almennt það svæði þaðan sem framkvæmdin mun sjást frá. Þar með eru talin byggð, aðliggjandi landbúnaðar- og útivistarsvæði og umferðaleiðir.

5.4.1.3 Markmið

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun [5] er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Frá hvaða svæðum, stöðum og leiðum mun framkvæmdasvæðið sjást og hversu mikið?
- Hverjir eru það sem helst munu sjá fyrirhugað framkvæmdasvæði?
- Hvert er gildi landslagsins?
- Hvaða áhrif hefur framkvæmdin á gildi landslags?

5.4.1.4 Viðmið

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd lands eru eftirfarandi:

- Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, er landslags getið strax í 1. grein um markmið laganna þar sem segir m.a.: „Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.“. Landslag er í lögnum skilgreint sem: „Svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta.“ Í 3. gr. laganna eru sett fram verndarmarkmið, m.a. fyrir landslag. Þar segir að varðveita skuli: „landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.“ Í lögnum eru heimildir um að friðlýsa megi svæði til að viðhalda fjölbreyttu eða óvenjulegu landslagi og jafnframt sett sérstök vernd á tiltekin vistkerfi og jarðminjar sem forðast beri að

raska nema brýna nauðsyn beri til. Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skuli þess jafnframt gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

- Í skipulagslögum nr. 123/2010 eru eftirfarandi markmið sett fram um landslagsvernd: „*Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi*“.
- Í stefnumörkun sem gefin var út af umhverfisráðuneytinu árið 2002 og gildir til 2020, Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, er litið á það sem forgangsmál að vernda landslag og sérstæð fyrirbæri sem eru óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, t.d. hraun, móbergsfjöll, fossa og hverasvæði.
- Í náttúruminjaskrá eru talin upp þau svæði sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og svæði sem talin er ástæða til að friðlýsa vegna sérstæðs landslags.
- Hverfisvernd í aðalskipulagi þar sem tilgreind eru m.a. svæði sem þykja verndarverð m.a. sökum náttúrufars, sögulegs gildis eða útivistarmöguleika.

5.4.1.5 Gögn og rannsóknir

Mat á áhrifum framkvæmdar á landslag og ásýnd byggir á framkvæmdalýsingu og fyrirbyggjandi gögnum um svæðið. Meðal annars er stuðst við veghönnunargögn og útgefin gögn um sögu, landslag, landform, vistgerðir og gróðurfar.

Gildi landslags og ásýndar er metið út frá fjölbreytileika landslags og upplifun af svæðinu sem einni heild og formlegu verndargildi vegna friðlýsinga eða annars konar verndar á landslagi samkvæmt náttúruverndalögum, skipulagi eða útgefinni stefnu stjórnvalda. Matið er að hluta til tvíþætt, annars vegar er um að ræða bein áhrif vegna framkvæmda á landslag og hins vegar er fjallað um sjónræn áhrif framkvæmda á aðliggjandi svæði. Á þann hátt eru áhrifin á landslag metin sem þær beinu breytingar sem verða á landslagi en ásýnd metur þau áhrif sem breyting framkvæmdasvæðis hefur á upplifun og ásýnd þeirra sem verða fyrir áhrifum vegna framkvæmda.

Verkfræðistofan Verkís útbjó þrívíddarmyndir úr líkani. Myndirnar eru unnar í forritinu Infraworks og byggja á bæði fyrirbyggjandi grunnögnum, s.s. landlíkani, loftmynd og kortagrunni, ásamt hönnunargögnum. Myndirnar sýna fullkláraða framkvæmd samkvæmt framkvæmdalýsingu. Staðsetningar líkanmynda eru valdar með það að markmiði að geta nýst til að fjalla um áhrif á landslag og ásýnd framkvæmdarinnar. Líkanmyndir má finna í viðauka G.

5.4.2 Grunnástand

Sá kafli núverandi Vesturlandsvegur sem hér er til skoðunar er um 10 m breiður tveggja akreina vegur með vegöxlum. Vegurinn hefur verið á núverandi stað um árabíl og liggur lágt í landinu (mynd 5.4 til mynd 5.6). Gróður vex nánast að veginum. Vegurinn liggur á fremur flötu landi undir bröttum hlíðum Esju. Víðsýnt er til annarra átta. Vegurinn liggur um landbúnaðarland með gróskumiklum gróðri. Skjólbelti er ofan vegar milli Varmhóla og Esjubergs. Tré hafa einnig verið gróðursett við Grundarhverfið. Það sem einkennir ásýnd og landslag svæðisins hvað helst eru landbúnaðaráhrifin, Vesturlandsvegur og nálægðin við Esjuna, sjóinn og Grundarhverfi. Hofsvík er á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða og er jafnframt hluti af mikilvægu fuglasvæði sem umlykur

Kjalarnes. Við Hofsvík er einnig að finna áningarstað sem er m.a. nýttur af þeim sem fara í Kollafjörð í kajak. Gönguleið liggur upp á Kerhólakamb á Esju rétt frá bænum Esjuberg. Útivistarfólk hefur einnig gengið inn Blikdal frá Vesturlandsvegi.



MYND 5.4 Séð til norðvesturs yfir núverandi Vesturlandsveg frá afleggjara að Enni.



MYND 5.5 Séð til norðurs yfir Hofsvík og núverandi Vesturlandsveg frá kjúklingabúi við Saltvík.



MYND 5.6 Séð til norðurs yfir núverandi Vesturlandsveg frá svölum á Klébergsskóla í Grundarhverfi.

5.4.3 Lýsing á umhverfisáhrifum

Breikkaður Vesturlandsvegur kemur til með að fylgja núverandi vegi. Heildarbreidd nýs vegar eftir framkvæmd verður frá 22 m til 29 m, samanborið við um 10 m í dag. Þá verða um 3-10 m á milli akbrauta. Veginum fylgja þrjú ný hringtorg auk þess sem lagðir verða hliðarvegir og hjóla-, göngu- og reiðstígar (sjá mynd 3.1 til mynd 3.3).

Áætlað er að um 27 ha lands fari undir vegi og stíga. Alls er framkvæmdasvæðið um 64 ha en innan þess er núverandi Vesturlandsvegur og hliðarvegir. Framkvæmdin hefur því í för með sér mikið staðbundið rask á grónu landi, aðallega landbúnaðarlandi. Landslag sem raskast hefur ekki hátt gildi þar sem um er að ræða fremur einsleitt landbúnaðarland sem þegar hefur verið raskað með vegagerð eða staðsett er í mikilli nálægð við núverandi veg. Á mynd 5.7 til mynd 5.11 má sjá líkanmyndir af Vesturlandsvegi fyrir og eftir breikkun hans. Fleiri og stærri myndir má sjá í viðauka G.

Þeir sem helst munu sjá framkvæmdina eru vegfarendur sem leið eiga um Vesturlandsveg, íbúar á svæðinu og útivistarfólk. Almennt liggur vegurinn í nokkurri fjarlægð frá bæjum og vinsælum ferðamannastöðum, s.s. gönguleið á Esju frá Mógilsá, ef undan er skilið Grundarhverfið. Trjágróður sem plantað hefur verið á milli íbúðarbyggðarinnar og Vesturlandsvegur dregur úr sjónrænum áhrifum af veginum. Sama gildir um hljóðmanir (sjá kafla 5.6.4). Áætluð lega nýs Vesturlandsvegur er um 1 m yfir núverandi landi. Sökum þess að vegurinn liggur fremur lágt í landinu verður hann einna helst sýnilegur frá hærri stöðum eins og verið hefur.


Þar sem nýr vegur liggur um framræst votlendi þarf að fergja vegstæðið, mismikið eftir jarðvegsþykkt (Mynd 3.10). Gera má ráð fyrir að slíkar fergingar verði sýnilegar í eitt ár. Á framkvæmdatíma má einnig gera ráð fyrir að jarðrask verði sýnilegt á framkvæmdasvæðinu en gróður verður fljótur að jafna sig þegar gengið hefur verið frá svæðinu þar sem megingerð lands er graslendi. Að framkvæmdum loknum má því gera ráð fyrir að sjónræn áhrif verði að mestu bundin við umfangsmeiri vegi og stíga næst veginum og frá hærri sjónarhornum (sjá mynd 5.7 til mynd 5.11).

Heilt yfir eru áhrifin talin nokkuð umfangsmikil með tilliti til umfangs svæðisins og fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Í því samhengi ber þó að hafa í huga að flestir sem sjá veginn eru vegfarendur sem aka eftir veginum. Áhrifin eru staðbundin og að mestu afturkræf ef vegurinn er fjarlægður.

Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á svæði sem njóta verndar vegna landslags eða ásýndar og mun ekki hafa neikvæð áhrif á landslag sem getið er um í markmiðum náttúruverndarlaga og skipulagslaga, sbr. viðmið í kafla 5.4.1.4.




MYND 5.7 Horft til norðurs eftir Vesturlandsvegi. Sjónarhorn staðsett um 150 m yfir landi við bæinn Hvamm. Grundarhverfi sést nyrst á myndinni. Mynd: Verkís.




MYND 5.8 Horft til suðausturs eftir Vesturlandsvegi. Sjónarhorn staðsett um 100 m yfir landi við Saltvík 3. Mynd: Verkís.



MYND 5.9 Horft til norðurs eftir Vesturlandsvegi. Sjónarhorn staðsett um 50 m yfir landi rétt sunnan við áningarstað við Hofsvík. Mynd: Verkís.



MYND 5.10 Horft til norðausturs eftir Vesturlandsvegi. Sjónarhorn staðsett á svölum Klébergsskóla. Mynd: Verkís.



MYND 5.11 Horft til suðurs eftir Vesturlandsvegi. Sjónarhorn staðsett við útskot norðan Blikdalsár. Mynd: Verkís.

5.4.4 Mótvægisaðgerðir

Engar sérstakar mótvægisaðgerðir eru fyrirhugaðar vegna landslags og ásýndar aðrar en þær sem fjallað hefur verið um í kafla 5.2.4 um gróður og vistlendi.

5.4.5 Vægi áhrifa og niðurstaða

Með hliðsjón af ofanrituðu er það niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdin hafi nokkuð neikvæð áhrif á landslag og ásýnd, sbr. skilgreiningu á vægiseinkunnum í kafla 4.2.

5.5 Menningarminjar

5.5.1 Aðferðafræði

5.5.1.1 Hvaða framkvæmdaþættir munu valda áhrifum?

Áhrif framkvæmdarinnar á menningarminjar afmarkast fyrst og fremst af beinu raski vegna framkvæmda við vega- og stígagerð.

5.5.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Fornleifakönnun var unnin samkvæmt deiliskipulagsgögnum. Úttektarsvæðið náði 50 m frá ystu brún vegna og stíga. Úttektarsvæðið var almennt 200 – 300 m breitt.

5.5.1.3 Markmið

Samkvæmt fyrirbyggjandi matsáætlun [5] er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- a. Eru þekktar menningarminjar á áhrifasvæði framkvæmdar?
- b. Stafar menningarminjum hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum?

5.5.1.4 Viðmið

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar eru eftirfarandi:

- Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar sem eru eldri en 100 ára. Þeim má enginn: „[...] spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“ (21. gr.). Verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifa eða komast hjá raski á þeim vegna framkvæmda þarf leyfi Minjastofnunar að liggja fyrir. Jafnframt þarf framkvæmdaraðili að hlíta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram.

5.5.1.5 Gögn og rannsóknir

Anna Lía Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir unnu fyrir hönd Borgarsögusafns Reykjavíkur minjaskráningu við Vesturlandsveg árið 2018. Markmið skráningarinnar var að gera grein fyrir menningarminjum svæðisins vegna deiliskipulagsvinnu. Fornleifaskýrsluna má finna í viðauka C. Þar er tekið fyrir svæði frá Leirvogsa að Hvalfirði og var úttektarsvæðið almennt um 200 – 300 m breitt. Skráningin var unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Skráningin byggir á fyrirbyggjandi heimildum og vettvangsferð um svæðið. Sjáanlegum minjum var lýst og þær voru mældar upp og ljósmyndaðar. Einnig var lagt mat á aldur minja, ástand þeirra og hvort minjarnar væru í hættu vegna framkvæmda. Minjar sem ekki fundust á yfirborði voru skráðar sem heimild. Nánari lýsingu á aðferðafræði má finna í skýrslu sérfræðinga [10].

5.5.2 Grunnástand

Sú framkvæmd sem hér er til skoðunar nær eingöngu yfir hluta þess svæðis sem kannað var m.t.t. fornleifa, þ.e. svæðið á milli Hvalfjarðar og Varmhóla. Á þessum kafla voru skráðar alls 64 minjar, þar af teljast 29 til fornleifa, en það eru minjar sem eru 100 ára eða eldri [10]. Þrettán af 29 skráðum fornleifum eru að hluta eða alveg horfnar. Engar friðlýstar minjar eru innan framkvæmdasvæðisins.


Minjar voru skráðar á sex jörðum, þ.e. Móum, Sjávarhólum, Vallá, Arnarholti, Ártúni og Saurbæ. Einkum er um að ræða búsetu- og herminjar (Tafla 5-2). Legu minja má sjá á mynd 5.12 til mynd 5.20.

Sérfræðingar benda á Sjávarhóla, Arnarhamarsrétt og Ártún sem minjastaði sem þeir telja vert að huga sérstaklega að í tengslum við framkvæmdirnar. Við Sjávarhóla eru útihús (nr. 1896-56) eini sjáanlegi minjastaðurinn en einnig eru heimildir um garðrækt (nr. 1896-50) og útihús (nr. 1896-54) sem gætu komið í ljós við jarðrask (Mynd 5.12). Þá telja sérfræðingar Arnarhamarsrétt vera fallett mannvirki sem ætti að njóta meiri virðingar (Mynd 5.13). Heimild er um að réttin hafi verið notuð sem hrossarétt árið 1898. Loks benda sérfræðingar á Ártún sem einstaka minjaheild og einn af fáum bæjarhólum í Reykjavík þar sem húsaskipan gömlu húsanna er þekkt og sýnileg (Mynd 5.14). Þar er að finna bæði búsetuminjar og herminjar. Núverandi Vesturlandsvegur liggur þvert í gegnum tún bæjarins og því er þröngt um minjar á staðnum [10].


Í sérfræðiskýrslu er einnig talin ástæða til að fjalla um minjar við Dalsmynni en þar er að finna helstu herminjar á Kjalarnesi. Minjarnar eru frá 1940 og því ekki um eiginlegar fornleifar að ræða. Um 400 m norðvestur af Dalsmynni eru tvær hringlaga steiptar undirstöður fyrir stórar loftvarnarbyssur sem notaðar voru til að verja Hvalfjörðinn. Austan við bæinn voru herbúðirnar „Camp Saurbær“. Þar eru ummerki eftir um 20 íbúðarbragga sem eru hluti af minjaheild sem tilheyrir þessu tímabili. Sérfræðingar telja æskilegt að hlífa þessum minjum ef hægt er [10].



MYND 5.12 Minjar við Sjávarhóla. Mynd úr sérfræðiskýrslu [10]. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar.



MYND 5.13 Arnarhamarsrétt. Mynd úr sérfræðiskýrslu [10].



MYND 5.14 Minjar í Ártúni. Mynd úr sérfræðiskýrslu [10]. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar.


5.5.3 Lýsing á umhverfisáhrifum

Að óbreyttu kemur framkvæmdin til með að raska sjö af 29 fornleifum sem fundust á svæðinu að hluta eða í heild (Tafla 5-2). Um er að ræða þrjár leiðir (1896-55, 1896-61 og 1896-90), túngarð (1896-65), tún (1896-101), hesthús (1896-97) og vað (1896-121). Ekki reyndist unnt að staðsetja þrjár af þessum fornleifum (1896-90, 1896-97 og 1896-101) í vettvangsathugun þar sem ummerki um þær voru horfin [10]. Á mynd 5.19 má sjá að rúmlega 80 m túngarðs (1896-65) og vað (1896-121) við Ártún lenda undir

framkvæmdasvæðinu. Á mynd 5.17 má sjá hvar leið (1896-55) við Sjávarhóla kemur til með að raskast á tæplega 20 m kafla. Á mynd 5.18 má síðan sjá hvar leið (1896-61) Arnarholt raskast á um 40 m kafla.

Framkvæmdin liggur einnig um 15 m friðhelgunarsvæði sex annarra fornleifa. Þar er um að ræða bústað (1896-69), tún (1896-95) og traðir (1896-96) við Ártún, Arnarhamarsrétt (1896-57) og tvö útihús við Sjávarhóla (1896-54 og 1896-56). Með mótvægisáðgerðum, s.s. framkvæmdaefirliti og merkingum, ætti að vera unnt að komast hjá því að raska þessum fornleifum.

Framkvæmdin hefur einnig áhrif á 11 aðrar minjar sem teljast ekki til fornleifa þar sem þær eru yngri en 100 ára. Með hliðrun framkvæmdasvæðisins má komast hjá því að raska fjórum bröggum (1896-13, 1896-15, 1896-18 og 1896-19). Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða má því gera ráð fyrir að framkvæmdin raski sjö minjum að hluta eða í heild sem ekki teljast til fornleifa. Þar er um að ræða einn bragga (1896-21) og sex slóðir eða vegi (1896-63, 1896-66, 1896-88, 1896-91, 1896-92 og 1896-123).




MYND 5.15 Yfirlit yfir skráðar minjar í fornleifakönnun vegna breikkunar Vesturlandsvegur. Stærri kort má sjá í viðauka D.




MYND 5.16 Staðsetning minja við Móa m.t.t. fyrirhugaðs rasksvæðis vegna breikkunar Vesturlandsvegur. Á kortinu er x=1896. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar. Stærra kort má sjá í viðauka D.



MYND 5.17 Staðsetning minja við Sjávarhóla og Vallá m.t.t. fyrirhugaðs rasksvæðis vegna breikkunar Vesturlandsvegur. Á kortinu er x=1896. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar. Stærra kort má sjá í viðauka D.



MYND 5.18 Staðsetning minja við Arnarholt m.t.t. fyrirhugaðs rasksvæðis vegna breikkunar Vesturlandsvegur. Á kortinu er x=1896. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar. Stærra kort má sjá í viðauka D.



MYND 5.19 Staðsetning minja við Ártún m.t.t. fyrirhugaðs rasksvæðis vegna breikkunar Vesturlandsvegur. Á kortinu er x=1896. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar. Stærra kort má sjá í viðauka D.



MYND 5.20 Staðsetning minja við Saurbæ m.t.t. fyrirhugaðs rasksvæðis vegna breikkunar Vesturlandsvegur. Á kortinu er $x=1896$. Tafla 5-2 geymir frekari upplýsingar um minjarnar. Stærra kort má sjá í viðauka D.

TAFLA 5-2 Skráðar minjar í fornleifakönnun vegna breikkunar Vesturlandsvegur ásamt hættumati fornleifafræðings, fjarlægð að rasksvæði og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum. Minjar innan rasksvæðis (0 m fjarlægð í töflu) spillast að hluta eða öllu leyti án mótvægisáðgerða. Legu minja m.t.t. rasksvæðis má sjá á mynd 5.15 til mynd 5.20.

NÚMER	JÖRÐ	HLUTVERK	ALDUR	FJARLÆGD Í RASKSVÆÐI (m)	HÆTTUMAT	MÓTVÆGISÁÐGERÐ
1896-3	Saurbær	Braggi	1940	9	Mikil	Vernda, girða af
1896-4	Saurbær	Braggi	1940	25	Mikil	Vernda, girða af
1896-5	Saurbær	Braggi	1940	2	Mikil	Vernda, girða af
1896-6	Saurbær	Braggi	1940	12	Mikil	Vernda, girða af
1896-7	Saurbær	Braggi	1940	38	Mikil	Vernda, girða af
1896-8	Saurbær	Braggi	1940	9	Mikil	Vernda, girða af
1896-9	Saurbær	Braggi	1940	36	Mikil	Vernda, girða af
1896-10	Saurbær	Braggi	1940	14	Mikil	Vernda, girða af
1896-11	Saurbær	Braggi	1940	16	Mikil	Vernda, girða af
1896-12	Saurbær	Braggi	1940	1	Mikil	Vernda, girða af
1896-13	Saurbær	Braggi	1940	0	Mikil	Vernda, hliðra framkvæmdum, girða af
1896-14	Saurbær	Braggi	1940	11	Mikil	Vernda, girða af
1896-15	Saurbær	Braggi	1940	0	Mikil	Vernda, hliðra framkvæmdum, girða af
1896-16	Saurbær	Braggi	1940	10	Mikil	Vernda, girða af
1896-17	Saurbær	Braggi	1940	18	Mikil	Vernda, girða af
1896-18	Saurbær	Braggi	1940	0	Mikil	Vernda, hliðra framkvæmdum, girða af
1896-19	Saurbær	Braggi	1940	0	Mikil	Vernda, hliðra framkvæmdum, girða af
1896-20	Saurbær	Braggi	1940	27	Mikil	Vernda, girða af
1896-21	Saurbær	Braggi	1940	0	Mikil	

NÚMER	JÖRD	HLUTVERK	ALDUR	FJARLÆGD Í RASKSVÆÐI (m)	HÆTTUMAT	MÓTVÆGISAÐGERÐ
1896-22	Saurbær	Herminjar	1940	16	Mikil	Vernda, girða af
1896-50	Sjávarhólar	Garðrækt	1900-1950	22	Mikil	Framkvæmdaefirlit
1896-52	Sjávarhólar	Bústaður	1850-1923	37	Mikil	Framkvæmdaefirlit
1896-53	Sjávarhólar	Útihús	1900	41	Mikil	Framkvæmdaefirlit
1896-54	Sjávarhólar	Útihús	1900	7	Mikil	Framkvæmdaefirlit
1896-55	Sjávarhólar	Leið	1900	0	Mikil	Framkvæmdaefirlit
1896-56	Sjávarhólar	Útihús	1900	0,5	Mikil	Vernda, girða af
1896-57	Arnarholt	Rétt	1898	4	Mikil	Vernda, girða af
1896-58	Arnarholt	Stekkur	1850-1920	88	Mikil	
1896-59	Arnarholt	Stekkur	1850-1920	52	Mikil	Vernda, girða af
1896-60	Arnarholt	Mógröf	1900-1950	35	Lítill	
1896-61	Arnarholt	Leið	1900-1927	0	Mikil	Vernda það sem hægt er, girða af
1896-63	Ártún	Heimreið	1927-1979	0	Mikil	
1896-64	Ártún	Útihús	1850-1955	18	Mikil	Vernda, girða af
1896-65	Ártún	Túngarður	1850-1955	0	Mikil	Fornleifarannsókn
1896-66	Ártún	Vegur	1940	0	Mikil	Framkvæmdaefirlit
1896-67	Saurbær	Herminjar	1940	5	Mikil	Vernda, girða af
1896-68	Ártún	Herminjar	1940	8	Mikil	
1896-69	Ártún	Bústaður	1570-1956	4	Mikil	Vernda, girða af/rannsaka
1896-70	Ártún	Traðir	1900-1955	25	Mikil	
1896-71	Ártún	Garður	1900-1955	31	Mikil	Vernda, girða af
1896-73	Ártún	Útihús	1850-1915	33	Mikil	Vernda, girða af
1896-74	Ártún	Fjánhús	1900-1955	41	Mikil	Vernda, girða af
1896-78	Ártún	Byssustæði	1940	55	Lítill	
1896-83	Ártún	Herminjar	1940	18	Lítill	Framkvæmdaefirlit
1896-84	Ártún	Herminjar	1940	52	Lítill	
1896-88	Móar	Leið	1950-1970	0	Mikil	
1896-89	Móar	Útihús	1850	37	Mikil	Vernda, girða af
1896-90	Ártún	Slóð	1900-1940	0	Engin	
1896-91	Ártún	Slóð	1930-1955	0	Engin	
1896-92	Ártún	Vegur	1927-1974	0	Mikil	
1896-93	Ártún	Brú	1946-1979	34	Mikil	
1896-94	Ártún	Brúsapallur	1930-1955	16	Engin	
1896-95	Ártún	Tún	1930-1955	9	Mikil	
1896-96	Ártún	Traðir	1900-1955	9	Engin	
1896-97	Ártún	Hesthús	1900-1955	0	Engin	
1896-98	Ártún	Tún	1930-1955	45	Mikil	
1896-99	Ártún	Slóð	1930-1955	41	Engin	
1896-100	Ártún	Tún	1930-1955	19	Mikil	
1896-101	Ártún	Tún	1930-1955	0	Engin	
1896-103	Ártún	Brú	1927-1946	48	Engin	
1896-119	Móar	Tröð	1900	38	Engin	
1896-120	Vallá	Rafstöð	1930-1952	55	Mikil	
1896-121	Ártún	Vað	1900-1950	0	Mikil	
1896-123	Vallá	Vegur	1927	0	Mikil	

5.5.4 Mótvægisáðgerðir

Áhrifum framkvæmdar á minjar verður haldið í lágmarki með eftirfarandi áðgerðum:

- Sérstökum mótvægisáðgerðum fyrir einstakar minjar (Tafla 5-2).

- Hönnun hliðarvega er í forhönnun. Ef hliðra þarf rasksvæði á síðari stigum verður horft til mögulegra áhrifa á minjar í samráði við Minjastofnun.
- Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar.
- Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur nema með leyfi Minjastofnunar og settum skilmálum hennar.
- Til skoðunar er að færa reiðveg upp að Esjurótum í stað þess að leggja hann með hliðarvegum (sjá kafla 3.2.7). Fari svo yrði það gert að undangenginni fornleifakönnun.

5.5.5 Vægi áhrifa og niðurstaða

Með hliðsjón af ofanrituðu er það niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdin hafi nokkuð neikvæð áhrif á menningarminjar á svæðinu, sbr. skilgreiningu á vægiseinkunnum í kafla 4.2.

5.6 Hljóðvist

5.6.1 Aðferðafræði

5.6.1.1 Hvaða framkvæmdaþættir munu valda áhrifum?

Samhliða aukinni umferð um svæðið og stækkun vegsvæðis má búast við auknum hávaða. Einnig má gera ráð fyrir tímabundnum hávaða á framkvæmdatíma vegna veglagningar, jarðvinnu og efnisflutninga.

5.6.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Í þessu umhverfismati er til umfjöllunar um 9 km kafla Vesturlandsvegur frá Varmhólum (þar sem fyrirhugað er að Sundabraut tengist Vesturlandsvegi) að vegamótum Vesturlandsvegur og Hvalfjarðarvegur. Áhrif á hljóðvist eru könnuð á umræddum vegkafla ásamt hliðarvegum.

5.6.1.3 Markmið

Samkvæmt fyrirbyggjandi matsáætlun [5] er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- a. Hver verða áhrif umferðar á hljóðvist?
- b. Hver verða áhrif framkvæmda á hljóðvist?

5.6.1.4 Viðmið

Viðmiðunargildi vegna umferðar ökutækja samkvæmt reglugerð um hávaða er 55 dB við húshlið fyrir utan opnanlega glugga á íbúðarhúsnæði. Viðmiðunargildi um hávaða innanhúss er 30 dB. Viðmiðunargildin „innanhúss“ miðast við lokaðan glugga en opnar loftrásir.

Viðmiðunargildin „við húsvegg“ gilda fyrir utan opnanlega glugga og eru frísviðsgildi, þ.e. annað hvort mæld beint án áhrifa frá endurkastandi flötum, eða mæligildi við húshlið leiðrétt m.t.t. áhrifa frá

endurkastandi flötum. Í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða er að finna viðmiðunarmörk fyrir hljóðstig við hönnun samgöngumannvirkja. Í reglugerðinni kemur m.a. fram að; „Við breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er, sem leitt getur til aukins hávaða, skal grípa til mótvægisáðgerða til þess að koma í veg fyrir að hljóðstig hækki”.

Við mat á áhrifum hávaða á framkvæmdatímanum eru ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um tímamörk framkvæmda lögð til grundvallar, sbr. tafla IV í viðauka reglugerðarinnar. Við allar framkvæmdir, svo sem gröft og gatnagerð, skal gæta þess sérstaklega að sem minnst ónæði verði af völdum hávaða.

5.6.1.5 Gögn og rannsóknir

EFLA verkfræðistofa reiknaði breytingu á hljóðstigi vegna breikkunar á Vesturlandsvegi. Hljóðstig var reiknað samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Við hljóðreikninga var notað hávaðareikniforritið SoundPLAN og hljóðstigið reiknað samkvæmt samnorænu reiknilíkani í samræmi við kröfur reglugerðar. Helstu umferðarforsendur sem hafa áhrif á hljóðstig skv. staðlinum eru eftirfarandi: meðalhraði umferðar, hlutfall þungrar umferðar og meðalsólarhringsumferð. Minnsta skynjanlega breyting sem eyrað nemur á hljóðstigi er um 1 dB. Gerð er grein fyrir helstu umferðarforsendum á hávaðakortum í viðauka F. Reiknað er frísviðsgildi sem punktgildi fyrir hvert hús og er það gildið sem miða skal við í reglugerð. Frísviðsgildi tákna hljóðstig þar sem ekki er tekið tillit til endurkasts hljóðbylgna frá því mannvirki sem hljóðið er mælt við. Punktgildið er reiknað í gluggahæð, hér sett sem 2 m hæð yfir gólfplötum húsanna. Einnig er reiknað hljóðstig fyrir svæðið í heild og niðurstöðurnar sýndar á hávaðakortum í viðauka F. Þá má sjá litakvarða sem sýnir dreifingu hávaða í 2 m hæð yfir jörð og gefur það góða mynd af hljóðstigi umhverfis húsinn. Er það reiknað án endurkasts frá byggingunum.

Í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er Grundahverfi á Kjalarnesi skilgreint sem íbúðarhverfi, en einnig eru stök íbúðarhús víða við vegkaflann.

Hús og núverandi vegur eru staðsett miðað við fyrirbyggjandi grunna og hæðarlínur af núverandi landi. Nýtt hæðarlíkan var notað fyrir 2+1 veg og hringtorg, skv. forhönnun þeirra.

Umferðarhraði miðast við hámarkshraða á hverjum vegkafla fyrir sig og ekki er tekið tillit til minni hraða eða breytilegrar hröðunar við vegamót. Umferðarforsendur miðast við spá um framtíðarumferð fyrir árið 2040. Reiknað er með að hámarkshraði verði 90 km/klst. á öllum vegkaflanum eftir breytingu, einnig á þeim kafla þar sem hámarkshraði er 70 km/klst. í dag. Hlutfall þungra ökutækja er áætlað um 10 % á Vesturlandsvegi. Hávaðakort fyrir allt framkvæmdasvæðið má finna í viðauka F.


TAFLA 5-3 Umferðarmagn og hraði á Vesturlandsvegi.

Götukaflar	Hraði ökutækja [km/klst]	Umferð 2016 [ÁDU]	Áætluð umferð 2040 [ÁDU]
Vesturlandsvegur frá Hvalfjarðarvegi að Brautarholtsvegi	90	7.100	11.000
Vesturlandsvegur frá Brautarholtsvegi að Vallá	70 (2016) / 90 (2040)	8.300	13.100
Vesturlandsvegur frá Vallá að Norðurgrafarvegi	90	8.300	13.100

Umferð á nýjum hliðarvegum er mismunandi eftir vegum og er skv. umferðarforsendum 50-200 bílar árið 2016 eða þegar vegur opnar en fyrir árið 2040 er umferðin metin um 75 – 300 bílar. Í útreikningum er gert ráð fyrir umferðarhraðinn sé um 50 km/klst á hliðarvegum.

5.6.2 Grunnástand

Til að meta áhrif vegna hávaða frá væntanlegri umferð um breikkaðan Vesturlandsveg var grunnástandið fyrst metið. Hljóðstigið var reiknað við þau hús sem standa næst Vesturlandsvegi miðað við núverandi umferð og umferðarhraða. Hávaðakort var útbúið af Grundarhverfi, með litakvarða sem sýnir dreifingu hávaða sem dynlínur í 2 m hæð, sjá mynd 5.32 og hávaðakort í viðauka F. Fyrir önnur íbúðarhús sem liggja nálægt veginum á vegkaflanum voru reiknuð frísviðs punktgildi sem sýna hámarksgildi við húshlið. Fríðsviðs punktgildi við íbúðarhús má sjá á kortum í viðhengi og er það gildi sem miðað er við í reglugerð. Punktgildið er reiknað í gluggahæð, hér sett sem 2 m hæð yfir gólfplötum húsanna. Miðað við núverandi umferðarmagn og hraða reiknast hljóðstig við öll íbúðarhús á deiliskipulagssvæðinu innan viðmiðunarmarka hávaðareglugerðar.



MYND 5.21 Hljóðstig á svæðinu frá Brautarholtsvegi og að Esjuvegi miðað við núverandi gatnakerfi og umferð árið 2016. Stærra kort má sjá í viðauka F.

5.6.3 Lýsing á umhverfisáhrifum


Framtíðarumferð 2040 (ÁDU) á tvöföldum vegi.

Áhrif á hljóðvist eru metin út frá legu Vesturlandsvegur og hliðarvega eftir breikkun og áætluðu umferðarmagni og hraða fyrir árið 2040. Þegar framtíðarumferð (áætlað umferðarmagn og hraði fyrir árið 2040) er skoðuð kemur í ljós að hljóðstig á 1. hæð reiknast yfir viðmiðunarmörkunum við 10 hús og á 2. hæð við 4 hús til viðbótar (tafla 5.3). Hljóðstigið hækkar um 2-6 dB og verður á bilinu 55 – 61 dB við húshliðar húsa sem standa næst vegi. Í töflu 5.3 má sjá yfirlit yfir þau hús sem hafa hámarkshljóðstig við húshlið sem reiknast yfir L_{Aeq} 55 dB. Heimilisföng og tegundir húsnæðis eru samkvæmt skráningu af vef fasteignaskrár.

Breikkun vegarins mun aðallega hafa áhrif til hækunar norðan/ofan vegar og umhverfis gatnamót, sjá mynd 5.22. Breyting á hljóðstigi er bæði vegna aukins umferðarmagns og vegna hækunar umferðarhraða á hluta vegkaflans. Breytingin er á bilinu 5-6 dB við hús þar sem umferðarhraði verður aukinn og á bilinu 2-3 dB við önnur hús. Áhrifin eru því talin neikvæð og þörf á að skoða mótvægisáðgerðir.

TAFLA 5-4 Hús með hljóðstig við húshliðar yfir $L_{Aeq} = 55$ dB eftir framkvæmdir miðað við umferð árið 2016 og áætlaða umferð árið 2040.

HEIMILISFANG	TEGUND HÚSNÆÐIS	UMFERÐ 2016		UMFERÐ 2040	
		L_{Aeq} [DB] 1. hæð	L_{Aeq} [DB] 2. hæð	L_{Aeq} [DB] 1. hæð	L_{Aeq} [DB] 2. hæð
Esjugrund 5	Íbúðarhús	56		58	
Esjugrund 7	Íbúðarhús	56		57	
Esjugrund 9	Íbúðarhús	57		59	
Esjugrund 10	Íbúðarhús	54	59	56	61
Esjugrund 11	Íbúðarhús	55		57	
Esjugrund 12/12a	Íbúðarhús	52	58	53	59
Esjugrund 14/14a	Íbúðarhús	52	58	54	59
Esjugrund 16/16a	Íbúðarhús	52	56	53	57
Kollagrund 2	Grunnskóli	56		57	
Litla-Vallá	Íbúðarhús	59		60	
Ljárdalur	Íbúðarhús	56	56	57	58
Móar	Íbúðarhús	53	54	55	56
Vallá	Íbúðarhús	55		56	
Vallá spilda	Íbúðarhús	57		59	



MYND 5.22 Hljóðstig í Grundahverfi miðað framtíðarumferð (ÁDU 2040) á Vesturlandsvegi. Hljóðstig L_{Aeq} dB í 2 m hæð yfir jörð, Grundarhverfi á Kjalarnesi. Hávaðakort fyrir allt framkvæmdasvæðið eru í viðauka F.

Útivistarsvæði. Vegurinn milli Varmhóla og vegamóta Vesturlandsvegur og Hvalfjarðarvegur fer í gegnum óbyggt svæði sem er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Ekki gilda sérstök viðmið um umferðarhávaða á útivistarsvæðum, nema þau séu skilgreind sem kyrrlát svæði í skipulagi og skal þá miða við L_{den} 40 dB(A) í dreifbýli. Þó má miða við að æskilegt sé að hljóðstig sé almennt undir L_{Aeq} 55

dB á útvistarsvæðum sem samsvarar viðmiðum á dvalarsvæðum á lóðum íbúðarhúsa. Á útvistarsvæðinu sem vegurinn liggur um reiknast hljóðstigið yfir 55 dB næst vegi. Eftir breikkun má vænta þess að hljóðstigið verði undir 55 dB í 100 – 150 m fjarlægð frá hönnunarlínu miðað við umferð 2016 en í um 150-200 miðað við umferð árið 2040. Landslag er breytilegt við veginn og því er þessi fjarlægð eitthvað breytileg eftir afstöðu vegar til nánasta umhverfis.

Áhrif hraða. Með bættum vegi má gera ráð fyrir að vegfarendur freistist til að aka hraðar þó hámarkshraði verði áfram 90 km/klst. Breyting á hraða hefur áhrif á hljóðgjöf og hljóðútbreiðslu. Samkvæmt fræðunum mun 10 km/klst. hraðaaukningu frá 90 km/klst. í 100 km/klst. hækka hljóðstig um 0,7 dB. Slík breyting hefur mest áhrif á svæði næst vegi og gert er ráð fyrir að þungir bílar keyri ekki hraðar en 90 km/klst. Þar sem fleiri þættir hafa áhrif á útbreiðslu hávaða mun slík breyting hafa minni áhrif fjær vegi. Einnig mun yfirborð lands hafa áhrif á hljóðstigbreytinguna, svo sem hvort um hart eða mjúkt yfirborð er að ræða.

Framkvæmdatími

Á framkvæmdatíma geta íbúar orðið fyrir ónæði vegna framkvæmdahávaða, s.s. vegna jarðvinnu og vinnuvélaumferðar. Samkvæmt reglugerð um hávaða eru tímamörk fyrir háværar framkvæmdir í nágrenni við íbúðasvæði á milli kl. 07:00 og 21:00 á virkum dögum og á milli kl. 10:00 og 19:00 um helgar og á almennum frídögum. Ónæði vegna framkvæmda verður bundið við ofangreind tímamörk. Jafnframt má gera ráð fyrir að ónæðið verði bæði staðbundið og tímabundið eftir því hvar er verið að vinna á vegkaflanum.


5.6.4 Mótægisaðgerðir

Ljóst er að með tilkomu breikkunar Vesturlandsvegar og breytingu á legu hans á nokkrum köflum breytist hljóðvist í umhverfinu. Hljóðstig mun hækka mest þar sem umferðarhraði verður hækkaður og þar sem koma nýir hliðarvegir. Hljóðstig mun hækka mest um tæp 6 dB við húshlið í Grundarhverfi við breikkun Vesturlandsvegar miðað við núverandi hljóðstig og gatnakerfi. Eftir framkvæmdir verður hljóðstig yfir viðmiðunarmörkum á 1. hæð við 7 hús og 2. hæð við 4 hús miðað við umferð árið 2016, ef ekki verður gripið til mótægisaðgerða. Til samanburðar hækkar hljóðstig umfram viðmiðunarmörk á 1. hæð við 10 hús og á 2. hæð við 4 hús miðað við áætlaða framtíðarumferð árið 2040.

Koma má í veg fyrir að hljóðstig verði hærra en viðmiðunarmörkin 55 dB með mótægisaðgerðum. Almennt er ekki hægt að verja efri hæðir húsa nema að litlu leyti með hljóðvörnum við veg á þeim svæðum þar sem hljóðstig hækkar, vegna legu lands. Við þau hús þarf að beita byggingartæknilegum lausnum til að hljóðstig innandyra uppfylli viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða. Með byggingartæknilegum lausnum er átt við að bæta hljóðeinangrun úthliðar, þ.e. glugga, veggja og þaks eftir því sem við á.

Þörf er á mótægisaðgerðum við byggð á áhrifasvæði Vesturlandsvegar. Þar sem hljóðstig hefur hækkað við framkvæmdina og reiknast yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða vegna breikkunar Vesturlandsvegar hafa verið lagðar til hljóðvarnir til að lækka hljóðstigið. Lagðar verða til hljóðvarnir, til að ná hljóðstigi niður í 55 dB á 1. hæð á þessu svæði m.v. áætlaða framtíðarumferð (árið 2040). Mótægisaðgerðirnar fela í sér hækkan á núverandi hljóðmönnum og gerð nýrra hljóðmana eða veggja. Endanleg hönnun hljóðvarna fer fram á seinni stigum hönnunar.

Hér er gert ráð fyrir endurbótum og hækkun á jarðvegsmönnum við Esjugrund í Grundarhverfi upp í um 2,8 m – 3,5 m. Jafnframt þarf að byggja nýjar manir við Klébergsskóla um 2,5 m til 3,0 m háar manir. Ásamt nýjum 1,8 m háum (yfir vegi) hljóðvegg við Vallá.



MYND 5.23 Hljóðvist fyrir framfarumferð 2040 með hljóðvörnum við Grundarhverfi.

Við bæinn Ljárdal hækkar hljóðstigið um 2 dB. Með tilkomu 2,5 m hárra hljóðvarna samsíða Vesturlandsvegi á um 200 m kafla reiknast hljóðstigið undir viðmiðunarmörkunum 55 dB á 1. hæð fyrir framfarumferð. Sjá hljóðkort V-203 í viðauka F.

Tímamörkum reglugerðar um hávaða verður fylgt á framkvæmdatíma til að lágmarka ónæði vegna hávaða.

Vegagerðin mun hafa samband við landeigendur á fyrri hluta kynningartímabils frummatsskýrslu og hvetja þá til að kynna sér skýrsluna og fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir.

5.6.5 Vægi áhrifa og niðurstaða

Með tilvísan til vægiseinkunna í kafla 4.2. eru áhrif á hljóðvist að framkvæmdum loknum talin óveruleg á svæðinu frá Varmhólum og að gatnamótum Vesturlandsvegur og Hvalfjarðarvegur þegar reiknað er með mótvægisáðgerðum. Hins vegar má gera ráð fyrir að íbúar næst veginum geti orðið fyrir ónæði á framkvæmdatíma.

5.7 Umferðaröryggi

5.7.1 Aðferðafræði

5.7.1.1 Hvaða framkvæmdaþættir munu valda áhrifum?

Framkvæmdin er drifin áfram af kröfu um aukið umferðaröryggi og því munu flestir ef ekki allir framkvæmdaþættir hafa áhrif á umferðaröryggi beint eða óbeint, það eru t.d. breikkun Vesturlandsvegur og aðskildar akstursstefnur, ný hringtorg og færri vegamót, hliðarvegir og undirgöng.

5.7.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Í þessu umhverfismati er til umfjöllunar um 9 km kafla Vesturlandsvegur frá Varmhólum (þar sem fyrirhugað er að Sundabraut tengist Vesturlandsvegi) að vegamótum Vesturlandsvegur og Hvalfjarðarvegur. Á umræddum kafla eru tæplega 30 vegamót, tengingar og þveranir. Áhrif á umferðaröryggi eru könnuð á umræddum vegkafla ásamt hliðarvegum. Ekki eru könnuð umferðaráhrif utan framkvæmdasvæðis.

5.7.1.3 Markmið

Samkvæmt fyrirbyggjandi matsáætlun [5] er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hver verða áhrif framkvæmdarinnar á umferðaröryggi?
- Þarf að gera sérstakar ráðstafanir á framkvæmdatíma vegna umferðaröryggis?
- Hver verða samfélags áhrif af bættu umferðaröryggi?

5.7.1.4 Viðmið

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á umferðaröryggi eru eftirfarandi:

- Samgönguáætlun 2019 – 2033, grein 2.1. um greiðar samgöngur og 2.2 um öruggar samgöngur.
- Stefna Vegagerðarinnar í umferðaröryggismálum: „Vegagerðin hefur ákveðið að fylgja eftir mótaðri stefnu í umferðaröryggismálum sem miði að öruggri umferð á þjóðvegum landsins fyrir alla vegfarendur. Við stefnumótun sína tekur Vegagerðin mið af því að Ísland verði áfram í hópi hinna allra bestu þjóða að því er tekur til umferðaröryggis. Vegagerðin mun vinna að því bæði ein og í samvinnu við aðra að þau markmið náist sem Alþingi ákveður hverju sinni“.
- Meginmarkmið umferðaröryggisáætlunar til ársins 2022 eru eftirfarandi: „Að fjöldi látinna í umferðinni á hverja 100 þúsund íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum árið 2022. Að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra minnki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2022 (miðað við tímabilið 2006-2010).“ Sett hafa verið fram ellefu undirmarkmið.

5.7.1.5 Gögn og rannsóknir


Við matið er stuðst við fyrirbyggjandi gögn. Þar ber helst að nefna greiningu á umferð og umferðaröryggi Vesturlandsvegur sem unnin var af EFLU verkfræðistofu samhliða deiliskipulagsvinnu. Mat á núverandi umferðaröryggi er unnið úr gögnum um umferðaróhöpp og umferð 2010-2017 en einnig er fjallað um

alvarleg slys frá árinu 2018. Til hliðsjónar er skoðað hvaða áhrif breikkun Suðurlandsvegur hafði á umferðaröryggi. Upplýsingar fengust frá Vegagerðinni (nema annað sé tekið fram).

5.7.2 Grunnástand

Breikkun Vesturlandsvegur nær til 9 km kafla Vesturlandsvegur frá Varmhólum að vegamótum Vesturlandsvegur og Hvalfjarðarvegur. Á umræddum kafla eru tæplega 30 vegamót, tengingar og þveranir auk þess sem umferðin er öll á 1+1 vegi og akstursstefnur eru ekki aðskildar. Að meðaltali fara rúmlega 9 þúsund ökutæki um vegkaflann á degi hverjum en yfir sumartímann er fjöldinn að meðaltali 12 þúsund ökutæki á degi hverjum. Þegar umferð er orðin þetta mikil aukast líkur á að slys verði alvarlegri þar sem meiri líkur eru á því að ökutæki sé að koma úr gagnstæðri átt ef ökumenn fara yfir á öfugan vegarhelming (t.d. við útafakstur til vinstri og framúrakstur).

Á mynd 5.24 má sjá yfirlit um fjölda umferðaróhappa á Vesturlandsvegi á milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegur tímabilið 2010-2017 og umferðarmagn á vegkaflanum (eknir þús. km á ári). Fjöldi óhappa er breytilegur milli ára og urðu áberandi flest umferðaróhöpp árið 2016. Umferð á vegkaflanum jókst á tímabilinu og fóru flest ökutæki um vegkaflann árið 2017. Árið 2018 var árdagsumferð um 7.900 ökutæki nyrst við Hvalfjarðarveg og um 9.500 ökutæki syðst við Varmhóla [35].




MYND 5.24 Umferðaróhöpp á Vesturlandsvegi milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegur árin 2010-2017.

Umferðaróhöpp eru flokkuð eftir alvarleika; bani, mikil meiðsli, lítil meiðsli og engin meiðsli. Rúmlega 70% allra óhappa teljast sem óhöpp með engum meiðslum eða eignartjóni og rúm 23% óhappanna voru slys með litlum meiðslum. Þrjú alvarleg umferðarslys urðu á vegkaflanum á skoðunartímabilinu, eða um 0,4 slys á ári, þar sem mikil meiðsl hlutust. Að meðaltali urðu 9,6 umferðaróhöpp á hverju ári á vegkaflanum frá Varmhólum að Hvalfjarðarvegi á skoðunartímabilinu, þar af 2,6 umferðarslys með

meiðslum. Ekkert banaslys var á skoðunartímabilinu en tvö banaslys urðu á vegkaflanum árið 2018. Bæði banaslysin voru með þeim hætti að bílar úr gagnstæðum áttum skullu saman.

Mynd 5.25 sýnir skiptingu óhappa eftir því með hvaða hætti þau urðu og eru óhöppin flokkuð eftir alvarleika þeirra og gerð. Algengustu umferðaróhöpp á veginum eru vegna útafaksturs (40%)⁵, aksturs á vegbúnað (28%) og aftanákeyrslna (21%).



MYND 5.25 Hlutfallsleg samsetning umferðaróhappa og meðalfjöldi umferðaróhappa á ári eftir alvarleika á Vesturlandsvegi milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegur tímabilið 2010-2017.

Óhappa- og slysatíðni á Vesturlandsvegi milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegur er lægri en að jafnaði á hringveginum (Tafla 5-5). Líkleg skýring á því er sú að umferð um veginn er orðin það mikil að ökumenn veigra sér við að taka fram úr við þessar aðstæður. Eins og áður segir eru þó líkur á að slys verði alvarlegri við aukna umferð. Innan þessara greininga eru ekki slys árið 2018, þar á meðal tvö banaslys.

TAFLA 5-5 Óhappa- og slysatíðni (fjöldi slysa á hverja milljón ekna km) á Vesturlandsvegi milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegur samanborið við aðra þjóðvegi tímabilið 2010-2017. Unnið úr gögnum Vegagerðarinnar.

HEITI	VEGKAFLI	ÓHAPPA-TÍÐNI	SLYSATÍÐNI	TÍÐNI BANASLYSA OG SLYSA MEÐ MEIRIHÁTTAR MEIÐSLUM
Vesturlandsvegur; Varmhólar – Hvalfjarðarvegur*	1-f5*, 1-f6	0,44	0,12	0,02
Vesturlandsvegur; Þingvallavegur - Hvalfjarðarvegur	1-f5, 1-f6	0,53	0,13	0,02
Allir þjóðvegir í dreifbýli		0,87	0,25	0,05
Hringvegurinn		0,80	0,21	0,05
Biskupstungnabraut – Þorlákshafnarvegur	1-d6	0,39	0,12	0,01
Þorlákshafnarvegur - Þrengslavegur	1-d8	0,74	0,22	0,04
Hvalfjarðarvegur – Borgarnes	1-g3, 1-g4	0,63	0,16	0,02
Snæfellsnesvegur – Hvítárvallavegur	1-g8	0,61	0,15	0,02

⁵ Þar af 28% útafakstur til hægri og 12% til vinstri.

HEITI	VEGKAFLI	ÓHAPPA-TÍÐNI	SLYSATÍÐNI	TÍÐNI BANASLYSA OG SLYSA MEÐ MEIRIHÁTTAR MEIÐSLUM
Dagverðareyrarvegur - Akureyri	1-p6	0,76	0,27	0,07


*Greining á slysatíðni á vegkafla 1-f5 byrjar við gatnamót við Varmhóla

5.7.3 Lýsing á umhverfisáhrifum

Áhrif framkvæmdarinnar á umferðaröryggi eru margþætt:

- Aðskildar akstursstefnur: Við það að aðskilja akstursstefnur dregur verulega úr líkum á því að ökutæki sem koma úr gagnstæðri átt skelli saman. Slík slys eru næst algengasta tegund alvarlegra slysa og banaslysa á Íslandi [12] og því er til mikils að vinna.
- Tvær akreinar í sömu átt: Með því að hafa tvær akreinar í sömu átt er öryggi við framúrakstur aukið til muna, ekki er hætt á að bíll úr gagnstæðri átt komi á móti. Hægari umferð safnar auk þess ekki langri bílaröð á eftir sér.
- Hringtorg: Með því að hafa hringtorg í stað hefðbundinna vegamóta má búast við því að öryggi vegfarenda aukist umtalsvert. Umferðarslys hverfa ekki með hringtorgum en sökum þess að umferðarhraði er mun lægri en á kross-/T-vegumótum eru alvarleg umferðarslys mjög fátíð. Eignatjónum gæti hins vegar fjölgað.
- Fækkun vegtenginga: Að undanskildum hringtorgunum þremur verða engar vegtengingar inn á Vesturlandsveg á kaflanum sem verður breikkaður. Í dag þurfa ökutæki sem beygja til vinstri af Vesturlandsvegi að þvera akreinina fyrir gagnstæða umferð. Ef mikil umferð er á móti þurfa þessir sömu bílar að stoppa á veginum með tilheyrandi slyshættu á meðan þeir bíða færir. Ökutæki sem beygja til vinstri inn á Vesturlandsveg þurfa einnig að þvera akrein fyrir umferð úr gagnstæðri átt. Engar aðreinar eru fyrir ökutæki sem beygja inn á Vesturlandsveg og því þurfa þau að aka í veg fyrir aðra umferð og auka hraðann hratt til að ná umferðarhraða. Öll þessi tilvik hverfa með því að hafa engar vegtengingar aðrar en hringtorgin.
- Hliðarvegir: Samhliða Vesturlandsvegi verða nýir hliðarvegir sem er ætlað að taka við allri umferð innan sveitarinnar ásamt umferð gangandi, hjólandi og ríðandi. Búist er við því að á þessum vegum verði lítil og róleg umferð. Eykur þetta öryggi heimamanna til muna sem þurfa ekki að fara á Vesturlandsveg, þar sem umferðarþungi og -hraði er mikill, til að komast stuttar vegalengdir. Sömuleiðis eykst öryggi á Vesturlandsvegi við það að hægari innansveitarumferð og landbúnaðartæki hverfa af veginum. Einnig eykst umferðaröryggi á Vesturlandsvegi þegar hjólandi og gangandi fara ekki lengur þar um. Eykur það öryggi hjólreiðafólks og gangandi sem og ökutækja sem í dag þurfa að fara yfir á öfugan vegarhelming til að sveigja fram hjá gangandi og hjólandi.
- Undirgöng: Alls verða fimm undirgögn á vegkaflanum og þar af eru fjögur þeirra fyrir ríðandi og gangandi umferð. Líkt og búið er að lýsa hér að ofan er mikið öryggi fólgið í því að þurfa ekki að þvera Vesturlandsveg. Þetta eykur öryggi heimamanna á svæðinu, sem sleppa að mestu leyti við þá hröðu og þungu umferð sem er á Vesturlandsvegi, sem og öryggi vegfarenda á Vesturlandsvegi sjálfum. Það er öllum í hag að hestar og önnur landbúnaðarumferð fari af Vesturlandsvegi.

Sambærileg framkvæmd hefur áður átt sér stað hér á landi en Suðurlandsvegur var breikkaður í 2+1 veg frá Fossvöllum í Lögbergsbrekku ofan við Lækjarbotna og alveg austur að Hveragerði. Sú tvöföldun var gerð í áföngum og aðstæður eru um margt öðruvísi en á Kjalarnesi, t.d. hefur veðráttu mikil áhrif á Hellisheiði sem er fjallvegur. Engu að síður er áhugavert að líta til þess hvaða árangri í umferðaröryggi þessi tvöföldun skilaði. Fyrri áfanga að Draugahlíðum lauk vorið 2012 og tvöföldun alla leið austur að Hveragerði lauk haustið 2015. Á mynd 5.26 má sjá yfirlit yfir slys og umferð á Suðurlandsvegi þar sem hann hefur verið tvöfaldaður á árunum 2000 – 2018.



MYND 5.26 Slys og umferð á Suðurlandsvegi 2000 – 2018. Ekki eru sýnd óhöpp þar sem engin meiðsl urðu á fólki. Grafið sýnir fjölda óhappa þar sem slys verða á fólki, ekki fjölda einstaklinga sem slasast. Sem dæmi er árekstur þar sem fjórir einstaklingar slasast, og þar af tveir alvarlega, talinn sem eitt óhapp með miklum meiðslum.

Líkt og sjá má þá jókst umferð mikið á Suðurlandsvegi á tímabilinu 2000 – 2018 og svo gott sem tvöfaldaðist. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu hefur óhöppum þar sem fólk slasast fækkað eftir árið 2007 þar sem fjöldi slysa var mestur á þessu tímabili. Frá árinu 2000 og þar til tvöföldun hófst urðu 11 banaslys en þrjú banaslys urðu 2013 – 2015. Fjöldi atvika með miklum meiðslum stendur nokkurn veginn í stað en hafa ber í huga að umferð hefur aukist mikið og slysatíðni þar með lækkað umtalsvert. Fjöldi óhappa með slysum og umferðartölur fylgdust nánast alveg að til ársins 2015 en þá var lokið við að tvöfalda alla leið austur að Hveragerði. Eftir það tóku umferðartölur mikinn kipp og jókst umferðin mjög mikið á skömmum tíma. Slysum tók hins vegar að fækka.

Þó það sé ekki hægt að heimfæra aðstæður á Suðurlandsvegi á Vesturlandsveg gefur árangurinn sem þar hefur náðst ákveðna hugmynd um það aukna umferðaröryggi sem fylgir tvíbreiðum vegum og aðskildum akstursstefnum.

5.7.3.1 Umferð á framkvæmdatíma

Á framkvæmdatíma er gert ráð fyrir því að nýr vegur verði byggður upp til hliðar við núverandi veg og því verður umferð að mestu óhindruð á núverandi Vesturlandsvegi. Staðbundnar hjáleiðir þarf þó að gera þar sem unnið verður að hringtorgum og undirgöngum. Vegagerðin hefur mikla reynslu í vegaf framkvæmdum og nauðsynlegum aðgerðum þeim tengdum. Nýlegt dæmi er breikkun Suðurlandsvegur í 2+1 austan Hveragerðis sem lauk haustið 2019. Á vef Vegagerðarinnar má finna ítarlegar upplýsingar um vinnusvæðamerkingar og frágang á vinnusvæðum og mun Vegagerðin sjá til þess að verktaki fari eftir þeim kröfum í hvívetna. Á vef Vegagerðarinnar segir m.a.:

„Í reglugerð nr. 492/2009 um merkingu vinnusvæða og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg er m.a. kveðið á um að Vegagerðinni sé falið að skrifa nánari reglur um kröfur, útfærslu og framkvæmd vinnusvæðamerkinga. Í reglunum eru strangar kröfur um þekkingu og réttindi þeirra sem koma að þessum málum hvort sem um er að ræða verkkaupa, verktaka, hönnuði, eftirlitsmenn o.fl. sem koma að framkvæmdum sem þessum. Allir sem koma að þessum málum fyrir Vegagerðina s.s. verktakar, hönnuðir, eftirlitsmenn o.fl. sem tengjast verkefnum á hennar á þessu sviði þurfa að sækja námskeið og staðist próf um vinnusvæðamerkingar eins og gerðar eru kröfur um í umræddum reglum.“

5.7.4 Mótvægisaðgerðir

Áhrif framkvæmdarinnar á umferðaröryggi eru jákvæð og því metur framkvæmdaraðili að ekki sé þörf á mótvægisaðgerðum.

5.7.5 Vægi áhrifa og niðurstaða

Með hliðsjón af ofanrituðu er það niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdin hafi verulega jákvæð áhrif á umferðaröryggi, sbr. skilgreiningu á vægiseinkunum í kafla 4.2.

6 SAMRÁÐ OG KYNNING

Samhliða deiliskipulagsgerð voru áform um breikkun Vesturlandsvegur kynnt venju samkvæmt. Landeigendum hefur einnig verið sent kynningarbréf með upplýsingum um fyrirhugaða framkvæmd og leiðbeiningum um hvernig þeir gátu komið athugasemdum á framfæri við framkvæmdaraðila. Þá hefur framkvæmdin verið kynnt fyrir almenningi og hagsmunaaðilum í tengslum við umhverfismatsferlið. Nánari upplýsingar um samráð og kynningu í matsferlinu má sjá hér að neðan.

6.1 Drög að tillögu að matsáætlun

Almenningi, hagsmunaaðilum og lögbundnum umsagnaraðilum gafst tækifæri til að kynna sér framkvæmdina og koma með athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun áður en þeim var skilað inn til Skipulagsstofnunar til formlegrar umfjöllunar. Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum var tveggja vikna frestur gefinn til að skila inn athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun. Drög að tillögu að matsáætlun voru kynnt almenningi og hagsmunaaðilum frá 5. – 19. september 2019. Drögin voru auglýst í Fréttablaðinu og þann 5. september 2019. Auk þess var birt frétt á vef Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is) og Reykjavíkurborgar (www.reykjavik.is) um að drögin væru aðgengileg á heimasíðu EFLU (www.efla.is). Athugasemdir bárust frá tveimur aðilum. Athugasemdir voru yfirfarnar og auglýst drög endurskoðuð með hliðsjón af þeim. Athugasemdirnar og viðbrögð Vegagerðarinnar við þeim má sjá í viðauka D með tillögu að matsáætlun fyrir framkvæmdina.

6.2 Tillaga að matsáætlun

Í framhaldi af kynningu draga að tillögu að matsáætlun var hún send Skipulagsstofnun til efnislegrar meðferðar. Skipulagsstofnun leitaði umsagna hjá Reykjavíkurborg, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnun. Umsagnarfrestur var til 30. október 2019. Tillagan var auglýst og gerð aðgengileg á vefsíðu Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is). Allir höfðu rétt á að senda Skipulagsstofnun skriflegar athugasemdir við tillögu að matsáætlun innan gefins frests. Vegagerðin fór yfir allar umsagnir sem bárust og gerði Skipulagsstofnun grein fyrir afstöðu sinni til einstakra athugasemda.

6.3 Frummatsskýrsla

Frummatsskýrsla þessi hefur nú verið afhent Skipulagsstofnun til meðferðar. Þegar Skipulagsstofnun hefur metið hvort skýrslan uppfylli kröfur reglugerðarinnar um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015 og sé í samræmi við samþykktu matsáætlun getur þriðja formlega kynningarferlið farið af stað. Þá er frummatsskýrslan með niðurstöðum matsvinnunnar kynnt fyrir umsagnaraðilum og almenningi. Skipulagsstofnun auglýsir skýrsluna. Umsagnaraðilum gefst þriggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum en frestur almennings er sex vikur. Á kynningartíma verður frummatsskýrslan aðgengileg á vefsíðu Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is) sem jafnframt auglýsir nánari tímasetningu þegar hún liggur fyrir. Vegagerðin mun hafa samband við landeigendur á fyrri hluta kynningartímabils frummatsskýrslu og hvetja þá til að kynna sér skýrsluna og fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir.

7 NIÐURSTAÐA

7.1 Umhverfisáhrif

Landnotkun

Framkvæmdin mun hafa í för með sér varanleg áhrif á landnotkun þess svæðis sem fer undir breikkun Vesturlandsvegur og hliðarvegi. Áhrifin eru að mestu óafturkræf. Svæðið sem verður fyrir áhrifum er að stórum hluta innan veghelgunarsvæðis núverandi Vesturlandsvegur og hliðarvegir sem eru fyrir utan það svæði eru að miklu leyti nú þegar til staðar. Vegurinn mun liggja um opin svæði og landbúnaðarland sem er einkennandi fyrir svæðið í heild sinni. Hefðbundinn landbúnaður hefur verið á undanhaldi á Kjalarnesi og því ekki um að ræða land sem hefur mikið gildi sem landbúnaðarland. Áhrif á landnotkun eru metin óverulega neikvæð.

Gróður og vistlendi

Framkvæmdin hefur í för með sér umfangsmikið rask á gróðri sem að stóru leyti hefur þegar verið raskað með vega-, lagna- og skurðagerð, einkum tún og akurlendi. Gera má ráð fyrir varanlegum neikvæðum áhrifum á gróður sem lendir undir vegum og stígum, alls um 27 ha landsvæði. Áhrif á gróður utan þess svæðis ættu að vera tímabundin og gróður yfirleitt fljótur að jafna sig. Framkvæmdin hefur engin áhrif á votlendi eða sjaldgæfar plöntutegundir sem njóta verndar en getur haft lítilsháttar staðbundin neikvæð áhrif á bakkagróður við Blikdalsá. Við framkvæmdir verður leitast við að endurnýta svarðlag og lágmarka áhrif á bakkagróður. Ef óhjákvæmilegt reynist að raska skjólbelti milli Skriðu og Esjubergs verður skjólbeltið flutt út fyrir rasksvæðið, eða nýtt skjólbelti gróðursett til að draga úr sviptivindum. Áhrif á gróður og vistlendi eru metin nokkuð neikvæð.

Fuglalíf

Helstu áhrif framkvæmdarinnar á fugla tengjast árekstrarhættu við bíla en almennt eru taldar meiri líkur á að fuglar verði fyrir bílum þar sem mikil umferð er um mikilvæg búsvæði þeirra. Þar sem framkvæmdin gengur út á að breikka núverandi Vesturlandsveg og hliðarvegir fylgja að mestu eldri vegum ættu þessi áhrif að vera þegar komin fram en áhættan getur aukist lítillega við breikkun Vesturlandsvegur þar sem fjölgun akreina stækkar hættusvæðið. Framkvæmdin er talin hafa lítil áhrif

á verndargildi mikilvægs fuglasvæðis á Kjalarnesi og válista- og ábyrgðartegundir fugla á svæðinu. Áhrif á fuglalíf eru metin óverulega neikvæð.

Landslag og ásjón

Þeir sem helst munu sjá framkvæmdina eru vegfarendur sem leið eiga um Vesturlandsveg, íbúar á svæðinu og útivistarfólk. Almennt liggur vegurinn í nokkurri fjarlægð frá bæjum og vinsælum ferðamannastöðum. Sökum þess að vegurinn liggur fremur lágt í landinu verður hann einna helst sýnilegur frá hærri stöðum eins og verið hefur. Landslag sem raskast hefur ekki hátt gildi þar sem um er að ræða fremur einsleitt landbúnaðarland sem þegar hefur verið raskað með vegagerð eða staðsett er í mikilli nálægð við núverandi veg. Heilt yfir eru áhrif á landslag og ásjón talin nokkuð umfangsmikil með tilliti til umfangs svæðisins og fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru staðbundin og að mestu afturkræf. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á svæði sem njóta verndar vegna landslags eða ásjónar og mun ekki hafa neikvæð áhrif á landslag sem getið er um í markmiðum náttúruverndarlaga og skipulagslaga. Áhrif á landslag og ásjón eru metin nokkuð neikvæð.

Menningarminjar

Framkvæmdin hefur engin áhrif á friðlýstar minjar en kemur til með að raska sjö af 29 skráðum fornleifum. Um er að ræða þrjár leiðir, túngarð, tún, hesthús og vað. Ekki reyndist unnt að staðsetja þrjár af þessum fornleifum í vettvangsathugun þar sem ummerki um þær voru horfin. Framkvæmdasvæðið skarast einnig við 15 m friðhelgunarsvæði sex annarra fornleifa en með mótvægisáðgerðum, s.s. framkvæmdaeftirliti og merkingum, ætti að vera unnt að komast hjá því að raska þeim. Þá kemur framkvæmdin til með að raska sjö minjum sem ekki teljast til fornleifa. Áhrif á menningarminjar eru metin nokkuð neikvæð.

Hljóðvist

Breikkun vegarins mun hafa áhrif til hækkunar á hljóðstigi. Hljóðstig mun hækka mest þar sem umferðarhraði verður hækkaður og þar sem koma nýir hliðarvegir. Eftir framkvæmdir verður hljóðstig yfir viðmiðunarmörkum á 1. hæð við 7 hús og 2. hæð við 4 hús miðað við umferð árið 2016, ef ekki verður gripið til mótvægisáðgerða. Með mótvægisáðgerðum verður hins vegar unnt að ná hljóðstigi undir mörk reglugerðar um hávaða. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða eru áhrif á hljóðvist metin óverulega neikvæð að framkvæmdum loknum. Hins vegar má gera ráð fyrir að íbúar næst veginum geti orðið fyrir ónæði á framkvæmdatíma.

Umferðaröryggi

Á þeim kafla Vesturlandsvegar sem hér er til skoðunar eru tæplega 30 vegamót, tengingar og þveranir auk þess sem umferðin er öll á 1+1 vegi án aðskilnaðar akstursstefna. Að meðaltali fara rúmlega 9 þúsund ökutæki um veginn á degi hverjum. Aðskilnaður akstursstefna, fjölgun akreina í sömu átt, fækkun vegtenginga og bygging hringtorga eru allt aðgerðir sem draga úr líkum á umferðarslysum. Sama gildir um uppbyggingu hliðarvega og undirganga undir Vesturlandsveg fyrir innansveitarumferð og aðra en akandi vegfarendur. Áhrif á umferðaröryggi eru metin verulega jákvæð.

7.2 Mótvægisáðgerðir

Við undirbúning framkvæmdarinnar hefur verið leitast við að halda áhrifum á umhverfið í lágmarki. Í þeim tilgangi hafa verið settar fram mótvægisáðgerðir eða áherslur sem ætlað er að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum (Tafla 7-1).

TAFLA 7-1 Yfirlit yfir fyrirhugaðar áðgerðir sem ætlað er að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum vegna breikkunar Vesturlandsvegur.

UMHVERFISÞÁTTUR	MÓTVÆGISÁÐGERÐ
Landnotkun	Engin
Gróður og vistlendi	Ef óhjákvæmilegt reynist að raska skjólbelti milli Skriðu og Esjubergs verður skjólbeltið flutt út fyrir rasksvæðið, eða nýtt skjólbelti gróðursett til að draga úr sviptivindum. Einnig vinnur Vegagerðin að heildarúttekt á þörf fyrir skjólbelti á vegkaflanum til að auka umferðaröryggi vegfarenda.
	Leitast verður við að lágmarka áhrif á gróður með því að endurnýta svarðlag og notast við staðargróður við frágang raskaðra svæða.
	Leitast verður við að haga framkvæmdum við þverun Blikdalsár þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi árinna sbr. 62. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
Fuglalíf	Engin
Landslag og ásýnd	Sjá mótvægisáðgerðir fyrir gróður og vistlendi.
Menningarminjar	Sérstakar mótvægisáðgerðir hafa verið settar fram fyrir einstakar minjar (Tafla 5-2).
	Hönnun hliðarvega er í forhönnun. Ef hliðra þarf rasksvæði á síðari stigum verður horft til mögulegra áhrifa á minjar í samráði við Minjastofnun.
	Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar.
	Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur nema með leyfi Minjastofnunar og settum skilmálum hennar.
	Til skoðunar er að færa reiðveg upp að Esjurótum í stað þess að leggja hann með hliðarvegum (sjá kafla 3.2.7). Fari svo yrði það gert að undangenginni fornleifakönnun.
Hljóðvist	Tímamörkum reglugerðar um hávaða verður fylgt á framkvæmdatíma til að lágmarka ónæði vegna hávaða. Verði Vesturlandsvegur breikkaður skv. fyrirbyggjandi frumdrögum mun hljóðstig á svæðinu meðfram vegi hækka umfram viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða sbr. umfjöllun í kafla 5.6.3. Þörf er á mótvægisáðgerðum við byggð á áhrifasvæði Vesturlandsvegur. Þar sem hljóðstig hefur hækkað við framkvæmdina og reiknast yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða vegna breikkunar Vesturlandsvegur hafa verið lagðar til hljóðvarnir til að lækka hljóðstigið. Lagðar verða til hljóðvarnir, til að ná hljóðstigi niður í 55 dB á 1. hæð á þessu svæði m.v. áætlaða framtíðarumferð (árið 2040). Mótvægisáðgerðirnar fela í sér hækkingu á núverandi hljóðmönnum og gerð nýrra hljóðmana eða veggja. Endanleg hönnun hljóðvarna fer fram á seinni stigum hönnunar. Hér er gert ráð fyrir endurbótum og hækkingu á jarðvegsmönnum við Esjugrund í Grundarhverfi upp í um 2,8 m – 3,5 m. Jafnframt þarf að byggja nýjar manir við Klébergsskóla um 2,5 m til 3,0 m háar manir, ásamt nýjum 1,8 m háum (yfir vegi) hljóðvegg við Vallá. Við bæinn Ljárdal hækkar hljóðstigið um 2 dB. Með tilkomu 2,5 m hárra hljóðvarna samsíða Vesturlandsvegi á um 200 m kafla reiknast hljóðstigið undir viðmiðunarmörkunum 55 dB á 1. hæð fyrir framtíðarumferð. Fyrir efri hæðir er lagt til að skoðaðar verði byggingartæknilegar lausnir.
Umferðaröryggi	Engin

7.3 Vöktun

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun umhverfisþátta vegna framkvæmdarinnar. Vegagerðin mun þó áfram safna upplýsingum um umferð og umferðaróhöpp á Vesturlandsvegi, líkt og stofnunin hefur gert um árabíl.


8 HEIMILDASKRÁ

- [1] Skipulagsstofnun, „Breikkun Vesturlandsvegar um Kjalarnes, Reykjavík. Ákvörðun um matsskyldu.“ Reykjavík, 2019.
- [2] „Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000“.
- [3] „Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015“.
- [4] EFLA Verkfræðistofa, „Breikkun Vesturlandsvegar - drög að tillögu að matsáætlun,“ Reykjavík, 2019.
- [5] EFLA Verkfræðistofa, „Breikkun Vesturlandsvegar - tillaga að matsáætlun,“ Reykjavík, 2019.
- [6] Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, „Vistgerðir á Íslandi, fjölrit Náttúrufræðistofnunar,“ Náttúrufræðistofnun Íslands, Garðabær, 2016.
- [7] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Hofsvík,“ Sótt þann 2. ágúst 2019 af: <https://www.ni.is/node/21561>, Reykjavík.
- [8] Kristján Sæmundsson, Magnús Á. Sigurgeirsson, Ingibjörg Kaldal, Sigurður Garðar Kristinsson, Skúli Víkingsson og Árni Hjartarson, „Jarðfræðikort af Suðvesturlandi 1:100.000 (2. útgáfa),“ Íslenskar orkurannsóknir, Reykjavík, 2016.
- [9] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Kjalarnes,“ Sótt þann 2. ágúst 2019 af: <https://www.ni.is/node/16109>, Reykjavík.
- [10] Anna Lía Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, „Fornefaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegar frá Leirvogsa að Hvalfirði,“ Borgarsögusafn Reykjavíkur (Skýrsla nr. 189), Reykjavík, 2018.
- [11] Trausti Jónsson og Árni Sigurðsson, „Kjalarnes – stutt úttekt á vindafari,“ Veðurstofa Íslands, 2006.
- [12] Raket Tara Þórarinsdóttir, „Framanákeyrslur á Íslandi 2014 - 2018: Rannsókn á aðstæðum og alvarleika meiðsla þar sem ökutæki úr gagnstæðum áttum mætast,“ Háskóli Íslands, Reykjavík, 2019.
- [13] „Skipulagslög nr. 123/2010“.
- [14] „Þingskjal nr. 174/2018-2019. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033.“.
- [15] „Lög um samgönguáætlun nr. 33/2008.“.


- [16] Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, „Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034. Þingskjal 559 - 435. mál. Skoðað 20.01.2020 á: <https://www.althingi.is/altext/150/s/0599.html>“.
- [17] Skipulagsstofnun, Landsskipulagstefna 2015-2026 ásamt greinargerð, Reykjavík: Skipulagsstofnun, 2016.
- [18] Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, „Höfuðborgarsvæðið 2040,“ Reykjavík, 2015.
- [19] Reykjavíkurborg, „Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,“ Reykjavík, 2014.
- [20] Reykjavíkurborg, „Vesturlandsvegur frá Leirvogsa að Hvalfjarðarvegi - greinargerð, skilmálar og umhverfisskýrsla,“ Reykjavík, 2018.
- [21] „Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006“.
- [22] Vegagerðin, „Vesturlandsvegur 2+1 - kynning deiliskipulag kynnt á Kjalarnesi,“ Sótt þann 12. ágúst af 2019: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/vesturlandsvegur-2-1-kynning>.
- [23] „Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000“.
- [24] Lawrence, D.P., „Impact significance determination - Pushing the boundaries. Environmental Impact Assessment R,“ 2007.
- [25] Lawrence, D.P., „Impact significance determination – Designing an approach. Environmental Impact Assessment Review. 27:8. Bls. 730-754,“ 2007.
- [26] Boyle, J. og J.L. Barnes, „Assessing Significance in Impact Assessment of Projects. Fastips. IAIA . No. 14. Sótt á slóð: http://www.iaia.org/uploads/pdf/Fastips_14%20Significance_1.pdf,“ 2016.
- [27] Skipulagsstofnun, „Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda,“ Skipulagsstofnun, Reykjavík, 2005.
- [28] Skipulagsstofnun, Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa., Reykjavík: Skipulagsstofnun, 2005a.
- [29] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi,“ Sótt af <http://vistgerdakort.ni.is/>, 2017.
- [30] Halldór Walter Stefánsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir, „Ásókn fugla í ræktað land. Skoðað 4. desember 2019 á: https://www.rml.is/static/files/RML_jardraekt/2018/tegundir_og_varnir.pdf,“ 2018.
- [31] Snorri Sigurðsson, „Fuglaskoðun í Reykjavík. Upplýsingar og kort yfir fuglaskoðunarstaði í Reykjavík. Skoðað 5. desember 2019 á www.reykjavik.is,“ á.á..
- [32] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Válisti fugla. Skoðað 17.12.2019 á: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>“.

- [33] Menja von Schmalensee, Kristinn H. Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Páll Hersteinsson, Auður L. Arnþórsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir og Sigmar B. Hauksson, „Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur.“ Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra, 2013.
- [34] Jóhann Óli Hilmarsson, „Straumönd. Skoðað 17.12.2019 á <https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=1&id=62>“.
- [35] Vegagerðin, „Umferð og slysatíðni,“ 2019. [Á neti]. Available: <https://umferd.vegagerdin.is/>. [Skoðað 9 desember 2019].
- [36] „Reglugerð um hávaða nr. 724/2008“.
- [37] „Lög um menningarminjar nr. 80/2012“.
- [38] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Náttúruminjaskrá,“ Sótt þann 2. ágúst 2019 af: <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>, Reykjavík.

**VIÐAUKI A DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR VESTURLANDSVEGAR FRÁ
LEIRVOGSÁ AÐ HVALFJARÐARVEGI**



31.05.2018 BREYTING EFTIR AUGLÝSINGU
SKIPULAGSMÖRKUM OG STÍG BREYTT VIÐ ESJUMELA
OG REIÐLEIÐ FÆRÐ MILLI VALLÁ OG SKRAUTHÓLA



- DEILISKIPULAGSSVÆÐI
- UNDIRGÖNG
 - AKSTURSUNDIRGÖNG
 - HRINGTORG

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Umhverfisstofu skipulagsráðs þann 6. júní 2018 og í Borgarráði þann 7. júní 2018.

Tillagan var auglýst frá 28. mars 2018 með athugasemdafresti til 9. maí 2018.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðna þann 20. _____

Björn Axelsson

Sjá einnig greinargerð, skilmála og umhverfisskýrslu Vesturlandsvegur frá Leirvogsa að Hvalfjarðarvegi dags 16.03.2018. og skýrslu nr. 189 Formleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegur frá Leirvogsa að Hvalfjörð, Borgarsögusafn Reykjavíkur 2018


2 - ESJUMELAR - KOLLAFJÖRÐUR

VESTURLANDSVEGUR
ESJUMELAR - HVALFJÖRÐUR
DEILISKIPULAG - TILLAGA

KVARÐI-A1: 1:15000	TEIKN NR: 1 AF 5
DAGS: 06.03.2018	HANNAÐ: ftk/ha
FLOKKUR: 0000-reyk_A	TEIKNAD: ha/er
SKRÁ: 16194-DSK.dwg	VERKNR: 16194



VIÐAUKI B HÖNNUNARTEIKNINGAR



Móaberg/Móavík

Undirgöng / stígur

Til Reykjavíkur

Hvammur

Emri

Móar / Tindar

VTK

Saltvík

Undirgöng / stígur

Esjuvegur

Ljárdalur

Til Hvalfjarðar

Esjuberg

Árveitir

Krjúkjaland

Dýahlíð








Sörhagerði


Stekkur / Varmhólar / Skriða

Esjuberg Náma



SKÝRINGAR

VEGUR	
HLÍÐARVEGUR	
STÍGUR	
REIÐVEGUR	
REIÐVEGUR, ÚTAN SKIPULAGS	
NÚV. HLÍÐARVEGUR	
DEILISKIPULAGSMÖRK	



SKÝRINGAR

VEGUR	
HLÍÐARVEGUR	
STÍGUR	
REIÐVEGUR	
REIÐVEGUR, ÚTAN SKIPULAGS	
NÚV. HLÍÐARVEGUR	
DEILISKIPULAGSMÖRK	

**VIÐAUKI C FORNLEIFASKRÁNING VEGNA DEILISKIPULAGS
VESTURLANDSVEGAR FRÁ LEIRVOGSÁ AÐ HVALFIRÐI**

Anna Lía Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegur frá Leirvogsa að Hvalfirði



Reykjavík 2018

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 189

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegar frá Leirvogsa að Hvalfirði

Anna Lía Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Reykjavík 2018

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 189

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Lís Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsiðu: Brýrnar yfir Ártúnsá árið 1948, ljósmyndari: Geir Gunnar Geirsson Zoëga.
Þjóðminjasafn Íslands (GZ2-27-d23).

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 189

Reykjavík 2018

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Formáli	3
1 Inngangur	4
2 Almennt um verndun menningarminja	6
3 Tilgangur og aðferðafræði skráningar fornleifa	7
4 Skrá yfir fornleifar og yngri minjar	9
4.1 Fitjakot 125678-275	9
4.1.1 Fitjakot, saga, minjar og örnefni	9
4.1.2 Fornleifaskrá Fitjakots vegna breikkunar Vesturlandsvegur	11
4.2 Kollafjörður 125707-282	15
4.2.1 Kollafjörður saga, minjar og örnefni	15
4.2.2 Fornleifaskrá Kollafjarðar vegna breikkunar Vesturlandsvegur	17
4.3 Mógilsá 125733-283	17
4.3.1 Mógilsá, saga, minjar og örnefni	17
4.3.2 Fornleifaskrá Mógilsár vegna breikkunar Vesturlandsvegur	20
4.4 Esjuberg 181191-284	24
4.4.1 Esjuberg, saga, minjar og örnefni	24
4.4.2 Fornleifaskrá Esjubergs vegna breikkunar Vesturlandsvegur	26
4.5 Móar 125724-287	29
4.5.1 Móar, saga, minjar og örnefni	29
4.5.2 Fornleifaskrá Móa vegna breikkunar Vesturlandsvegur	31
4.6 Sjávarhólar 125750-289	33
4.6.1 Sjávarhólar, saga, minjar og örnefni	33
4.6.2 Fornleifaskrá Sjávarhóla vegna breikkunar Vesturlandsvegur	36
4.7 Vallá 125762-291	39
4.7.1 Vallá, saga, minjar og örnefni	39
4.7.2 Fornleifaskrá Vallár vegna breikkunar Vesturlandsvegur	41
4.8 Arnarholt 125651-304	42
4.8.1 Arnarholt, saga, minjar og örnefni	42
4.8.2 Fornleifaskrá Arnarholts vegna breikkunar Vesturlandsvegur	45
4.9 Ártún 125653-308	48
4.9.1 Ártún söguágrip	48
4.9.2 Fornleifaskrá Ártúns vegna breikkunar Vesturlandsvegur	51
4.10 Saurbær 125746-309	64
4.10.1 Saurbær, saga, minjar og örnefni	64
4.10.2 Fornleifaskrá Saurbæjar vegna breikkunar Vesturlandsvegur	68



5	Niðurstöður og varðveislumat	80
5.1	Fornleifar, innan framkvæmdarsvæðisins	81
5.2	Yngri minjar innan framkvæmdarsvæðisins.....	85
5.3	Niðurlag.....	86
6	Heimildaskrá	87

Formáli

Hér fer á eftir rannsókn og skrá yfir fornleifar og yngri minjar á deiliskipulagssvæði sem fylgir Vesturlandsvegi frá sveitafélagsmörkum við Mosfellsbæ við Leirvogsa að Hvalfirði. Fornleifaskráningin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.¹ Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar, hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð.² Jafnframt er kveðið á um að eigendum: „...húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.“³

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árábil gert fornleifaskráningar en fornleifaskráning er „[F]orsenda þess að geta verndað fornleifar og koma í veg fyrir að framkvæmdaaðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar er að hafa vitneskju um tilvist og staðsetningu fornleifanna“.⁴ Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskönnun en minjar geta einnig leynst undir yfirborði. Þegar fornleifaskráning er unnin fyrir hefðbundið deiliskipulag eru gerðar auknar kröfur „um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdarsvæðum“.⁵

Mars 2018,
María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur

¹ Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

² Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012, 1. kafli, 3. gr. og 7. kafli, 29. gr.


³ Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012, 7. kafli, 30. gr.

⁴ Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa. Sótt 22. mars 2018.

⁵ Skráningarstaðlar fornleifa, bls. 2. Minjastofnun Íslands 2013. Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa → Skráningarstaðlar. Sótt 22. mars 2018.

1 Inngangur

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur utan um skráningu fornleifa í Reykjavík. Í þessari skýrslu er greint frá fornleifum og yngri minjum á úttekarsvæði sem nær yfir deiliskipulagssvæði og áætlað framkvæmdarsvæði við breikkun á Vesturlandsvegi frá sveitarfélagsmörkum við Leirvogsa að Hvalfirði. Deiliskipulag Vesturlandsvegur liggur um land 18 jarða: Fitjakots, Álfsness, Kollafjarðar, Mógilsár, Esjubergs, Móa, Saltvíkur, Sjávarhóla, Skrauthóla, Vallár, Jörfa, Hofs, Króks, Lykju, Arnarholts, Bakka, Ártúns og Saurbæjar. Fornleifar og yngri minjar voru skráðar undir 10 jarðir en engar minjar fundust á 8 jörðum: Álfsnesi, Saltvík, Skrauthólum, Jörfa, Hofi, Króki, Lykkju og Bakka. Alls voru skráðir 87 minjastaðir innan úttekarsvæðisins sem nær 50 m frá ystu brún fyrirhugaðs Vesturlandsvegur 2+1, hliðavega eða annarra stíga.⁶ Úttekarsvæðið var allmennt frá 200 – 300 m breitt.



Mynd 1. Úttekarsvæði menningarminja er afmarkað með rauðri línu.⁷

⁶ Vesturlandsvegur, Skipulags- og matslýsing vegna nýs deiliskipulags, Sjá vef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://reykjavik.is/> → Þjónusta → Skipulag → Skipulag í kynningu → Leit: Vesturlandsvegur. Sótt 29.9.2017.

⁷ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 29.9. 2017. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísu Guðmundsdóttir.

Í þessari skýrslu er **ekki greint frá fornleifum sem eru á eða við áætlaðar hjóla- og reiðleiðir sem eru utan marka deiliskipulagsins. Það er reið- og hjólaleið frá Leirvogsa að Mógilsá. Ný reiðleið í hlíðum Esju frá Mógilsá að Arnarhamarsrétt. Auk nýrrar reiðleiðar frá Arnarhamarrétt og austur fyrir bæjarstæði Ártúns að Tíðarskaði.**⁸

Skrá yfir fornleifar og yngir minjar birtist hér undir hverri jörð ásamt staðsetningarkortum og í viðauka er allar upplýsingar settar fram í einni töflu, en þar er einnig greint frá hættumati. Í lok skýrslunnar er lagt fram mat á *gildi minjanna* sem framkvæmdin getur haft áhrif á og gerð tillaga um mótvægisáðgerðir.

Fornleifaskráningin byggir að hluta til á eldri skráningum frá árunum 2000-2005 en sú skráning miðaðist við deiliskipulagsstig og þjóðminjalög þess tíma. Skráningin hefur verið endurskoðuð miðað við lög um menningaminjar frá árinu 2012 og þær reglur sem gilda nú um skráningu fornleifa og skil á gögnum til Minjastofnunar Íslands.⁹

Eftir að Kjalanes var sameinað Reykjavík árið 1998 var gert átak í skráningu fornleifa árið 1999 í samvinnu við Þjóðminjasafnið. Þá skráðu Birna Gunnarsdóttir fornleifafræðingur og Gunnar Bollason sagnfræðingur minjar í gagnagrunninn Sarp eftir ritheimildum og örnefnaskrá. Á árunum 2002 og 2003 gerði Minjasafn Reykjavíkur, nú Borgarsögusafn, átak í vettvangsskráningu á Kjalarnesi. Þá skráðu fornleifafræðingarnir Sólborg Una Pálsdóttir og Jóna Kristín Ámundadóttir stóran hluta af Kjalarnesi undir stjórn Önnu Lísu Guðmundsdóttur. Árið 2015 vann Margrét Björk Magnúsdóttir meistararitgerðina „Fornleifar á Kjalarnesi, flokkun og greining á skráðum fornleifum“ og í þessari skýrslu er saga jarðanna sótt nánast óbreytt í hana.¹⁰ Þá hafa eftirtaldar fornleifaskráningar verið gerðar vegna skipulags:

- Ragnheiður Traustadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir. (2001). *Fornleifaskráning jarðanna Mógilsár og Kollafjarðar*. Drög að skýrslu. Gögn Minjasafns Reykjavíkur.

- Anna Lísa Guðmundsdóttir og Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi*. Reykjavík. 2003.

- Sólborg Una Pálsdóttir. (2004). *Fornleifaskráning Bakka og Bakkakots á Kjalarnesi*. Reykjavík.

- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2006). *Fornleifaskráning í Varmadal á Kjalarnesi*. Reykjavík:

Fornleifastofnun Íslands.

- Anna Lísa Guðmundsdóttir. (2008). Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu. Reykjavík.

- Margrét Björk Magnúsdóttir. (2010). *Fornleifaskráning jarðarinnar Ártúns á Kjalarnesi*. Reykjavík.

- Birna Lárusdóttir. (2012). *Fornleifaskráning á Hrafnhólum á Kjalarnesi*. Reykjavík:

Fornleifastofnun Íslands.

- Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir. (2014). *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Reykjavík.

- Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. (2014). *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Reykjavík.

- Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir. (2015). *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Reykjavík.

- Anna Lísa Guðmundsdóttir. (2017). *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning*. Reykjavík.

Skýrslan hefst á því að fjallað er almennt um verndun menningarminja og um tilgang og aðferðir. Þá er farið yfir sögu þeirra jarða sem liggja að Vesturlandsveginum á Kjalarnesi og birt skrá yfir fornleifar og yngri minjar innan áætlaðs framkvæmdarsvæðis og áhrifasvæðis þess. Aftast í viðauka er tafla með öllum skráðum minjastöðum á úttektarsvæðinu.

⁸ Vesturlandsvegur, Skipulags- og matslýsing vegna nýs deiliskipulags, Sjá vef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://reykjavik.is/> → Þjónusta → Skipulag → Skipulag í kynningu → Leit: Vesturlandsvegur. Sótt 29.9.2017.

⁹ Sjá vef Minjastofnunar Íslands um skráningu fornleifa. http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf og Oddgeir Isaksen 2016. Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingargögn: Punktaskrár, línu og flákagögn, bls. 9.

¹⁰ Margrét Björk Magnúsdóttir, 2015.

Minjastofnun Íslands úthlutaði deiliskráningunni verkefnanúmerinu 1896. Anna Lína Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir unnu að vettvangsskráningu sem fór fram í nóvember og desember sl. og í febrúar. Samhliða var unnið að heimildavinnu, úrvinnslu gagna og skýrslugerð.

Skráðar voru búsetuminjar, gamlar leiðir, herminjar og yngri minjar samtals 87 minjastaðir eru á úttektarsvæðinu.

2 Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.¹¹

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfyrirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

¹¹ Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagar þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknnum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknnum og vettvangsskráningu fornleifa.

3 Tilgangur og aðferðafræði skráningar fornleifa

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2018) eru um 3.400 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðabók Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar tvær síðast nefndu.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið 1896, hér skammstafað MÍ- númer. Í skýrslunni fá allar fornleifarnar nafn jarðarinnar og tvö númer, annarsvegar verkefnanúmer Minjastofnunar og hlaupandi númer og hinsvegar tvær síðustu tölurnar í Sarpsnúmerinu. Til dæmis: **Fitjakot 1896-106 (275-20)**. Á rannsóknarsvæðinu sem hér um ræðir eru minjar skráðar undir 10 jarðir á Kjalarnesi.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri skráningum ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Þá er reynt að áætla hvaða hlutverk minjar hafa haft yfirleitt út frá staðsetningu og lagt mat á ástand þeirra.

Lagt var mat á hættu sem minjar á úttektarsvæðinu eru í, út frá þessari tilteknu framkvæmd. Hættumatið miðast yfirleitt við fjarlægð minja frá framkvæmdum þannig að eftir því sem minjar eru nær því meiri líkur eru á að þær verði fyrir hnjaski en minjar sem eru fjær. Minjarnar voru flokkaðar samkvæmt Skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands í þrjá flokka: Engin hætta, lítil hætta og mikil hætta.¹²

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekkjar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar, ef minjarnar er sýnilegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.¹³

Minjar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 1. Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	Rauður
2	Minjar frá 1918-1930	Gulur
3	Minjar frá 1930 og yngri	Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	Blár

Minjar innan og rétt við úttektarsvæðið voru skráðar og mældar upp með Trimble staðsetningartæki (þ.e.a.s. minjar á áhrifasvæði deiliskipulagsins). Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

¹² Skráningarstaðlar.

¹³ Vefur Borgarvefsjái. Vefslóð: <http://borgarvefsja.is>.

4 Skrá yfir fornleifar og yngri minjar

Í þessum kafla er farið yfir sögu jarða og fornleifar sem eru skráðar á áhrifasvæði deiliskipulagsins, í landfræðilegri röð frá Leirvogsá að Hvalfirði (sjá mynd 1).

4.1 Fitjakot 125678-275

4.1.1 Fitjakot, saga, minjar og örnefni

Fitjakot er á norðanverðum bökkum Leirvogsár. Jörðin á mörk á móti Varmadal að austan en Víðinesi og Álfsnesi að vestan.¹⁴ Gamli bærinn í Fitjakoti stóð á Brunnhól um 70 metra suðaustan við núverandi íbúðarhús. Síðast stóð þar timburhús sem reist var um 1930 og þá lá þjóðvegurinn um hlaðið. Núverandi íbúðarhús, sem var byggt 1950, stendur aðeins vestar, á Húsaflötum, en þar voru áður fjárhús. Þar var Kaupfélag Kjalarnesþings stofnað 15. október 1950 og var þar fyrst til húsa.¹⁵ Athafnamennirnir Sturlubræður áttu Fitjakot um tíma og notuðu jörðina til sumarbeitar.

Fitjakot var áður nefnt Fitjar og var í eigu Viðeyjarklausturs 1395. Jörðin kemur fram undir eldra nafninu Fitjar, í skrá um kvikfé og leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs 1395, en yngra nafninu Fitjakot í fógetareikningum frá 1548 til 1551.¹⁶ Jörðin var ein af jörðum Viðeyjarkirkju 1686 metin á 15 hundruð en á 10 hundruð 1695.¹⁷ Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704 var jörðin í eigu konungs en dýrleiki óviss. Ábúandi var einn. Kvaðir voru meðal annars um mannlán á vertíð. Hægt var að fódra þar fimm kýr og tíu lömb. Torfrista, stunga og mótak til eldiviðar var sæmilegt. Leirvogsá var bæði til gagns og ógagns. Þar var hægt að veiða bæði lax og silung en hún spillti engjum og braut af túni. Stórviðri brutu stundum hey og hús.¹⁸ Þegar Jarðatal Johnsens var gert 1847 var Fitjakot í eigu konungs metið á 10 hundruð.¹⁹ Árið 1855 var jörðin konungseign metin á 10 hundruð.²⁰ Samkvæmt manntölum frá 1703 var einn ábúandi í Fitjakoti nema 1850 voru tveir.²¹

¹⁴ Örnefnasafn, Fitjakot-1256755-275-2.

¹⁵ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 343. Samvinnan, 1977, bls. 56.

¹⁶ *Íslenskt fornbréfasafn*, III. b., bls. 598, XII. b., bls. 136, 151, 171, 398.


¹⁷ Björn Lárusson, 1967, bls. 131.

¹⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III. b., bls. 335.

¹⁹ Johnsen, 1847, bls. 97.

²⁰ Stefán Þorvaldsson, 2007, bls. 152.

²¹ Þí: Manntöl, *Fitjakot*.



Mynd 2. Staðsetning minja í landi Fitjakots.²²


Bæjarhóll Fitjakots er í um 200 m fjarlægð frá framkvæmdarsvæðinu og framkvæmdir ættu ekki að hafa áhrif á hann.

²² LUKR. Loftljósmynd 2016.

4.1.2 Fornleifaskrá Fitjakots vegna breikkunar Vesturlandsvegur

Fitjakot 1896-106 (275-20)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-106	275-20	Póstvegur	Vegur	Heimild	1890	369539	412749			Ómetið	Já



Mynd 3. Gamli póstvegurinn (1896-106) í landi Fitjakots, merktur sem rauð lína.

Staðhættir: Póstvegur um Esjumela lá frá vaðinu yfir Leirvogsá að Flóalæk.

Hann er merktur inn á Herforingjaráðskort frá 1909 sem leið. Þegar nýr vegur var lagður á þessum slóðum um 1927-30 var hann lagður að hluta til í sama vegstæðið syðst og austast frá Leirvogsá að Esjumelum, um 800 m. Sunnan við Esjumela er vegurinn horfinn að Flóalæk.


Lýsing: Vegurinn er horfinn á því svæði sem tilheyrir skráningu undir Fitjakot, en er sýnilegur í landi Varmadals frá Leirvogsá um 300 m í norðvestur að vegi heim að Varmadal 3.

Fitjakot 1896-107 (275-21)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-107	275-21	Grafarmýri	Mógröf	Mógröf	1900	369488	412584	165	75	Gott	Nei



Mynd 4. Horft yfir Grafarmýri (1896-107) í suðaustur.



Mynd 5. Kortið sýnir staðsetningu og umfang mógrafa í Grafarmýri.²³

Staðhættir: Grafarmýri er norðan Fitjakotsmela og sunnan Esjumela, þar má sjá merki um mótekju.

Lýsing: Mótekjusvæðið er nokkuð stórt eða um 165 x 75 m.

Hættumat: Lítil hættu.

Hættuorsök: Vegagerð, framkvæmdir.

²³ LUKR. Loftljósmynd 2016.

Fitjakot 1896-108 (275-23)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-108	275-23	Fitjakotsvegur	Leið	Vegur	1900	369541	369541	266	3	Slæmt	Nei



Mynd 6. Vegur (1896-108) frá sýsluvegi að Fitjakoti, horft í suðvestur.



Mynd 7. Vegur (1896-108) frá sýsluvegi í austri að Leirvogsá og Fitjakoti.²⁴

Staðhættir: Slóði (1896-108) frá Fitjakoti yfir Fitjakotsmela að sýsluvegi (277 - 14) er merktur inn á herforingjaráðskort 1909.²⁵ Á kortinu er vegurinn teiknaður inn aðeins norðar.

Lýsing: Slóðinn er sýnlegur á háflugsmýnd frá árinu 2006, en er nú horfinn að hluta til undir gróður. Vegurinn er helst sýnilegur við Varmadalsveg.

Hættumat: Mikil hættu.


Hættuorsök: Vegagerð.

Fitjakot 1896-109 (275-22)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-109	275-22		Kartöflugeymsla	Hús	1946-1970	369110	412870	15	10	Gott	Nei



Mynd 8. Kartöflugeymsla (1896-109), horft í norður.



Mynd 9. Kartöflugeymsla við Vesturlandsveg.

Staðhættir: Kartöflugeymsla á Esjumelum 14 m norðaustan við Þjóðveg 1 á mótis við Esjumela 3, um 17 metra frá brún reiðvegjar og 135 metra suðvestur frá Esjumelum 3.

Lýsing: Grasi gróinn höll um 15 x 10 m að stærð. Talið er að burðagrind geymslunnar sé gamall strætó eða rúta frá fiskvinnslunni Júpiter og Mars á Kirkjusandi sem mokað var að.


Hættumat: Mikil hættu. **Hættuorsök:** Vegagerð.

²⁴ LUKR. Loftljósmynd 2016.

²⁵ Herforingjaráðskort, 1909, 37 Hengill N.V.- Mosfellsheiði.

Fitjakot 1896-110 (275-27)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-110	275-27	Fitjakotsvegur	Vegur	Gata	1930	369506	412384	4250	40	Slæmt	Að hluta



Mynd 10. Vegur (1896-110), gulur, frá Fitjakoti að gömlu brúnni yfir Leirvogsa.²⁶

Staðhættir: Vegurinn (1896-110) lá frá Fitjakoti og í austur að gömlu brúnni yfir Leirvogsa (277-22).

Hægt er að greina hluta af honum fyrir sunnan við veginn heim að Varmadal. Vegurinn er greinilegur á loftmynd frá árinu 1946.²⁷


Lýsing: Malardreif er sjáanleg þar sem vegurinn var.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Fitjakot 1896-111 (275-24)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-111	275-24		Hús	Heimild	1946-1970	369116	412814			Ómetið	Já



Mynd 11. Staðsetning á húsi (1896-111) á hnitsettri loftmynd frá 1946.²⁸

Staðhættir: Um 200 m austan við Blásteina var ræktunarreitur og á honum stóðu tvö hús, þau er sjáanleg á loftmynd frá árinu 1946.

Ekki er vitað hvað þessi hús hafa verið nefnd, en þau hafa verið fjarlægð þegar ný Vesturlandsvegur var lagður upp úr 1970. Leifar af garði þessara húsa er sýnilegur vestan við vegöxlina.

Lýsing: Horfið.

Hættumat: Engin hætta.


²⁶ LUKR. Loftljósmynd 2016.

²⁷ LMÍ. Loftljósmynd, AMS91000721 1946.

²⁸ LMÍ. Loftljósmynd, AMS91000721 1946.

Fitjakot 1896-112 (275-25)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-112	275-25		Hús	Heimild	1946-1970	369139	412780			Ómetið	Já



Staðhættir: Um 200 m austan við Blásteina var ræktunarreit og á honum stóðu tvö hús. Þau eru sjáanleg á loftmynd frá árinu 1946. Ekki er vitað hvað þessi hús hafa verið nefnd, en þau hafa verið fjarlægð þegar nýi Vesturlandsvegur var lagður upp úr 1970. Leifar af garði þessara húsa er sýnilegur vestan við vegöxlina.

Lýsing: Horfið.

Hættumat: Engin hætta.


Mynd 12. Staðsetning á húsi (1896-112) á hnitsettri loftmynd frá 1946.²⁹

Fitjakot 1896-113 (275-26)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng cm	Breidd cm	Ástand	Horfin
1896-113	275-26		Brunnur	Steypa	1940	369084	412760	80	80	Sæmilegt	Nei



Mynd 13. Brunnhús (1896-113), horft í suður.



Mynd 14. Kortið sýnir staðsetningu brunns (1896-113).³⁰

Staðhættir: Í haga um 65 m suðvestur frá Vesturlandsvegi og 200 m suðaustur af Blásteinum er steyptur brunnur. Hann hefur líklega tilheyrt býli eða sumarhúsi sem var á þessum slóðum.

Lýsing: Brunnurinn er steyptur, hringlaga að innan en ferkantaður að utan.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

²⁹ LMÍ. Loftljósmynd, AMS91000721 1946.

³⁰ LUKR. Loftljósmynd 2016.

4.2 Kollafjörður 125707-282

4.2.1 Kollafjörður saga, minjar og örnefni

Jörðin Kollafjörður er skammt upp frá fjarðarbotni Kollafjarðar. Bærinn stóð við samnefndan læk sem nefnist Kollafjarðará.³¹ Bæjarstæði síðasta torfbæjarins er sunnan undir Kollsgili en var jafnað við jörðu. Við vettvangskönnun 2001 var talið líklegt að bærinn hefði staðið á þeim stað að minnsta kosti frá því á miðöldum og líklegt að minjar leynist þar undir sverði því greina mátti litabreytingar á gróðri, sem er vísbending um minjar.³²

Landbúnaðarráðuneytið keypti jörðina 1961 fyrir tilraunastöð fyrir klak og eldi laxfiska.

Kollafjörður kemur fyrir í Kjalnesinga sögu, sem talin er rituð á síðustu áratugum 13. aldar. Þar segir frá því að skip kom á Leiruvog með írskum mönnum, þar á meðal Andriður ungur og ólofaður, mikill og sterkur, ekkjan Esja og maður sem nefndur var Kolli. Landnámsmaðurinn Helgi bjóla tók við þeim öllum og setti Kolla niður í Kollafjörð.³³

Kollafjörður er talinn upp í fjarðatali 1312.³⁴ Jarðarinnar er hinsvegar ekki getið fyrr en í fógætareikningum 1547 til 1553 en búseta hefur sennilega hafist þar fyrr.³⁵

Á árunum 1686 og 1695 var jörðin í eigu konungs og metin á 20 hundruð.³⁶

Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704 var jörðin konungseign en dýrleiki óviss. Kollafjörður var þá ein af umboðsjörðum sem Margrét Pétursdóttir á Vallá, ekkja Daða Jónssonar sýslumanns, hélt ásamt Völlum og Gröf. Einn ábúandi var á heimajörðinni, tveimur þriðjungum, en einn þriðjungur nefndist Litli- Kollafjörður. Kvaðir voru um tvö manslán í 5 ár, manns- og bátslán í 3 ár. Kostir voru fáir en torfrista og stunga var sæmileg. Mótak til eldiviðar var erfitt, silungsveiðivon lítil, rekavon nær engin, skelfiskfjara lítil og varla hægt að tala um heimræði því ekki var hægt að lenda nema á flóði. Landþröng var mikil, mikið af foræðum og skriður spilltu engjum.³⁷

Kaupverð Kollafjarðar var 804 ríkisdalir þegar jörðin var seld úr eigu konungs 1839.³⁸ Þegar jarðatal Johnsen var tekið saman 1847 var jörðin í bændaeign, með einum ábúanda, metin á 20 hundruð með Litla-Kollafirði.³⁹

Skriðuföll úr Esjunni hafa verið tíð og eftir aftaka rigningu 2. september 1886 urðu mikil skriðuföll á níu bæjum á Kjalarnesi eftir úrhellið. Í blaðagrein skömmu síðar var greint frá vatnsveðrinu og þeim skaða sem hlaut af því, þar segir um tjón á jörðinni : „Kollafjörður (17.4). Kýrvöllur farinn af túninu, í bráð að minnsta kosti, og nokkuð af engjum. Sextíu hestar af heyi á engjum urðu undir skriðu. Eyrarnar niður frá bænum allar huldur skriðu.“⁴⁰

Mannvirki sem teiknuð voru á túnakort Kollafjarðar 1916 hafa flest horfið vegna túnasléttunar eða undir yngri mannvirki.⁴¹

Litli- Kollafjörður var þriðjungur af heimajörðinni Kollafirði 1704.⁴² Árið 1916 var komið útihús þar sem bærinn Litli- Kollafjörður stóð áður sunnan Kollafjarðará.⁴³ Kolbeinn Kolbeinsson sem fæddur var í Kollafirði 1918 og var bóndi þar í nokkur ár, segir í örnefnalýsingu að hann muni eftir tóftum þar sem Litli- Kollafjörður stóð.⁴⁴ Við vettvangskönnun 2002 var ekki hægt að sjá neinar

³¹ Stefán Þorvaldsson, 1937-39, bls. 232.

³² BSSR-Kollafjörður-125707-282-1.

³³ *Íslensk fornrit* XIV. b., Kjalnesinga saga, bls. 5.

³⁴ *Íslenskt fornbréfasafn*, III. b., bls. 14. VII, bls. 189.

³⁵ *Íslenskt fornbréfasafn*, XII. b., bls. 117, 143, 157, 177, 404, 428, 589.

³⁶ Björn Lárusson, 1967, bls. 132.

³⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III. b., bls. 341-342.

³⁸ Johnsen, 1847, bls. 438.

³⁹ Johnsen, 1847, bls. 97.

⁴⁰ Kjalarnes eptir skriðuhlaupin, 1886.

⁴¹ Ragnheiður Traustadóttir, Anna Lía Guðmundsdóttir, 2001. BSSR-Kollafjörður-125707-282.

⁴² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III. b., bls. 342.

⁴³ BSSR-Kollafjörður-125707-282-6.


⁴⁴ Jón Sigurðsson, 2008. Þí: Örnefnasafn, Kollafjörður-125707-282-3.

bæjarleifar á staðnum. Þar stendur nú hús sem byggt er í gamla bæjarhólinn og var í fyrstu notað sem sumarhús en er nú heilsárshús, Arnarhóll.⁴⁵

Þegar Jarðatal Árna og Páls var gert 1704 var Litli Kollafjörður byggður sér með einum ábúanda. Þar voru kvaðir um eitt mannslán á vertíð. Þá var hægt að fóðra tvær kýr, 10 lömb og einn hest. Hættur voru eins og á heimajörðinni en við bættist að áin gróf undan húsunum og beitarátroðningur olli miklum skaða.⁴⁶

Þegar Jarðatal Johnsens var gert 1847 var Litli- Kollafjörður talinn með heimajörðinni með einum ábúanda.⁴⁷ Litli Kollafjörður er skráður sem fornleifar undir heimajörðina.⁴⁸

Engar sjáanlegar minjar eru innan úttektarsvæðis undir Kollafirði.



Mynd 15. Staðsetning fornleifa í landi Kollafjarðar.⁴⁹

⁴⁵ BSSR-Kollafjörður-125707-282-11. Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 378.

⁴⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III. b., bls. 341-343.

⁴⁷ Johnsen, 1847, bls. 97.


⁴⁸ BSSR-Kollafjörður-125707-282-11.

⁴⁹ LUKR. Lágflugsloftmynd 2016.

4.2.2 Fornleifaskrá Kollafjarðar vegna breikkunar Vesturlandsvegar

Kollafjörður 1896-115 (283-24)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-115	283-24	Póstvegur	Vegur	Heimild	1890	368558	414041			Ómetið	Já



Mynd 16. Sýnir staðsetningu (rauð lína) gamla póstvegarins og númer hans innan jarðanna Fitjakots, Varmadals og Kollafjarðar. Þar sem línan er heil er vegurinn sjáanlegur.⁵⁰

Staðhættir: Gamli póstvegurinn lá frá vaðinu (277-23) yfir Leirvogsa, neðan við gömlu brúna (277-22), í landi Varmadals og er skráður þar númer (277-14). Í landi Fitjakots er hann númer (275-20) og í landi Kollafjarðar númer (285-25). Þar sem leiðin kom niður skriðurnar (Urðina) að Kollafirði, sameinaðist hún annarri leið sem kom að vestan frá Álfsnesi, samanber kort Herforingjaráðs frá árinu 1909.⁵¹ Sjá má legu hans, rauð lína, mynd 15.

Lýsing: Vegurinn er horfinn á þessum slóðum.

Hættumat: Engin hætta. Horfinn.

4.3 Mógilsá 125733-283

4.3.1 Mógilsá, saga, minjar og örnefni

Mógilsá er við Esjurætur innst í Kollafirði, við norðurhorn fjarðarins.⁵² Jörðin dregur nafn sitt af samnefndri bergvatnsá sem rennur vestan við bæinn. Kalksteinn var fluttur frá Mógilsá um 1870 og flutt til Reykjavíkur þar sem það var brennt í kalkofni við „Batterið“. Kalk þaðan var notað sem bindiefni á Lækjargötu 10 í Reykjavík.⁵³ Árið 1963 keypti íslenska ríkið jörðina og þar hefur Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins verið síðan en hún var byggð upp fyrir þjóðargjöf Norðmanna, 1 milljón norskra króna, sem Ólafur V Noregskonungur afhenti.⁵⁴ Bæjarstæðið var um 60 metra suðaustur af þjónustumiðstöð við Esjurætur. Við vettvangskönnun 2002 voru engar greinilegar leifar af bæjarstæðinu sem hafði verið sléttað og trjárækt á svæðinu en þó mátti greina vísbendingar um mannvist á litabreytingum í túninu.⁵⁵

Áin Mógilsá kemur nokkrum sinnum fyrir í Landnámu sem landamerki þegar sagt er frá landnámi Halls goðlausa, Helga bjólu Ketilssonar og Örylgs Hrappssonar. Hallur goðlausi nam land að ráði

⁵⁰ LUKR. Loftljósmynd 2016.

⁵¹ Herforingjaráðskort, 1909, 37 Hengill N.V- Mosfellsheiði.

⁵² Stefán Þorvaldsson, 1937-39, bls. 232.


⁵³ Björn Kristjánsson, 1943, bls. 81-83.

⁵⁴ Einar Kristinn Guðfinnsson, 3.9.2007, 40 ára afmæli Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá, 31. ágúst 2007.

⁵⁵ BSSR-Mógilsá-125733-1.

Ingólfs frá Leiruvogi til Mógilsár og bjó í Múla.⁵⁶ Helgi bjóla Ketilsson nam einnig land að ráði Ingólfs, „...Kjalarnes allt millim Mógilsár og Mýdalsár...“ og bjó að Hofi.⁵⁷ Helgi bjóla gaf síðan frænda sínum Örlygi Hrapssyni hluta af landnámi sínu, frá Mógilsá að Ósvíflæk en ekki er vitað hvaða lækur það er.⁵⁸

Jörðin var í eigu Viðeyjarklausturs 1395 og kemur þá fram í skrá um kvikfé og leigumála jarða klaustursins.⁵⁹ Jörðin hefur orðið konungseign við siðaskipti og er hennar getið í fógetareikningum frá 1547 til 1552 varðandi landskuld og leigu.⁶⁰ Árið 1581 var Mógilsá lénsjörð fátækra presta í Skálholtsbiskupsdæmi.⁶¹ Jörðin var kirkjujörð Viðeyjarklausturs 1686-1695, metin á 15 hundruð og 13 hundruð og 80 álnir.⁶²



Mynd 17. Staðsetning fornleifa við Mógilsá.⁶³

Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704 var jarðadýrleiki og jörðin í eigu konungs sem hafði lagt hana til upphalds prests á Mosfelli. Þá virðast gæði jarðarinnar hafa rýrnað frá því sem áður var og landskuld lækkað úr einu hundraði í 48 álnir. Skriður frá ánni Þverá og lækjum höfðu eyðilagt tún jarðarinnar. Kvaðir voru um eitt mannlán á vertíð en höfðu verið tvær tveimur árum áður og dagslættir tveir ef ábúendur voru tveir en þrír ef þeir voru þrír. Jörðin gat fóðrað sex kýr, tíu lömb og einn hest. Upprekskur geldnauta og hesta var frír á Hvannavöllum á Mosfellsheiði. Torfrista og stunga var léleg og ekkert mótak var í landi jarðarinnar en mótak hafði verið nýtt í landi eyðijarðarinnar Háheiðar sem lá undir Álfsnesi. Lítil von var um selveiði og reka. Sölvafjara var engin og lítil hrognkelsafjara en skelfiskfjara var frí á grandanum Leiðvelli og hafði verið lengi eins og fleiri jarðir í

⁵⁶ Ari Þorgilsson, 1968, bls. 48-50.

⁵⁷ Íslensk fornrit I., Landnáma bók, bls. 50.

⁵⁸ Íslensk fornrit I., Landnáma bók, bls. 52-54.

⁵⁹ Íslenskt fornbréfasafn, III., bls. 597.

⁶⁰ Íslenskt fornbréfasafn, XII., bls. 109, 135, 151, 171, 396-397.


⁶¹ Jón Halldórsson, 1903, bls. 138.

⁶² Björn Lárusson, 1967, bls. 132.

⁶³ LUKR. Lágflugsloftmynd 2012.

Kjalarneshreppi. Heimræði var ef fiskgengd var á sundin en aldrei verstaða fyrir aðkomufólk. Selstaða var í heimalandi. Vetrarpungt og veðrasamt var á Mógilsá.⁶⁴

Þegar Jarðatal Johnsen var gert 1847 var Mógilsá í eigu kirkjunnar með einum ábúanda og dýrleiki $13\frac{2}{3}$ hundruð en neðanmáls er þess getið að mat sýslumanns sé 15 hundruð.⁶⁵ Árið 1855 var Mógilsá metin á 15 hundruð og var nyrsta kirkjujörð Mosfells.⁶⁶



Mynd 18. Túnakort Mógilsá frá 1916.⁶⁷

Innan úttektarsvæðisins við Mógilsá er að finna fágætar sjávarútvegsminjar á rústasvæði á Eyrum neðan Vesturlandsvegjar⁶⁸ aðrar minjar eru horfnar en skráðar eftir heimildum. Bæjarstæði Mógilsár er um 100 m norður af framkvæmdarsvæðinu.

⁶⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III., 1704, bls. 343-344.

⁶⁵ Johnsen, 1847, bls. 97.

⁶⁶ Stefán Þorvaldsson, 2007, bls. 152.

⁶⁷ Þí: Túnakort, Mógilsá 1916.

⁶⁸ Margrét Björk Magnúsdóttir, 2015, bls. 126-128.


4.3.2 Fornleifaskrá Mógilsár vegna breikkunar Vesturlandsvegjar

Mógilsá 1896-23 (283-17)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-23	283-17		Naust	Tóft	1850-1950	368226	414502	6	5,5	Sæmilegt	Nei



Mynd 19. Naust (1896-23), horft í norðnorðaustur.



Mynd 20. Teikningin er gerð eftir uppmælingu minja við sjó innst í Kollafirði.

Staðhættir: Við heimreiðina að Mógilsá og um 30 m fyrir neðan Vesturlandsveginn eru leifar þriggja nausta. Tóft númer 1896-23 austast.

Lýsing: Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Tóftin snýr nánast norður- suður og er opin að sunnanverðu út að sjó. Veggirnir eru um 4 m á lengd og 4 m á breidd. Hæð veggjanna er frá 20 til 50 cm. Hlutverk hennar er óvíst en ekki er ólíklegt að um naust eða bátaskýli sé að ræða.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Rof, vegagerð.

Mógilsá 1896-24 (283-18)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-24	283-18		Naust	Hola	1850-1920	368155	414542	9	6	Slæmt	Nei



Mynd 21. Naust (1896-25) nær og (1896-24) fjær, horft í austur.



Mynd 22. Teikningin er gerð eftir uppmælingu minja við sjó innst í Kollafirði.

Staðhættir: Við heimreiðina að Mógilsá og um 30 m fyrir neðan Vesturlandsveginn eru leifar þriggja nausta. Leifar naustanna (1896-24 og 25) eru jarðlægar og vestan við tóft (1896-23).

Lýsing: Tvær samsíða rásir niðurgrafnar í mölina. Þó að ekki sé vitað um hlutverk þessara minja er mjög líklegt að um naust sé að ræða. Rústirnar snúa norður- suður og eru opnar í suður, að sjó. Breidd rústanna er um 14 m og lengd 7 m að utanmáli.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð, rof.

Mógilsá 1896-25 (283-24)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-25	283-24		Naust	Hola	1850-1920	368210	414503	6	5	Slæmt	Nei



Mynd 23. Naust (1896-25) nær og (1896-24) fjær, horft í austur.



Mynd 24. Teikningin er gerð eftir uppmælingu minja við sjó innst í Kollafirði.

Staðhættir: Við heimreiðina að Mógilsá og um 30 m fyrir neðan Vesturlandsveginn eru leifar þriggja nausta. Tóftir (1896-24 og 25) eru jarðlægar og vestan við tóft (1896-23).

Lýsing: Tvær samsíða rásir niðurgrafnar í mölina. Þó að ekki sé vitað um hlutverk þessara minja er mjög líklegt að um naust sé að ræða. Rústirnar snúa norður- suður og eru opnar í suður, að sjó. Breidd rústanna er um 14 m og lengd 7 m að utanmáli.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Rof og vegagerð.

Mógilsá 1896-26 (283-25)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-26	283-25		Siglingamerki	Varða	1800	368200	414509	1	1	Sæmilegt	Nei



Mynd 25. Leifar vörðu (1896-26), horft í suður.



Mynd 26. Teikningin er gerð eftir uppmælingu minja við sjó innst í Kollafirði.

Staðhættir: Vestan við naust (1896-25), á grónum sjávarbakka við Kollafirði.

Lýsing: Fjórir steinar sem gætu hafa verið botn í vörðu.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Rof og vegagerð.

Mógilsá 1896-27 (283-26)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-27	283-26		Hóll	Hóll	1800	368197	414510	2	2	Sæmilegt	Nei



Mynd 27. Rústalegur hóll (1896-27), horft í suður.



Mynd 28. Teikningin er gerð eftir uppmælingu minja við sjó innst í Kollafirði.

Staðhættir: Vestan við naust (1896-25), á grónum sjávarbakka við Kollafjörð.


Lýsing: Grasi gróinn rústalegur hóll, hugsanlega leifar af mannvirki, óljóst.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Rof, vegagerð.

Mógilsá 1896-28 (283-5)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-28	283-5		Túngarður	Heimild	1900	368308	414573			Ómetið	Já



Mynd 29. Kortið sýnir staðsetningu túngarðs (1896-28) Mógilsár 1916 þegar túnakort hefur verið strekkt yfir.⁶⁹

Staðhættir: Á túnakorti Mógilsár 1916 liggur túngarður í norður- suður utarlega við jaðarinn vestanmegin, u.þ.b. 160 m langur. Við suðurendann er krappt horn á garðinum og liggur sá veggur í austur um 40 m leið.


Lýsing: Túngarðurinn er horfinn (2018). Við skráningu árið 2002 sást lítið af honum, aðeins að örloði fyrir hluta hans við suðurendann sem lá í austur- vestur.

Hættumat: Engin hætta. Horfinn.

⁶⁹ LUKR Lágflugsloftmynd 2016. Þí, túnakort, Mógilsá 1916.

Mógilsá 1896-29 (283-12)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-29	283-12	Tæpagata	Leið	Heimild	1900	367957	414643			Ómetið	Já



Mynd 30. Kortið sýnir staðsetningu Tæpagötu (1896-29) sem var hluti af gamla póstveginum.⁷⁰



Mynd 31. Hluti úr herforingjaráðskorti 1909.⁷¹

Staðhættir: „Út með sjó er þá fyrst eyrin utan við Mógilsá, sem heitir Eyrar. Þá er Tæpagata, þar sem gamli vegurinn lá áður á standklettabrún.“⁷² Þessi gata var hluti af gamla póstveginum, hann er merktur inn á kort frá árinu 1909.

Lýsing: Gatan er horfin.

Hættumat: Engin hætta.

Mógilsá 1896-114 (283-27)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-114	283-27	Gamli póstvegurinn	Vegur	Heimild	1900	368173	414532			Ómetið	Já

Staðhættir: Gamli Kjalarnesvegurinn lá í landi Mógilsár frá Kambinum sunnan við Tjörnina í vestur eftir Eyrinni, norðan við naustin. Síðan lá leiðin í vestur að Djúpagili, á þeim hluta er hún ekki lengur sýnileg. Fyrir vestan Djúpagil fer hún aftur að sjást við Kollafjarðarkleif að Markagili/ Stangargili/ Festargili, um 400 m. Sjá myndir 30-31.

Lýsing: Vegurinn er horfinn.

Hættumat: Engin hætta. Horfinn.

Mógilsá 1896-116 (283-15)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-116	283-15	Stýrimannaklettur	Siglingamerki	Heimild	1900	367742	414576			Ómetið	Já

Staðhættir: „Þá er aftur tekið svæðið utan við Djúpagil með sjónum neðan vegarins. Fyrst er Stýrimannaklettur. Hann var bungumyndaður að ofan, en er nú (1967) að mestu hruninn.“⁷³

Lýsing: Kletturinn var gamalt siglingamerki en er horfinn. Sjá mynd 17.

Hættumat: Engin hætta. Horfinn.

⁷⁰ LUKR. Dönsku herforingjaráðskortin, 1909, 37 Hengill N.V- Mosfellsheiði.

⁷¹ Dönsku herforingjaráðskortin, 1909, 37 Hengill N.V- Mosfellsheiði.

⁷² SÁM: Örnefnalýsing, 1967, Mógilsá.

⁷³ Örnefnasafn, 1967, Mógilsá.

Mógilsá 1896-117 (283-16)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-117	283-16	Hengingar- klettur	Aftaka	Heimild	1900	367738	414568			Ómetið	Já

Staðhættir: „Við sjóinn er Djúpagilsklettur. Utar er **Hengingarklettur**. Því miður er ekki hægt að nota hann á réttan hátt, sökum þess hve hruninn hann er.”⁷⁴

Lýsing: Hefur verið aftökustaður. Horfinn við framkvæmdir 1969. Sjá mynd 17.

Hættumat: Engin hætta. Horfinn.

4.4 Esjuberg 181191-284

4.4.1 Esjuberg, saga, minjar og örnefni

Bærinn á Esjubergi stendur á skriðuvæng upp undir rótum Esju. Mörk jarðarinnar eru á móti Skrauthólum að vestan og Mógilsá að austan. Á Esjubergi voru áður fyrr samþykktir og kveðnir upp dómar. Finna má dóm í Íslensku fornbréfasafni sem kveðinn var upp 1480 og þar var þingstaður 1541 og 1746 þegar Jón Oddsson Hjaltalín gerði *Lýsingu Kjósarsýslu*.⁷⁵ Örnefni Leiðhamar og Leiðvöllur, sem eru á mörkum Mógilsár og Esjubergs, benda til þess að þar hafi verið haldin leiðmót, leiðarþing eða héraðsþing sem haldið var að afloknu Alþingi þar sem greint var frá störfum þess og birtar tilkynningar. Fyrsta símsstöðin í Kjalarneshreppi var á Esjubergi, sennilega komin 1912.⁷⁶

Esjuberg var landnámsjörð Örlýgs gamla Hrappssonar Bjarnarsonar bunu. Landnámabók segir frá því að Helgi bjóla Ketilsson hafi gefið frænda sínum, bræðrungi, Örlýgi Hrappssyni hluta af landnámi sínu, frá Mógilsá að Ósvíflæk. Landnáma getur þess einnig að Örlýgur hafi búið á Esjubergi og látið gera þar kirkju sem fóstri hans Patrekur biskup í Suðureyjum hafði sagt fyrir um, en Patrekur hafði sent hann með kirkjuviði, járnklukku, plenáinum og vígða mold til að setja undir hornstafina.⁷⁷ Kirkjan gæti hafa verið tileinkuð heilögum Kolumba.

Kirkja Örlýgs er talin vera fyrsta kirkjan á Íslandi. Kirkjunnar er einungis getið í kirkjuskrá Páls biskups frá því um 1200.⁷⁸ Reyndar segir frá kirkjunni í Kjalnesinga sögu sem er talin rituð á tímabilinu 1300-1320. Þar segir frá því að Helga Þorgrímsdóttir, eiginkona aðalsöguhetjunnar Búa, hafi látið grafa hann undir syðri kirkjuveggnum og segir „[þ]á stóð enn kirkja sú at Esjubergi, er Örlýgur hafði látit gera“.⁷⁹ Eftir þessu að dæma hefur kirkjan ekki verið uppistandandi á ritunartíma sögunnar um 1300 og gæti hafa verið niðurlögð á fyrri hluta 13. aldar. Hvers vegna er ekki vitað og margt getur komið til greina. Kirkjur voru stöðutákn svo höfðingi gæti hafa dáíð eða misst stöðu sína til annars. Kirkjan gæti líka hafa verið lögð niður vegna skriðufalla.

Jarðarinnar er getið nokkrum sinnum í skjölum sem varða hvalreka Viðeyjarklausturs á milli Esjubergs og Valagnúpa, fyrst í skrá varðandi hvalskipti á Rosmhvalanesi um 1270, svo um 1270 í bréfi Runólfs ábóta í Viðey um hvalrekann, og aftur 1285 um skipti á hvalreka á milli Valagnúpa og Esjubergs.⁸⁰ Esjuberg kemur fram í skrá um kvikfé og leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs frá árinu 1395.⁸¹ Esjuberg kemur fram í skýrslu Hannesar Pálssonar umboðsmanns og kapelláns Danakonungs, um allskonar óskunda og yfirgang, rán, vígaferli og löglausa verslun Englendinga á Íslandi á árunum 1420-1425.⁸² Árið 1480 var úrskurðað í Esjubergsdómi í eignarmálum Soffíu

⁷⁴ Örnefnasafn, 1967, Mógilsá.

⁷⁵ Íslenzkt fornbréfasafn, VI., bls. 289. X. b., bls. 671-672. Jón Oddsson Hjaltalín, 1937-39, bls. 33.

⁷⁶ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 423. Íslenska alfræðiorðabókin.

⁷⁷ Íslenzk fornrit I. b., Landnámabók, bls. 52-54.

⁷⁸ Íslenzkt fornbréfasafn, XII. b., bls. 9.


⁷⁹ Íslenzk fornrit XIV. b., Kjalnesingasaga, bls. 43.

⁸⁰ Íslenzkt fornbréfasafn, II. b., bls. 78, 80, 247, 278.

⁸¹ Íslenzkt fornbréfasafn, III. b., bls. 598.

⁸² Íslenzkt fornbréfasafn, VI. b., bls. 324.

Loftsdóttur og Gunnlaugs Teitssonar.⁸³ Árið 1497 gaf Böðvar prestur Jónsson vitnisburð um reka Viðeyjarklausturs á milli Klaufar og Esjubergs.⁸⁴ Á Esjubergsþingi þann 30. september 1541 var felldur dómur um lögmæti bréfs Alexíusar ábóta í Viðey um jarðirnar Skrauthóla og Bakka í Brautarholtssókn.⁸⁵ Þá kemur jörðin fram í fógetareikningum 1547-1552.⁸⁶ Á Esjubergi voru kveðnir upp dómar um beit og fjárrekstur 1565-1566.⁸⁷ Jarðarinnar er getið á minnisblöðum Vigfúsar Jónssonar sýslumanns Kjalarnesþings árið 1569 og þjófnaðardómur var kveðinn upp þar 14. janúar 1657.⁸⁸ Jörðin var ein af jörðum Viðeyjarklausturs 1686-1695 og þá metin á 40 hundruð.⁸⁹



Mynd 32. Staðsetning fornleifa í landi Esjubergs.⁹⁰

Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704 var Esjuberg í eigu konungs en jarðardýrleiki óviss. Kvaðir voru meðal annarra um mannlán á vertíð suður á Stafnes. Þá var hægt að fóðra sjö kýr, tólf lömb og þrjá hesta. Jörðin hafði þá haft til langs tíma fría afrétt fyrir hesta og geldnaut á Mosfellsheiði. Torfrista og stunga var góð en mótak til eldiviðar slæmt. Silungsveiði hafði jörðin í Leirvogsa lengst af. Rekavon var nokkur og skelfiskfjara var á Leiðvallargranda. Selstöðu átti jörðin undir Svínaskarði að sunnan og þar var berjalestur nokkur. Helstu ókostir voru að úthey voru lítil og skriður ógnuðu bæði mönnum, húsum og skepnum. Stórviðrasamt var á Esjubergi og stóð mönnum og skepnum ógn af skriðum sem ollu þar tjóni.

⁸³ Íslenskt fornbréfasafn, VI. b., bls. 289.

⁸⁴ Íslenskt fornbréfasafn, VII. b., bls. 339.

⁸⁵ Íslenskt fornbréfasafn, X. b., bls. 672.

⁸⁶ Íslenskt fornbréfasafn, XII. b., bls. 109, 135, 150, 170, 396.

⁸⁷ Íslenskt fornbréfasafn, XIV. b., bls. 380-386.

⁸⁸ Íslenskt fornbréfasafn, XIV. b., bls. 566-567.

⁸⁹ Björn Lárusson, 1967, bls. 132.

⁹⁰ LUKR. Lágflugsloftmynd 2005.

Tvær hjáleigur voru þá á Esjubergi. **Litla Esjuberg** sagt afbýli heima við bæ og **Árvöllur** önnur hjáleiga og reiknaðist jarðardýrleiki beggja með heimajörðinni.⁹¹

Þegar Jón Oddson Hjaltalín gerði lýsingu Kjósarsýslu 1746 var þingstaður á Esjubergi.⁹²

Kaupverð Esjubergs með **Grund** (Austurbæ) og **Árvöllum** árið 1816 þegar jörðin var seld úr eigu konungs var 2100 ríkisdalir.⁹³

Þegar Jarðatal Johnsens var tekið saman 1847 var Esjuberg í bændaeigu, metið á 40 hundruð og með einum ábúanda. Í neðanmálgrein er sagt að jarðabækurnar geti ekki um hjáleigurnar nema árið 1802, en þá er getið Austurbæjar sem er líklega sama hjáleiga og sýslumaður og prestur kalla Grund. Jörðin var metin á 40 forn hundruð í Jarðarmati á Íslandi 1849-50.⁹⁴ Hjáleigurnar lögðust báðar af eftir mikið ofanflóðaveður 2. september 1886.⁹⁵


Innan úttektarsvæðisins sem skráð er undir Esjuberg er einstakur minjastaður sem var þingstaður en hann er horfinn. Aðrar minjar eru herminjar á Leiðhömrum, ekki er talið líklegt að þær verði fyrir áhrifum framkvæmdarinnar.

4.4.2 Fornleifaskrá Esjubergs vegna breikkunar Vesturlandsvegur

Esjuberg 1896-30 (284-21)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-30	284-21	Leiðvöllur	Þingstaður	Heimild	930	367112	414427			Ómetið	Já

Leiðvöllur er örnefni sem var á malarkambi við Kollafjörð norðanverðan. Ef loftljósmynd frá 1946 er borin saman við nýlegar loftmyndir má sjá að á svæðinu hafa orðið miklar breytingar vegna landsigs, sandnáms og vegagerðar. Vegna þessara þátta hafa grjóteyrin og tjörnin horfið.



Mynd 33. Sýnir Leiðtjörn og Leiðvöll árið 1946.⁹⁶



Mynd 34. Sama svæði árið 2012.⁹⁷

⁹¹ Jarðabók, III, 1704, bls. 344-345.

⁹² Jón Oddsson Hjaltalín, bls. 33.

⁹³ Johnsen, 1847, bls. 438.

⁹⁴ Johnsen, 1847, bls. 97. Jarðamat á Íslandi, bls. 666.

⁹⁵ Kjalarnes eptir skriðuhlaupin, 1896, bls. 145-146.

⁹⁶ Loftljósmynd, AMS91000721 1946, LMÍ.

⁹⁷ LUKR. Loftljósmynd 2012.



Mynd 35. Þegar loftljósmynd frá 1946 var hnitsett (strekkt) yfir loftmynd frá 2012 má sjá breytingar sem hafa orðið á strandlínunni á þeim tíma líklega vegna landsigs, sandnáms og vegagerðar.

Staðhættir: „Vestar er Leiðvöllur, sem talinn er vera hinn gamli þingstaður Kjalarnesþings. Nú er þar aðeins malareyri, sem fellur yfir í flóðum. Ofar var Leiðtjörn, en sandnámið hefur nú eyðilagt hana nema austast. Í hana rann Markagil.“⁹⁸ Leiðvöllur er örnefni sem var á malarkambi niður við sjó út með Kollafirði norðanverðum, á mörkum jarðanna Esjubergs og Mógilsár.

Örnefnið bendir til þess að þarna hafi verið haldin *héraðsþing* að loknu alþingi. Ofar var Leiðtjörn og kirkjuflöt var ofan við hana en þar var sagt að hefði verið bænhús eða kirkja og viðirnir í hana verið fluttir um Leiðvöll. En talið hefur verið líklegra að sagnir eigi við um kirkjuna á Esjubergi.⁹⁹ Örnefnið Leiðvöllur, Leiðtjörn og Leiðhamrar sem þarna eru gefa vísbendingar um að þarna hafi verið haldin leiðamót, leiðaping eða héraðsþing. Leiðvöllur er fornt nafn og merkir „völlur þar sem haldin eru leiðamót“.¹⁰⁰ Staðurinn gæti því hafa dregið nafn sitt af *leiðapingi* sem haldið var að loknu Alþingi til að greina frá störfum þess og birta tilkynningar.

Lengi hefur verið talið að *Kjalarnesþing*, sem var sett á fyrir stofnun Alþingis um 930, og talið undanfari þess, hafi fyrst verið á Leiðvelli. Fram kemur í Íslendingabók að fyrir stofnun Alþingis að áður „... vas þing á Kjalarnesi, þat es Þorsteinn Ingólfsson landnámamanns, faðir Þorkels mána lögsögumanns, hafði þar ok höfðingjar þeir es at því hurfu.“¹⁰¹ Í Landnámu er tekið í sama streng og staðkunnugur höfundur Kjalnesinga sögu virðist hafa horft á tóftir búðanna sem sáust enn suður við sjóinn um 1300.¹⁰² Þorsteinn Ingólfsson var útnefndur allsherjargoði á Alþingi og báru afkomendur hans titilinn eftir það svo það er ekki ólíklegt að hann hafi sett það. Þegar kristni var lögfest árið 1000 var Þormóður Þorkelsson sonarsonur hans allsherjargoði.¹⁰³

Þegar Kristian Kålund kom á Leiðvöll 1873 taldi hann staðinn svara til lýsinga í Kjalnesinga sögu um Kjalnesingaping, flöt og löng grasræma á norðurströnd Kollafjarðar. Eyrin var þá að mestu þakin sjávarmöl og sjór gekk stundum yfir hana. Kålund taldi lítil og óglögg merki búðartófta að sjá þar, helst vestast og innst á eyrinni undir hallanum. Þar voru ef til vill nokkrar lágar upphækkanir sem gátu líka verið grónar skriður eða þúfur.¹⁰⁴

Sigurður Vigfússon forngripavörður kom á Leiðvöll 20. júlí 1880. Þá blasti við honum breið grjóteyri sem gekk út í sjó með malarkamb fyrir framan og langs fyrir ofan eyrina lá síki. Austan og

⁹⁸ Örnefnasafn, Mógilsá, 1967.

⁹⁹ Þinghald að fornu. (e.d.). SÁM: Örnefnasafn, Mógilsá-125733-283. SÁM: Örnefnasafn, Esjuberg-181191-284-1.

¹⁰⁰ Snara.is, vefbókasafn

¹⁰¹ *Íslensk fornrit* I. b., Íslendingabók, bls. 8.

¹⁰² *Íslensk fornrit* I. b., Landnáma bók, bls. 46. *Íslensk fornrit* I. b., Kjalnesingasaga, bls. 8.

¹⁰³ *Íslensk fornrit* I. b., 46.

¹⁰⁴ Kristian Kålund, 1984, bls. 32-42.

uppar því var lítill graseyri sem hét Kirkjuflöt og þar sáust leifar af lítilli tóft. Það var eina mannvirkið sem hann fann þrátt fyrir mikla leit.¹⁰⁵

Lýsing: Svæðið líklega komið á kaf í sjó og engar minjar sjáanlegar.

Hættumat: Engin hætta. Horfið.

Esjuberg 1896-118 (284-41)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-118	284-41		Herminjar	Niðurgröftur	1940	366658	414451			Sæmilegt	Nei



Mynd 36. Byssustæði (1896-122), horft í suðvestur.



Mynd 37. Hugsanleg ummerki, tvær lautir (nær) í tengslum við byssustæði (1896-122), horft í norðaustur.

Staðhættir: Fyrir ofan vestasta klettinn í Leiðhömrum er byssustæði. Um 65 m norður af Vesturlandsvegi og 52 m norðvestur af byssustæði (1896-122).

Lýsing: Grasi vaxið niðurgrafið hringlaga svæði sem mokað hefur verið upp í kring. Utanmál um 5 x 5 m og 50 cm á dýpt. Sunnan við eru tvö minni gróðursnauð hringlaga svæði, lautir, sem gætu hafa tengst byssustæðinu. Sjá fremst á mynd 40.

Hættumat: Lítil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Esjuberg 1896-122 (284-43)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-122	284-43		Herminjar	Niðurgröftur	1940	366543	414378			Gott	Nei



Mynd 38. Byssustæði (1896-122), horft í suðvestur.



Mynd 39. Byssustæði (1896-122), horft í austur.

Staðhættir: Utan í einum klettinum í Leiðhömrum, 40 m norðan við Vesturlandsveg, Þjóðveg 1, og 54 m suðaustur af byssustæði (1896-118), er annað byssustæði.

¹⁰⁵ Sigurður Vigfússon, 1880-1881, bls. 65-70.

Lýsing: Grasi gróið, niðurgrafið hringlaga svæði um 3 x 4 m og um 70 cm á dýpt og mokað upp í kring. Gott útsýni er frá byssustæðinu yfir mynni Kollafjarðar. Um 50 m austur af eru þrír steyptir fletir sem gætu hafa verið undirstöður (1896-124).

Hættumat: Lítil hættu.

Hættuorsök: Vegagerð.

Esjuberg 1896-124 (284-44)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-124	284-44		Herminjar	Steypa	1940	366613	414382			Gott	Nei



Mynd 40. Steyptir fletir í röð (1896-124), horft í vestur.



Mynd 41. Miðjuflöturinn, horft í vestur.

Staðhættir: Fyrir ofan klett í Leiðhömrum um 37 m norðan við Vesturlandsveg og um 80 m austur af byssustæði (1896-122) eru þrír steyptir fletir í röð.

Lýsing: Fletirnir eru úr steinsteypu um 1 x 1 m og um 5 m á milli þeirra. Upp úr þeim vestasta standa fjórir jarnboltar og tvö steypustyrktarjárn. Í miðjum fletinum eru tveir jarnrammar steyptir ofan í sem skiptast í tvennt með jarnbolta í hverjum fleti, samtals fjórum. Sá austasti virðist vera eins og sá í miðjunni en meira grasi vaxinn. Gætu hafa verið undirstöður fyrir byssu eða mastur.

Hættumat: Lítil hættu.

Hættuorsök: Vegagerð.

4.5 Móar 125724-287

4.5.1 Móar, saga, minjar og örnefni

Bærinn Móar stendur sunnan við Vesturlandsveg og neðan við Esjuberg. Á Móum bjó Sr. Matthías Jochumsson (1835-1920) þjóðskáld í sex ár. Það voru honum þungbær ár því á þeim tíma missti hann tvær eiginkonur í blóma lífsins. Hann flutti að Móum í júní 1867 með Elínu konu sinni sem lést einu og hálfu ári síðar á annan dag jóla 1868. Tveimur árum eftir það, 1870 gekk hann að eiga Ingveldi Ólafsdóttur en hjónaband þeirra varð mjög skammvinnnt því hún dó úr lungnabólgu á annan í hvítasunnu 1871. Þriðja og síðasta eiginkona Mattíasar var ung heimasæta í Saurbæ Guðrún Runólfsdóttir sem hann giftist árið 1875 og lifði hún mann sinn. Á þeim tíma sem þau voru að draga sig saman var hún selráðskona í Saurbæjarseli á Blikdal sumarið 1872 en tóftir selsins standa vel ennþá. Þaðan sendi hún honum ber í fötu og nokkrar línur með. Hann brást við hin glaðasti og reið fram á dal til að þakka henni fyrir sendinguna.¹⁰⁶


Á Móum bjuggu hjónin Teitur Guðmundsson og Unnur Ólöf Andrésdóttir, frá 1950 til 1985. Þau voru í forystu í alifuglarækt á landinu og ráku þar stórt kjúklingabú. Þau vélvæddu fóðrun fugla í varpi og uppeldi og komu sér upp aðstöðu og vélakosti til slátrunar.¹⁰⁷ Búið er elsta hænsnabú á Kjalarnesi

¹⁰⁶ Þórunn Erla Valdimarsdóttir, 2006, bls. 209-259.

¹⁰⁷ Jón M. Guðmundsson (3.12.1997). bls. 42.

og eitt af stærstu búum á landinu.¹⁰⁸ Á bæjarstæðinu stendur eitt af elstu íbúðarhúsum á nesinu sem Sigríður Jónsdóttir byggði 1910 að því er kemur fram í bókinni Kjalnesingum og því væntanlega sama hús og teiknað er á túnakort 1916.¹⁰⁹

Móar voru í eigu Viðeyjarklausturs árið 1395, þá getið í skrá um kvikfé og leigu mála klaustursins.¹¹⁰ Þeir komust síðar í eigu konungs og eru í fógetareikningum frá 1547-1552.¹¹¹ Jörðin var ein af jörðum Viðeyjarklausturs á árunum 1686 og 1695 metin á 20 hundruð.¹¹²



Mynd 42. Staðsetning fornleifa við Móa.¹¹³

Árið 1703 fékk Niels lögmaður Kier konungsbréf um að mega fá Kjósarsýslu eftir Jón Eyjólfsson tengdaföður sinn og fjórar jarðir sem Jón hafði haft frá 1684, Hrisbrú, Varmadal, Móa og Saltvík.¹¹⁴

Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704 var jörðin í eigu konungs og var leigð til sýslumannsins Jóns Eyjólfssonar, dýrleiki var óviss. Þá var tvíbýli á jörðinni til helminga. Kvaðir voru um tvö mannlán á vertíð árlega frá því Jón Eyjólfsson tók við (1684) en hafði verið eitt áður ásamt öðrum kvöðum sem Jón hafði ekki kallað eftir. Á jörðinni var hægt að fóðra sex kýr, tíu lömb og tvo hesta. Uppreksur geldnauta og fjár var á Hvannavelli á Mosfellsheiði. Mótak til eldiviðar frá Esjubergi minnkandi notað. Nokkur von var um reka, hrognkelsa- og skelfiskfjöru. Heimræði var allt árið en verstaða hafði aldrei verið. Mjög stórviðrasamt var sem spillti túnnum ásamt vatni. Selstöðu hafði jörðin hjá Esjubergsseli að eign eða láni.¹¹⁵

¹⁰⁸ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 347.

¹⁰⁹ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 343.

¹¹⁰ Íslenzkt fornbréfasafn, III., bls. 598.

¹¹¹ Íslenzkt fornbréfasafn, XII., bls. 109, 134-136, 151, 171, 397.


¹¹² Björn Lárusson, 1967, bls. 132.

¹¹³ LUKR. Milliflugmynd 20012.

¹¹⁴ Safn til sögu Íslands, II., bls. 151.

¹¹⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III. b., bls. 347-348.

Með konungsúrskurði 26. apríl 1756 fékk Þórður Þórhallsson prestur í Saurbæ og Brautarholti Móa frítt til búsetu í staðinn fyrir Skrauthóla sem urðu fyrir stórskaða af skriðu 1748.¹¹⁶ Þegar Jarðatal Johnsen var gert 1847 var jörðin enn lénsjörð fyrir prestinn, metin á 20 hundruð.¹¹⁷



Mynd 43. Túnakort Móa frá 1916.¹¹⁸

Innan úttektarsvæðis á Móum er hluti af gömlu túni, tröð, leifum af útihúsi og aflagður vegur. Vegna mikillar nálægðar við bæjarstaðið má búast við óþekktum fornleifum við framkvæmdir.


4.5.2 Fornleifaskrá Móa vegna breikkunar Vesturlandsvegur

Móar 1896-88 (287-16)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-88	287-16		Leið	Vegur	1950-1970	365087	415309	300	4	Gott	Nei



Mynd 44. Vegur (1896-88), horft í austur.



Mynd 45. Kortið sýnir staðsetningu vegar (1896-88) sem er teiknaður eftir uppmælingu.

¹¹⁶ Lovsamling for Island, III. b., 1853, bls. 234-235.

¹¹⁷ Johnsen, 1847, bls. 97.

¹¹⁸ Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort, Móa 1916.

Staðhættir: Gróinn vegur fyrir austan Móa. Liggur frá Þjóðvegi, við steypnan dæluskúr, til vesturs í átt að Móum. Er aflagður afleggjari heim að Móum og hluti af vegi sem liggur nú að hvíttri skemmu.

Lýsing: Malarvegur, upphækkaður, grasi gróinn.

Hættumat: Mikil hætta, vegna vegagerðar.

Móar 1896-89 (287-17)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-89	287-17		Útihús	Þúst	1850	365005	415296	15	14	Slæmt	Að mestu



Mynd 46. Rústalegur hóll (1896-89) austur af Móum, horft í suðaustur.



Mynd 47. Kortið sýnir staðsetningu rústar (1896-89) austan Móa.

Staðhættir: Í túni um 150 m austur af gamla íbúðarhúsinu á Móum.


Lýsing: Rústalegur hóll í grónu túni. Sennilega leifar af útihúsi eða fjárborg.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Móar 1896-119 (287-19)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-119	287-19		Tröð	Heimild	1900	364860	415379			Ómetið	Já



Mynd 48. Sýnir staðsetningu á tröð (1896-119) þegar túnakort hefur verið strekkt yfir hnitsetta loftmynd.¹¹⁹

Staðhættir: Norðan við gamla íbúðarhúsið á Móum var tröð sem teiknuð var á túnakort Móa 1916 á svipuðum slóðum og núverandi heimreið er.

Lýsing: Tröðin er horfin undir núverandi veg.

Hættumat: Engin hætta.

¹¹⁹ LUKR. Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort, Móa 1916.

4.6 Sjávarhólar 125750-289

4.6.1 Sjávarhólar, saga, minjar og örnefni

Bærinn á Sjávarhólum stendur um 200 m ofan við austanverða Hofsvík á einu af þremur berghlaupum á Kjalarnesi, Sjávarhólshlaupinu sem féll úr Esjunni fram í Hofsvík á tímabilinu 9000 - 5000 f. Kr. Jörðin dregur nafn sitt af urðarhólum við ströndina og á nafnið vel við landslagið á þessum slóðum.¹²⁰ Núverandi íbúðarhús var byggt 1923 á bæjarstæðinu.¹²¹

Sjávarhólar koma fyrir í Kjalnesingasögu undir nafninu Hólar. Sögupersónan Búi kom þar á leið sinni heim á Esjuberg eftir að hafa vegið Þorstein á Hofi og lagt eld að hofinu og lýsti þar víginu á hendur sér.¹²²

Árið 1536 voru gerð arfskipti eftir séra Brynjólf Gizurarson og erfðu fjórar systur hans sex hundruð og áttatíu álnir í jörðinni, sem Alexíus ábóti í Viðey keypti. Í Sjávarhólabréfi frá 1537/8 er greint frá kaupum Alexíusar ábóta í Viðey á parti í Sjávarhólum.¹²³ Klaustrið hefur selt jörðina fyrir siðaskipti því hún kemur ekki fyrir í fógetareikningum. Á Esjubergsþingi 1541 var útnefndur dómur af Pétri Einarssyni umboðsmanni konungs í Kjalarnesþingi um bréf Viðeyjarklausturs fyrir jörðunum Skrauthólum, Bakka og Sjávarhólum. Niðurstaða dómsins var að bréf Alexíusar fyrir jörðunum voru lögleg og gild.¹²⁴

Jörðin var í einkaeign metin á 20 hundruð 1686 en 10 hundruð 1695.¹²⁵

Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704 var jörðin metin á 10 hundruð með einum ábúanda, eigandanum Þórunni Sigurðardóttur prestsekkju. Kvaðir voru þá engar en áður, þegar jörðin var leigð, var eitt mannlán á vertíð eða tvö ef ábúendur voru tveir. Þá var hægt að fódra sex kýr, eitt ungneyti, tíu lömb og einn hest á jörðinni. Torfrista var lítil en mótak til eldiviðar nægilegt. Rekavon var nokkur svo og hrognkelsafjara en skelfiskfjara var að mestu eydd en sölvatekja var næg fyrir heimamenn. Heimræði var allt árið en verstaða hafði aldrei verið fyrir aðkomuskip eða sjófólk nema stundum tveggja manna far frá Öfugskeldu sjálfskyldu frítt. Talið var að veiða mætti sel ef vildi. Landþröng var mikil og fé var mjög flæðihætt. Stórviðrasamt og lækjarskriða grandaði engjum.

Í maí 1748 féll mikil aurskriða úr Esjunni sem aftók mikinn part af landi Öfugskeldu og Sjávarhóla. Eggert og Bjarni voru á ferð á Kjalarnesi 1752 og nefna skriðuhlaupið og segjast þá hafa séð birkilurka sem voru sverari en stærstu tré í Húsafells- og Fnjóskadalsskógum. Talið er að skriðan hafi átt upptök neðan undir Gleið og fallið fram á milli Skrauthóla og Sjávarhóla.¹²⁶ Mestu skriðuföll sem heimildir eru um á svæðinu urðu eftir úrhelli sem varði í rúmar þrjár klukkustundir 2. september 1886. Blaðið Ísafold greindi frá tjóni sem skriðan olli rúmri viku síðar: „Sjávarhólar (19.1 hdr. Jörð). Þriðjungur af túninu undir skriðu eða leir og 2/5 af engjum.“¹²⁷

Sjávarhólakot var hjáleiga Sjávarhóla 1704 en aðrar heimildir geta ekki um kotið. Kotið hefur sennilega verið niður við sjóinn þar sem sjór braut af túninu 1704 svo það gæti hafa verið þar sem voru útihús frá Sjávarhólum 1916 (BSSR-Sjávarhólar-125750-289-2).¹²⁸

Þegar Jarðabókin var gerð 1704 reiknaðist jarðadýrleiki með heimajörðinni. Landskuld átti að greiðast með því sem ábúandi megnaði að gjalda og skyldi jarðeigandi leggja að mestu leyti við til húsabóta. Þá var hægt að fódra þar eina kú og torfrista, stunga og eldiviðartak var í heimalandi en sjór braut af túninu. Kvaðir voru engar og mátti ábúandinn fleyta hálfum báti sínum að vild.¹²⁹

¹²⁰ Tómas Jóhannesson o.fl. 2010, bls. 27.

¹²¹ BSSR-Sjávarhólar-125450-289.

¹²² Íslensk fornrit XIV. b., Kjalnesinga saga, bls. 13.

¹²³ Íslenskt fornbréfasafn, X. b., bls. 14.

¹²⁴ Íslenskt fornbréfasafn, X. b., bls. 672.

¹²⁵ Björn Lárusson, 1967, bls. 132.

¹²⁶ Tómas Jóhannesson o.f.l., 2010, bls. 64-65.

¹²⁷ Kjalarnes eptir skriðuhlaupin, 1886.

¹²⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III. b., bls. 351.

¹²⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III. b., bls. 351.

Engar fornleifar eru skráðar á býlið en það er skráð eftir heimild undir Sjávarhóla.¹³⁰

Öfugskelda var býli sem var sennilega um 30 metra suðaustur af Skrauthólum III og um 570 m norðaustur af Sjávarhólum. Þar er túnblettur sem nefnist Öfugskelda sem hafði fylgt Sjávarhólum en var lagður til Skrauthóla 1918.¹³¹ Þar eru minjar sem talið er að gætu hafa verið hluti af býlinu skráðar undir Sjávarhóla, rúst, gerði og hlaðinn garður að lítilli keldu sem kallast Ófeigskelda.¹³² Býlið tók af í skriðuföllum 1748 og var sennilega ekki byggt upp aftur eftir það. Samkvæmt bréfi sem séra Þórður Þórhallsson prestur í Saurbæ og Brautarholti sendi konungi 1754 segir að skriða 1748 hafi skemmt hús og tún svo mikið í Öfugskeldu að ekki sé hægt að byggja þar upp aftur.¹³³



Mynd 49. Staðsetning fornleifa við Sjávarhóla.¹³⁴

Býlið tók af í skriðuföllum 1748 Jarðarinnar er getið 1510 í dómi um eignaskipti Gríms Pálssonar og Þorvarðs Erlendssonar lögmanns þar sem Grímur selur Þorvarði meðal annars fjórar jarðir á Kjalarnesi. Í Sáttarbréfi bænda 1515 kemur fram að Grímur og Þorleifur sonur hans eiga Arnarholt og

¹³⁰ BSSR-Sjávarhólar-125450-289-13.

¹³¹ Fasteignabók Kjósarsýslu 1918, bls. 63.


¹³² BSSR-Sjávarhólar-125750-289-10, 11.

¹³³ Tómas Jóhannesson o.fl. 2010, bls. 65.

¹³⁴ LUKR. Milliflugsloftmynd 2012.

Öfugskeldu. Í júlí sama ár kemur fram að þeir feðgar fá Öfugskeldu og Arnarholt af Hólmfríði Erlendsdóttur í skiptum fyrir Sandgerði á Miðnesi.¹³⁵ Árið 1549 var kveðinn upp alþingisdómur og Sandgerði var dæmt eign Þorleifs Grímssonar en Öfugskelda og Arnarholt dæmd af honum.¹³⁶ Jörðin var í einkaeigu metin á 15 hundruð 1686 en 10 hundruð 1695.¹³⁷

Öfugskelda var bújörð 1704 metin á 10 hundruð og var í eigu fimm aðila. Þórunn Sigurðardóttir prestsekkja á Sjávarhólum átti mest, þrjú hundruð og fjörutíu álnir en hinir eitt hundrað og áttatíu álnir hver. Ábúandi var einn og var eigandi að einum lægri hlutanna. Þá var þar hægt að fóðra þar sex kýr, tvö ungnaut, tíu lömb og einn hest. Kvaðir voru engar. Torfrista og stunga voru sæmilegar en mótak þurfti að kaupa annars staðar. Landþröng var mikil og skriða spillti túnum og engjum. Stórviðrasamt mjög.



Mynd 50. Túnakort Sjávarhóla 1916.¹³⁸

Öfugskelda hefur sennilega farið í eyði eftir skriðufall 1748. Ölfusvatnsannáll 1747 segir frá því að fallið hafi mikilfengleg skriða eða jarðarumrótan úr Esjunni sem tók af mikinn part af landi Öfugskeldu og Sjávarhóla en af bréfum frá þessum tíma kemur fram að skriðan hefur fallið í maí 1748 frekar en 1747. Fram kemur í bónarbréfi séra Þórðar Þórhallssonar í Saurbæ til konungs frá 10. júlí 1754 að „skriðan hafi skemmt hús og tún á Öfugskeldu, svo þar megi ekki aftur upp byggja, og að skriðan hafi stórskemmt tún og úthaga bæði á Skrauthólum og Sjávarhólum.“¹³⁹

Öfugskeldu er ekki getið í Jarðatali Johnsens 1847 en í neðanmálgrein við Sjávarhóla kemur fram að jarðabækur nefni jörðina en hennar sé ekki getið í jarðabók 1802 og virðist hún þá hafa verið orðin partur af Sjávarhólum. Jarðadýrleiki hennar var 10 hundruð eins og Sjávarhóla.¹⁴⁰

Engar minjar eru skráðar á Öfugskeldu en býlið er skráð undir Sjávarhóla og þar eru tvennar minjar (BSS-Sjávarhólar-125750-289-10, 11) sem tengjast sennilega býlinu.

¹³⁵ Íslenzkt fornbréfasafn, VIII. b., bls. 322, 560-562.

¹³⁶ Íslenzkt fornbréfasafn, XI. b., bls. 717.

¹³⁷ Björn Lárusson, 1967, bls. 132.

¹³⁸ Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort, *Sjávarhólar 1916*.

¹³⁹ Tómas Jóhannesson o.fl. 2010, bls. 32.


¹⁴⁰ Johnsen, 1847, bls. 97.

Innan úttektarsvæðis við Sjávarhóla þvera bæði Esjuvegur og Vesturlandsvegur heimatúnið. Esjuvegur er aðeins um 45 m frá bæjarstæðinu en þar gæti verið að finna fornleifar. Um 25 m austan við Vesturlandsveg eru fornleifar, rúst af útihúsi (1896-56) sem deiliskípulagið nær yfir og er hún í bráðri hættu vegna framkvæmdanna.

4.6.2 Fornleifaskrá Sjávarhóla vegna breikkunar Vesturlandsvegar

Sjávarhólar 1896-50 (289-5)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-50	289-5		Garðrækt	Heimild	1900-1950	363630	416926	55	27	Ómetið	Já



Mynd 51. Kortið sýnir staðsetningu kálgarðs (1896-50) þegar túnakort frá 1916 hefur verið strekkt yfir hnitsetta loftmynd.¹⁴¹

Staðhættir: Kálgarður Sjávarhóla var 880 m² samkvæmt Túnakorti frá 1916. Garðurinn var um 55 x 27 m vestan og sunnan við bæinn. Fast uppvið kálgarðinn, þar sem hann mjókkar suðvestan megin, var útihús (1896-54). Steypt plan sem er fyrir framan núverandi íbúðar- og útihús er í hluta af kálgarðinum.

Lýsing: Horfinn en minjar gætu leynst undir sverði.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð, framkvæmdir.

Sjávarhólar 1896-52 (289-1)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá ár	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd	Breidd	Ástand	Horfin
1896-52	289-1	Sjávarhólar	Bústaður	Heimild	1850-1923	363639	416938			Ómetið	Já



Mynd 52. Kortið sýnir staðsetningu bæjarins (1896-52) samkvæmt túnakorti 1916 þegar það hefur verið strekkt yfir hnitsetta loftmynd.¹⁴²

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti sem var gert af Sjávarhólum 1916 mun bústaðurinn hafa staðið norðaustur af kálgarði og mun hafa verið 26 m á breidd. Samanstóð bústaðurinn af þremur húsum og einu hliðarhúsi. Mælast hólfin 7 x 10 m, 6 x 10 m, og 7 x 8 m, en hliðarhúsið mælist 4 x 5 m og er það 2 m suðaustur af hinum eiginlegu bæjarhúsum.

Lýsing: Miðað við túnakort þá hefur gamli bærinn staðið þar sem nú eru íbúðar- og útihús. Núverandi íbúðarhús, sem er steypt, var byggt árið 1923 samkvæmt upplýsingum frá Ólafi Guðbjartssyni ábúanda á Sjávarhólum.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Framkvæmdir, vegagerð.

¹⁴¹ LUKR. Milliflugsmynd 2012. Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort, *Sjávarhólar 1916*.

¹⁴² LUKR. Milliflugsmynd 2012. Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort, *Sjávarhólar 1916*.

Sjávarhólar 1896-53 (289-3)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-53	289-3		Útihús	Heimild	1900	363611	416838	4	4	Ómetið	Að hluta



Mynd 53. Kortið sýnir staðsetningu útihúss (1896-53) samkvæmt túnakorti þegar það hefur verið strekkt yfir hnitsetta loftmynd.¹⁴³

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti voru óskilgreind útihús 100 m suðsuðvestur af bænum og mældust þau 4 x 4 m.


Lýsing: Fannst ekki á yfirborði vegna túnasléttunar og verklegra framkvæmda. Gætu komið í ljós við jarðrask.

Hættumat: Mikil hættu.

Hættuorsök: Framkvæmdir, vegagerð.

Sjávarhólar 1896-54 (289-7)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-54	289-7		Útihús	Heimild	1900	363630	416904	5	4	Ómetið	Að hluta



Mynd 54. Kortið sýnir staðsetningu útihúss (1896-54) samkvæmt túnakorti þegar það hefur verið strekkt yfir hnitsetta loftmynd.¹⁴⁴

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti voru útihús 20 m beint suður af bænum, alveg upp við kálgarð bæjarins. Sneru í norður- suður með tveimur hólfum og mældust þau saman 6 x 5 m.

Lýsing: Horfin vegna túnasléttunar og verklegra framkvæmda. Gætu komið í ljós við jarðrask.

Hættumat: Mikil hættu.

Hættuorsök: Framkvæmdir, vegagerð.

¹⁴³ LUKR. Milliflugsmynd 2012. Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort, *Sjávarhólar 1916*.

¹⁴⁴ LUKR. Milliflugsmynd 2012. Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort, *Sjávarhólar 1916*.

Sjávarhólar 1896-55 (289-12)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-55	289-12		Leið	Vegur	1900	363606	416885	127	5	Gott	Nei



Mynd 55. Vegur (1896-55) frá bænum að sjó, horft í norðaustur.



Mynd 56. Vegur (1896-55) teiknaður eftir uppmælingu.

Staðhættir: Vegur sem liggur í norðaustur, suðvestur frá Esjuvegi við afleggjarann að Sjávarhólum, niður að núverandi þjóðvegi. Hefur legið frá hlaðinu á Sjávarhólum og alveg niður að sjó. Er ennþá notaður neðan núverandi vegar við útskot þar sem eru upplýsingaskilti. Vegurinn er ekki merktur inn á túnakortið, en líklega er þetta leið í vör bóndans.

Lýsing: Vegurinn er um 5 m breiður og upphækkaður um 60-70 cm sumstaðar að vestanverðu en að norðanverðu fellur hann inn í landslagið.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð.

Sjávarhólar 1896-56 (289-2)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-56	289-2		Útihús	Tóft	1900	363552	416766	11	7	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 57. Útihús (1896-56), horft í norðaustur.



Mynd 58. Teikning af útihúsi (1896-56) eftir uppmælingu. Undir er hnitsett túnakort.

Staðhættir: Utan í hól, um 25 m austan við þjóðveg 1 og um 175 metra suðvestur af núverandi íbúðarhúsi á milli tveggja hóla. Samkvæmt túnakorti var þarna hús með þremur hólfum en aðeins tvö syðri hólfin eru greinileg nú.

Lýsing: Rústin er grasi gróin og liggur í norðaustur, suðvestur, tveggja hólfa. Nyrðra hólfið A er um 5,3 x 3,6 m að innanmáli, niðurgrafið mest um 1,5 m. Veggir aðallega úr grjóti, nokkuð hrunið úr þeim, garðlög átta til níu og dýpst um 1,50 m, grasi gróin í botninn.

Syðra hólfið B er ekki niðurgrafið, með steyptri plötu sem er mosavaxin. Suðvesturveggur er mjög óljós, jarðlægur grasi gróinn rétt um 20 cm á hæð. Á norðvesturvegg er nýleg girðing. Þriðja hólfið C var norðvestan við hólfið B en er horfið og engin ummerki sjáanleg.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

4.7 Vallá 125762-291

4.7.1 Vallá, saga, minjar og örnefni

Vallá er austan og ofan við Hofsvík. Lögbýli um aldir og þar voru ýmist eitt eða tvö býli fram til 1800, sem voru aðgreind með austur, vestur, eystri, vestri, stóra, minni, innri, ytri og Syðsta Vallá kemur einnig fyrir. Bæði býlin eru skráð undir Vallá. Samkvæmt túnakorti frá 1916 var bæjarstæði **Vallár vestri** þar sem nú stendur bygging, tvær hæðir og ris með þremur kvistum, sem byggð var 1958 við steinsteypt íbúðarhús sem reist var um 1923. Bæjarstæði **Vallár eystri** var samkvæmt túnakorti og örnefnalýsingu í suðaustur frá því vestara, steinsnar austan við eldri farveg Vallárlækjar á milli bæjanna sem var þá á mörkum jarðanna. Vallá eystri fór í eyði um aldamótin 1800 og var pörtuð niður. Túnið gekk þá undir heimajörðina en annað var keypt af bændum í Hofshverfi.¹⁴⁵ Farvegi Vallárlækjar var breytt einhvern tíma á milli 1900 og 1916 af Benedikt Magnússyni bónda á Vallá og eftir það rann lækurinn norðan og vestan við bæinn. Þegar Guðrún Bjarnadóttir, sem bjó á Vallá frá 1925-1957, skráði örnefni fyrir Vallá, sennilega á tímabilinu 1950-57, hét ávöl bunga suðaustur heiman frá „Gamli bær“ og þá hafði sést móta fyrir bæjarrústum til skamms tíma.¹⁴⁶ Vitað er um tvö önnur býli byggð í landi jarðarinnar, hjáleigan Grund var byggð frá því um 1684 fram undir 1704 og býlið Litla Vallá var byggt úr landi jarðarinnar nokkru fyrir aldamótin 1900.¹⁴⁷

Fyrsta rafstöðin í Kjalarneshreppi var reist á Vallá þegar Vallárlækur var virkjaður 1930. Stöðin var eingöngu notuð til ljósa og sá hún þremur bæjum fyrir rafmagni, Vallá, Litlu Vallá og Skrauthólum ásamt skólanum á Klébergi. Stöðvarhúsið stóð við lækinn fyrir austan Fólkvang, því hefur verið rutt um koll einhvern tíma og sjá má steypuleifar hússins á lækjarbakkanum.¹⁴⁸

Benedikt Steinar Magnússon (1929-1970) stofnandi steypustöðvarinnar B. M. Vallá í Reykjavík var fæddur og uppalinn á Vallá. Hann lagði grunninn að fyrirtæki sínu í fjörunni á Vallá þar sem hann mokaði upp steypuefni. Síðar flutti hann inn tæki og stofnaði fyrirtækið Steypumöl hf. til malarnáms í Álfsnesi. Steypuverksmiðjan B. M. Vallá reis svo í Krossamýri við Elliðavog.¹⁴⁹

Vallá er í landnámi Helga bjólu en ekki er vitað hvenær jörðin byggðist en Vallá er til umfjöllunar í bréfi frá 5. maí árið 1377 þegar Brynjólfur Bjarnason seldi Valgarði Loftssyni jörðina „Syðstu- Vallá“ á Kjalarnesi.¹⁵⁰ Þremur árum síðar, í júlí 1380, lét Valgarður Pál ábóta í Viðey hafa jörðina gegn því að hann kenndi syni hans í sex ár.¹⁵¹ Í skrá frá 1395 um kvikfé og leigumál á jörðum klaustursins eru tveir bæir á Vallá. Frá sama ári er skrá yfir jarðir sem fóru undir Viðeyjarklaustur frá því að Páll ábóti kom þangað og þar er Vallá talin upp og metin á 20 hundruð.¹⁵² Í Fógetareikningum frá 1547 til 1552 er talað um Stóru- Minni, Innri- og Ytri Vallá. „Sterrewalde og Minnewalde, Stere Walde og Mijnder Walde, Sterre Waldo og Mijnde Waldo, Inderreuatle og Ittherwasde“ varðandi landskuld.¹⁵³

¹⁴⁵ Vallá og Litla Vallá 1916, túnakort. Örnefnasafn, Vallá 125762-291.

¹⁴⁶ Örnefnasafn, Vallá 125762-291.

¹⁴⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* III. b., bls. 354. Þí: Örnefnasafn, Vallá 125762-291.

¹⁴⁸ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 301.

¹⁴⁹ Guðmundur Magnússon, Hlynur Þór Magnússon. (1971, 24. febrúar). Minning Benedikt Magnússon frá Vallá..

¹⁵⁰ *Íslenzkt fornbréfasafn*, III. b., bls. 316.

¹⁵¹ *Íslenzkt fornbréfasafn*, III. b., bls. 354-355.

¹⁵² *Íslenzkt fornbréfasafn*, III. b., bls. 598.

¹⁵³ *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII., bls. 108, 135, 150, 170, 396.



Mynd 59. Staðsetning fornleifa við Vallá.¹⁵⁴

Eystri og Vestri Vallá voru báðar metnar á 20 hundruð á árunum 1686 og 1695 í einkaeigu og konungs.¹⁵⁵

Þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín unnu að gerð Jarðabókarinnar sumarið 1704 voru þeir í tjöldum á Vallá dagana 26.-28. júní.¹⁵⁶ Þá voru tvö býli á jörðinni, Eystri- og Vestri Vallá hvort um sig metið á 20 hundruð. Kvaðir voru um eitt mannlán á vertíð af allri jörðinni. Þá var hægt að fóðra sjö kýr, tíu lömb og einn hest á allri jörðinni sem hafði haft fría hesta- og nautagöngu á sumrin á Hvannavöllum á Mosfellsheiði. Torfristu og stunga höfðu býlin í sínu landi en móttak var í landi Vestri Vallár. Þá var nokkur rekavon. Heimræði var allt árið og gengu skip heimamanna eftir hentugleikum en engin verstaða hafði verið fyrir aðkomufólk. Landþröng mikil og hætt við skriðum og vatnságangi á tún. Mjög stórvíðrasamt.

¹⁵⁴ LUKR. Lágflugsloftmynd 2017.

¹⁵⁵ Björn Lárusson, 1967, bls. 132.

¹⁵⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III. b., bls. 329. Már Jónsson, 1998, bls. 376.

Vallá var í bændaeign þegar Jarðatal Johnsen 1847 var tekið saman með einum ábúanda, metin á 20 hundruð. Neðanmáls segir að sýslumaður telji jörðina aðeins 12 hundruð. Í viðauka er eyðihjáleigan Grund sögð með Vallá.¹⁵⁷

Grund hafði verið hjáleiga Vallár vestri í nokkur ár 1704, þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð. Hún hafði þá byggst fyrst rúmum tuttugu árum áður, eða um 1684, og var byggð í nokkur ár en var farin í eyði þegar Jarðabókin var gerð og ekki var talið að hægt væri að byggja hana aftur nema til skaða fyrir heimajörðina.¹⁵⁸ Hjáleigan virðist ekki hafa verið byggð aftur. Í örnefnalýsingu Vallár segir að „Í norður frá bænum í um 500 m fjarlægð er slétt flöt harðlend, ílöng frá austri til vesturs. Hún nefnist Grundir. Þar var býli fyrir löngu. Garðlag heita vel sjáanlegar túngarðsleifar vestarlega á Grundunum.“¹⁵⁹ Grundir er enn örnefni á túni austan við íbúðarhúsið Gil en leifar túngarðs voru ekki sjáanlegar. Engar fornleifar eru skráðar undir býlið sem, ásamt túngarði, er skráð sem fornleifar undir Vallá.¹⁶⁰

Litla- Vallá var byggð rétt fyrir aldamótin 1900 á Hjallhól, um 200 m norðvestan við eldra bæjarstæðið á Vallá.¹⁶¹ Á túnakorti kemur fram að: „Litla Vallá [var] byggð fyrst nokkru fyrir aldamótin að sögn. Afgirti bletturinn tekin til ræktunar og sléttaður að nokkru af húsmanni þeim sem þar er enn. Slægjur víða umhverfis.“¹⁶² Býlið var sameinað heimajörðinni þegar ábúð lauk þar 1960 en húsin seld, ásamt 1 hektara lands, sem sumarbústaður.¹⁶³ Þar standa nú (2018) íbúðarhús og hlaða frá 1936 á bæjarstæðinu.¹⁶⁴ Engar fornleifar eru skráðar undir býlið sjálft sem er, ásamt kálgarði og útihúsum, skráð eftir túnakorti sem fornleifar undir Vallá.¹⁶⁵

Innan úttektarsvæðis á Völlum eru tvennar yngri minjar, leifar af rafstöð og vegur. Ekki er talin þörf á aðgerðum vegna framkvæmdanna.


4.7.2 Fornleifaskrá Vallár vegna breikkunar Vesturlandsvegur

Vallá 1896-120 (291-10)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd	Breidd	Ástand	Horfin
1896-120	291-10		Rafstöð	Rúst	1930-1952	363043	417913			Slæmt	Nei



Mynd 60. Leifar rafstöðvar (1896-120), horft í austur.



Mynd 61. Kortið sýnir staðsetningu leifa rafstöðvar (1896-120), horft í austur.

Staðhættir: Við Vallárlæk að norðanverðu eru leifar af rafstöð um 40 m austur af hreinsistöð við Kollagrund 3. Steypubrot sem eru að öllum líkindum leifar af stöðvarhúsi sem var byggt þegar

¹⁵⁷ Johnsen, 1847, bls. 97;460.

¹⁵⁸ Jarðabók, 1923-1924, bls. 353-354.

¹⁵⁹ Örnefnasafn, Vallá 125762-291.

¹⁶⁰ BSSR-Vallá-125762-291-12; 13.

¹⁶¹ Örnefnasafn, Vallá 125762-291. LUKR.

¹⁶² Vallá og Litla Vallá, 1916, túnakort.

¹⁶³ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 289.

¹⁶⁴ Þjóðskrá Íslands, Fasteignaskrá, Litla- Vallá.

¹⁶⁵ BSSR-Vallá-125762-291-6: 7: 8.

lækurinn var virkjaður 1930. Þetta var fyrsta vatnsvirkjunin í Kjalarneshreppi og teljast leifar rafstöðvarinnar til nýminja. Þær eru vitni um upphaf rafvæðingar í sveitum landsins. Stöðin var eingöngu notuð til ljósa á þrem bæjum Vallá, Litlu Vallá, Skrauthólum og í skólanum á Klébergi.¹⁶⁶

Lýsing: Stöðvarhúsinu hefur verið rutt niður, þar eru nú (2018) steypubrot í hrúgu á lækjarbakkanum.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Vallá 1896-123 (291-23)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-123	291-23		Vegur	Vegur	1927	363310	417649	2 km	5,5 m	Gott	Nei



Mynd 62. Kortið sýnir staðsetningu vegarins (1896-123) á hnitsettri loftmynd. Gula brotalínan sýnir afmörkun úttektaarsvæðis.

Staðhættir: Samhliða Þjóðvegi 1, Vesturlandsvegi, austan við, frá afleggjara að Saltvík að afleggjara að Vallá er eldri Þjóðvegur, gamli Vesturlandsvegurinn. Vegurinn er notaður sem innansveitarvegur og nefnist Esjuvegur (4560).

Lýsing: Malarvegur 5,5 m á breidd og um 2 km að lengd.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

4.8 Arnarholt 125651-304

4.8.1 Arnarholt, saga, minjar og örnefni

Jörðin Arnarholt á land upp í Esjuhlíðar og gamla bæjarstæðið var undir Bergi, að nokkru leyti á Krosshól sem er stór hóll með pöllum, líkt og tröppum. Býlið Brekka var þar norðvestan í hólnum og niður af bænum voru bakkar með sjónum sem hétu Húsabakkar.¹⁶⁷ Arnarholt var komið í eyði 1908 þegar gerð var bæjarteikning af Brautarholtshverfi sem taldi þá tíu bæi.¹⁶⁸ Á túnakorti frá 1916 kemur fram að jörðin hafi verið lögð undir Brautarholt 10-20 árum fyrr og að þar sé hvorki kálgarður né bæjarhús eftir. Samt sem áður eru þar teiknuð fimm hús, tvö voru orðin tóftir, þrjú með veggjum af

¹⁶⁶ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 301, 415.

¹⁶⁷ Örnefnasafn, Arnarholt-125651-304.

¹⁶⁸ H. Jörgensen, 1908, Bæjarteikningar B27L025.

grjóti og torfi þar af eitt með standpili.¹⁶⁹ Hefðbundinni búsetu á gamla bæjarstæðinu virðist hafa lokið 1906 þegar Sturlubræður eignuðust jörðina en þeir voru einnig eigendur að Brautarholti þar sem þeir ráku stórt kúabú og fluttu mjólkina sjóleiðis til Reykjavíkur og eftir það fylgdi Arnarholt Brautarholti¹⁷⁰ þar til 1927 að Thor Jensen stórkaupmaður keypti Arnarholt, Brekku og Holt af Ólafi Bjarnasyni í Brautarholti. Thor nýtti landið til sumarbeitar fyrir nautgripi sína og byggði mikið fjós og íbúðarhús á Árnamel.¹⁷¹ Þegar hernámliðið nam hér land hreiðruðu þeir um sig í fjósinu og innréttuðu það sem klúbb og mótuneyti og reistu skálahverfi norðan við byggingar í Arnarholti á Árnamel. Þegar skipti urðu á herliði 26. janúar settust 485 menn úr fótgönguliðssveit Bandaríkjahers að í Arnarholti.¹⁷² Árið 1943 keypti Reykjavíkurbær jarðirnar af Thor Jensen og kom á fót vistheimili fyrir skjólstæðinga sína.¹⁷³

Arnarholt kemur fyrst fyrir í máldaga Brautarholtskirkju 1491 varðandi jarðamörk og næst í jarðaskiptabréfi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms bónda Pálssonar á Möðruvöllum árið 1501 þar sem Grímur lét meðal annars eftirtaldir jarðir á Kjalarnesi, Hof á 60 hundruð, Arnarholt fyrir 40 hundruð, Skrauthóla fyrir 20 hundruð og Öfugskeldu fyrir 10 hundruð.¹⁷⁴ Árið 1506 seldi Stefán Jónson biskup Bjarna Jónssyni Bæ í Lóni fyrir Arnarholt á Kjalarnesi.¹⁷⁵ Sumarið 1510 var jörðin til umfjöllunar í Tylltardómi vegna eignaskipta Gríms Pálssonar og Þorvarðs Erlendssonar.¹⁷⁶ Árið 1515 kemur jörðin fram í sáttargjörðarbréfi bænda þar sem fram kemur að Grímur bóndi Pálsson og sonur hans Þorleifur eigi Arnarholt og Ögurskeldu á Kjalarnesi.¹⁷⁷ Síðan kemur Arnarholt fram í fógætareikningum frá 1547 til 1550 varðandi landsskuld og leigukúgildi.¹⁷⁸

Konungur fékk einn þriðja af Arnarholti 1641 og á árunum 1686 til 1695 var það í eigu konungs og einkaaðila metið á 40 hundruð.¹⁷⁹

Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1705 var jarðardýrleiki Arnarholts 40 hundruð með þremur ábúendum. Eigandinn bjó á stærsta partinum tuttugu og sjö og hálfu hundraði, annar ábúandi á sjö og hálfu hundraði og sá þriðji bjó á parti sem metinn var á fimm hundruð, hjáleiga kölluð Sigurðarhús. Kvaðir voru um skipsróður allt árið af hverjum ábúanda og ef einhver þeirra væri hæfur sem formaður átti hann að vera það kauplaust. Á tveimur fyrrnefndu pörtunum var hægt að fóðra átta kýr, tólf lömb, fimmtíu ásauði og geldfé, og fimmtán hesta. Fjárupprekstur var átölulaus og frír upp á Esju ásamt öðrum jörðum á Kjalarnesi. Útigangur á vetrum var góður og brást yfirleitt ekki. Skógarítak í Stórabotnsskógi við Hvalfjörð til raftviðar og kolgjörðar uppá þrjá hesta til samans árlega sem Sigurður Núpsson hafði gefið til jarðarinnar 1690. Torfrista og stunga var jörðinni hjálpleg og reiðingsrista var góð. Móskurður til eldiviðar var nægur og góður sem leiguliðar gátu brúkað að vild. Sölva- og hrognkelsafjara var lítil en þangtekja var talin næg til eldiviðar en lítið notuð. Rekavon var góð fyrir landi jarðarinnar. Skipsuppsátur var gott og heimræði var árið um kring og lending var óbrigðul á meðan útsjór er fær. Engjar voru litlar og snöggar, vatnsból var slæmt og þraut oft. Þá braut sjór smám saman land af túninu.

Hjáleigur Arnarholts voru fjórar 1705 samkvæmt Jarðabókinni. Fyrrnefnt **Sigurðarhús** var fyrsta hjáleigan sem hafði þá verið byggð í langan tíma, önnur var **Brekka** sem byggð var fyrst 30 árum áður, um 1675, þriðja var **Hryggur** „Hriggerur“ sem byggðist eitthvað fyrr en Brekka og fjórða var **Á Bergi** sem byggðist fyrst ellefu árum fyrir skráningu jarðabókarinnar, um 1694. Eitt tómt hús var á Arnarholti „Naudveria“ öðru nafni **Sigvatshús** sem hafði verið þá verið byggt í 40 ár eða frá 1665.¹⁸⁰

¹⁶⁹ Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort, Arnarholt 1916 (Brekka).

¹⁷⁰ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 140.

¹⁷¹ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 139.

¹⁷² Friðþór Eydal, 1997, bls. 269-270.

¹⁷³ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 141.

¹⁷⁴ Íslenskt fornbréfasafn, VII. b., bls. 53, 583.

¹⁷⁵ Íslenskt fornbréfasafn, VIII. b., bls. 49-50.

¹⁷⁶ Íslenskt fornbréfasafn, VIII. b. bls. 322.


¹⁷⁷ Íslenskt fornbréfasafn, VIII. b., bls. 560-561.

¹⁷⁸ Íslenskt fornbréfasafn, XII. b., bls. 108, 135, 150, 170.

¹⁷⁹ Björn Lárusson, 1967, bls. 133.

¹⁸⁰ Jarðabók, Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III, bls. 368-371.

Þegar Jarðatal Johnsens var tekið saman 1847 var Arnarholt í bændaeign, dýrleiki hafði þá lækkað um nærri helming og var hún metin á 23 hundruð en sýslumaður mat hana aðeins á 20 hundruð.¹⁸¹



Mynd 63. Staðsetning fornleifa í landi Arnaholts.¹⁸²

Innan úttektarsvæðis í landi Arnarholts er að finna fágætar minjar Arnarhamarsrétt. Réttin er nokkuð heilleg og er einstakur minjastaður. Því ber að varast allt jarðrask og stígagerð í nágrenni hennar. Aðrar minjar vegur og stekkir eru fjær framkvæmdarsvæðinu og því ekki í mikilli hættu.

¹⁸¹ Johnsen, 1847, bls. 98.

¹⁸² LUKR. Milliflugsmýnd 2005. Milliflugsmýnd 2012.


4.8.2 Fornleifaskrá Arnarholts vegna breikkunar Vesturlandsvegur

Arnarholt 1896-57 (304-29)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-57	304-29	Arnarhamarsrétt	Rétt	Hleðsla	1898	362799	420353	37	27,5	Sæmilegt	Nei



Mynd 64. Arnarhamarsrétt (1896-57), horft í suðvestur.



Mynd 65. Teikning af Arnarhamarsrétt (1896-59) eftir uppmælingu.

Staðhættir: Austur af Bakka, í Esjuhlíðum um 30 m austur af Vesturlandsveginum er Arnarhamarsrétt utan í litlu hamrabelti, klettum, sem kallað er Arnarhamar. Heimild er um að réttin hafi verið notuð sem hrossarétt 1898.¹⁸³

Lýsing: Réttin er með fimm til sex dilkum (um 5 x 12 m) og einu stóru hólfi, almenningi (um 10 x 22 m). Garðlög í dilkum eru þrjú til fjögur lög hæst um 75 cm og breiddin er um 2-2,5 m og sumir þessara dilka eru opnir við enda. Klettur notaður sem austurveggurinn í almenninginum, vegg hæð þar mest um 120 cm. Op eru úr öllum dilkum inn í almenninginn og stórt op á almenningnum í norður þar sem rekið hefur veið inn. Nyrst við klettinn eru upprunalegar hleðslur, sjö hleðslulög. Grjótið í réttinni er almennt brotlegt að sjá og eru steinarnir misstórir frá um 35-70 cm. Í almenningi er hringlaga rúst vel gróinn, sennilega gömul.

Árið 2003 hafði verið byrjað að endurhlaða réttina og vinna í veggjum í almenningi.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.


¹⁸³ Ísafold, 5.7.1898, bls. 172.

Arnarholt 1896-58 (304-46)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-58	304-46		Stekkur	Rúst	1850-1920	362842	420830	12	5	Slæmt	Nei



Mynd 66. Rúst (1896-58) undir kletti, horft í norðaustur.



Mynd 67. Teikning af rúst (1896-58) eftir uppmælingu.

Staðhættir: Rúst undir Esjuhlíðum utan í kletti um 120 m austur af afleggjara heim að Bakka afleggjara austan við Vesturlandsveg.

Lýsing: Stekkur utan í kletti 12 x 5 m grasi gróinn og hlaupið í þúfur. Eitt stórt hólfið þar sem veggur er 1,50 m á breidd og mest 70 cm á hæð. Tvö önnur minni hólfið norður af.

Hættumat: Engin hætta. Rústin er fyrir rétt fyrir utan úttektarsvæðið.


Hættuorsök: Vegagerð.

Arnarholt 1896-59 (304-45)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-59	304-45		Stekkur	Rúst	1850-1920	362620	420630	20	10	Sæmilegt	Nei



Mynd 68. Rústasvæði (1896-59) við klett, horft í norðaustur.



Mynd 69. Teikning af ummáli rústasvæðis (1896-59) eftir uppmælingu.

Staðhættir: Rústasvæði við lítinn klettavegg fyrir ofan og í framhaldi af Langahrygg og 87 m fyrir vestan Vesturlandsveg. Vegur (1896-/304-44) liggur við austurhluta rústarinnar.

Lýsing: Ógreinilegar rústir, hlaupnar í þúfur, gætu verið tóftir af stekk eða aðhaldi. Mældum utanmál og meðfram klettinum. Mesta hæð 70 cm en almennt um 50 cm, mjög grasivaxið.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð.

Arnarholt 1896-60 (304-43)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-60	304-43		Mógröf	Niðurgróftur	1900-1950	362645	420399	17,4	9,8	Gott	Nei



Mynd 70. Mógröf (1896-60), horft í suður.



Mynd 71. Teikningin sýnir ummál mógrafar (1896-60).

Staðhættir: Mógröf um 140 m norðvestur af Arnarhamarsrétt og um 70 m vestur af Vesturlandsvegi. Um 25 m vestan við horn á girðingu á beitahólfi í landi Arnarholts.

Lýsing: Grasigróinn greinilegur niðurgróftur um 30- 40 cm. Torftökustaður eða mógröf.

Hættumat: Lítil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Arnarholt 1896-61 (304-44)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-61	304-44	Gamli póstvegurinn	Leið	Vegur	1890	362716	420273	575	2	Gott	Nei



Mynd 72. Vegur (1896-61), horft í norður.



Mynd 73. Vegur (1896-61) teiknað eftir uppmælingu.

Staðhættir: Leið fyrir neðan og með Vesturlandsvegi, greinileg frá Arnarhamarsrétt að Bakka afleggjara til norðurs. Er sami vegur og er á Herforingjaráðskorti 1909, gamla póstleiðin.


Lýsing: Leiðin er greinileg og að mestu grasi gróin um 2 m á breidd og 575 m að lengd.

Hættumat: Mikil hætta. **Hættuorsök:** Vegagerð.

4.9 Ártún 125653-308

4.9.1 Ártún söguágrip

Tóftir síðasta torfbæjarins í Ártúni standa á bæjarhól skammt ofan við Vesturlandsveg vestan Blikdalsár. Búið var í bænum fram til ársins 1956 en þá fór jörðin í eyði. Jörðin nær frá mynni Blikdals í sjó fram. Mörk jarðarinnar að norðan eru við jörðina Dalsmynni og landspildurnar Melagerði og Melavelli sem voru seldar út úr jörðinni 1975 og 1979. Að sunnan eru mörkin á móti jörðinni Bakka og ræður Ártúnsá frá sjó að Blikdalsmynni.



Mynd 74. Túnakort Ártúns frá 1916.¹⁸⁴

Ártúns er getið í máldaga Saurbæjarkirkju 1575, var þá annað af tveimur kotum í eigu kirkjunnar.¹⁸⁵ Jörðin var í eigu Saurbæjarkirkju og metin á 15 hundruð 1695.¹⁸⁶

Þegar Jarðatal Johnsens var tekið saman 1847 var jörðin enn í eigu kirkjunnar, metin á 15 hundruð.¹⁸⁷ Í landamerkjabréfi fyrir Saurbæ 1890 kemur fram að Ártún átti óskipta beit á Blikdal og slægjur fyrir neðan götu frá Selgilslæk að Heygilslæk.¹⁸⁸

Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1705 var Ártún kirkjujörð Saurbæjarkirkju í eigu Sigurðar Björnssonar lögmanns með einum ábúanda, metin á 15 hundruð. Kvaðir voru um mannlán allt árið heim á Saurbæ eða fram á Kjalarnes. Á jörðinni mátti fóðra fjórar kýr, einn kálf, tíu lömb og hægt var

¹⁸⁴ Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort, Ártún 1916.

¹⁸⁵ Íslenskt fornbréfasafn, XV., bls. 634.

¹⁸⁶ Björn Lárusson, 1967, bls. 133.

¹⁸⁷ Johnsen, 1847, bls. 98.

¹⁸⁸ Markalýsing fyrir Saurbæ á Kjalarnesi. Nr. 84. 1890.

að hafa þrjátíu sauði og tvö hross í útigangi. Selstöðu og beit hafði jörðin fría allt árið á Blikdal í landi Saurbæjar. Torfrista og stunga var bjargleg en reiðingsrista lítill. Mósukurður til eldiviðar, sölvafjara og fjörugrös voru í landi Saurbæjar. Þang til eldunar var nægilegt og rekavon nokkur. Stórviðrasamt svo hætt var bæði húsum og heyjum. Vatnsból var erfitt á vetrum og sauðfé var hætt fyrir flóðum. Skipsuppsátur var ekkert og engin lending.¹⁸⁹




Mynd 75. Ártún á Kjalarnesi um 1930-1940, horft í austur að Blikdal.¹⁹⁰

Í Ártúni er að finna einstaka minjaheild. Búsetulandslag og minjar hafa ekki orðið fyrir miklu raski eftir að búskapur lagðist af á jörðinni 1956 og eru gott dæmi um búsetu á svæðinu. Bæjarhóllinn er í góðu ásigkomulagi með tóftum síðasta bæjarins og útihúsum með kartöflugarði fyrir framan. Búið var í bænum fram til ársins 1955 en eftir það hefur vegfarendum gefist kostur á því að fylgjast með hnignum bæjarhúsanna á bæjarhólnum þar sem þau hafa með tímanum breyst í rúst. Bæjarhóllinn hefur mikið sjónrænt gildi því auðvelt er að gera sér í hugarlund hvernig þarna hefur verið umhorfs á meðan búið var þar. Skammt norðaustur af bæjarhólnum er greinileg fjárhústóft með heygarð í miðjunni sem rúmaði 50 kindur. Þá eru einnig tölverð ummerki eru eftir veru hersins innan jarðarinnar og þar eru skráðar allmargar herminjar. Flestar eru norðan og ofan við bæinn, svæði eða holur sem rutt hefur verið uppúr til hliðanna. Að sögn Krístrúnar Óskar Kalmansdóttur sem var ein af síðustu íbúum voru svæðin notuð sem stæði fyrir loftvarnarbyssur og í tveimur þeirra eru steypar undirstöður um 50 x 50 cm með járnhring í miðjunni. Hermennirnir notuðu minni holurnar til að leynast í og strengdu græn net yfir. Ártún hefur einstakt gildi fyrir sögu kvikmyndagerðar á Íslandi en það var mikið notað sem kvikmyndaver á árdögum hennar um miðja síðustu öld. Loftur Guðmundsson (1892-1952) ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður tengdist staðnum og átti sumarbústað sem stóð ofan við bæinn. Hann gerði fyrstu íslensku kvikmyndina í fullri lengd 1949 „Milli fjalls og fjöru“ sem var jafnframt fyrsta íslenska talmyndin. Í þeirri mynd var „bærinn“ í myndinni torfbærinn í Ártúni en hann kom einnig við sögu 1950 í „Síðasti bærinn í dalnum“ og þar bjuggu „Bakkabræður“ 1951 í „Reykjavíkuvæintýri Bakkabræðra“. Þá kom Ártún lítillaga við sögu 1954 í „Sölku Völku“ og 1957 eldaði tröllskessan „Gilitrutt“ matinn í Ártúni. Við skráningu 2010 gaf

¹⁸⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III. b., bls. 374.

¹⁹⁰ Þjms. Ártún, Kjalarnes, Kjalarneshreppur. Lpr/2007-197.

Kristrún Ósk Kalmansdóttir greinagóðar upplýsingar um minjar á jörðinni og því er vitað um síðasta hlutverk flestallra minjanna.



Mynd 76. Staðsetning fornleifa í Ártúni.

Minjasvæðið í Ártúni er einstök minjaheild. Þar er að finna bæði búsetuminjar og herminjar. Þegar núverandi Vesturlandsvegur var lagður á sínum tíma var hann lagður þvert í gegnum tún bæjarins, og er því eðlilega þröngt um minjar og vegi á þessum stað. Ártún er einn af fáum bæjarhólum í Reykjavík þar sem húsaskipan gömlu húsanna er þekkt og sýnileg. Framkvæmdarsvæði vegarins skarast á við verndunarsvæði bæjarhólsins sem er allur innan úttektarsvæðisins og hjólastígur er áætlaður innan 15 m verndunarsvæðis. Mikilvægt er að vernda þennan stað fyrir skemmdum og girða hann af meðan á framkvæmdum stendur. Neðan vegar er gert ráð fyrir hliðarvegi frá Dalsmynni að Bakka. Sá vegur sker túngarð (1896-65) Neðratúns, veg (1896-66) og fer yfir vað (1896-121).


4.9.2 Fornleifaskrá Ártúns vegna breikkunar Vesturlandsvegur

Ártún 1896-63 (308-58)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá ár	Hnit X	Hnit Y	Lengd	Breidd	Ástand	Horfin
1896-63	308-58		Heimreið	Vegur	1927-1979	362637	421602	42	5	Gott	Nei



Mynd 77. Vegur (1896-63), hugsanlega heimkeyrsla að Ártúni frá gamla Vesturlandsvegi, horft í vestur.



Mynd 78. Teikning af vegi (1896-63) byggð á uppmælingu.

Staðhættir: Vegur, afleggjari, sem liggur í sveig u.þ.b. 40 m frá eldri Vesturlandsvegi í átt að núverandi Vesturlandsvegi rétt norðan við gömlu brúna, um 60 m vestur af Ártúni.

Lýsing: Grasi gróinn og mosavaxinn malarvegur. Upphækkun 50-60 cm aðallega að norðanverðu en líka svona 50 cm að sunnanverðu. Breidd 5 m. Hugsanlega heimkeyrsla að bænum frá gamla veginum en endar við girðingu við núverandi Vesturlandsveg og gæti hluti hafa farið undir núverandi vegstæði.

Hættumat: Mikil hætta. Vegurinn er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.


Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-64 (308-57)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-64	308-57		Útihús	Hóll	1900-1955	362585	421593	12	10	Slæmt	Að mestu



Mynd 79. Rústalegur hóll (1896-64), áður útihús í Neðratúni.



Mynd 80. Teikning af útihúsarúst (1896-64), byggð á uppmælingu.

Staðhættir: Fyrir neðan Vesturlandsveg í Neðratúni um 50 m norðvestur af gömlu brúnni yfir Ártúnsá.

Lýsing: Rústalegur hóll sem virðist vera tóft með einu hólfi sem opnast í norðvestur. Sennilega leifar af útihúsi eða fjárborg því einn af síðustu íbúnum í Ártúni taldi að í túninu hefði verið skýli fyrir skepnur.

Hættumat: Mikil hættu.


Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-65 (308-59)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-65	308-59		Túngarður	Garðlag	1850-1955	362547	421529	190	2	Gott	Nei



Mynd 81. Túngarður (1896-65) um Neðratún, horft í norður frá horni við Ártúnsá.



Mynd 82. Teikning af túngarði (1896-65) og greinanlegum minjum í heimatúni Ártúns.

Staðhættir: Fyrir neðan Vesturlandsveg er túngarður sem liggur með Neðratúni. Um 35 m fyrir neðan gömlu brúnna yfir Ártúnsá er syðri endi garðsins sem liggur í sveig með túninu og endar um 15 m fyrir neðan gamla Vesturlandsveginn. Vestan og norðan við hann lá gamli póstvegurinn (1896-90) sem hefur sennilega verið á sama stað og herinn lagði síðar vegarslóða (1896-66). Garðurinn er teiknaður inn á túnakort 1916.

Lýsing: Garðurinn er mosa og grasivaxinn um 190 m á lengd og 2 m á breidd. Syðst við ána er hann torfhlaðinn en að öðru leyti er hann grjóthlaðinn og mjög slitróttur. Trúlega hefur verið tekið grjót úr túngarðinum og notað sem púkk eða kantur í veginn (1896-66). Hæð túngarðsins er frá 40-50 cm niður í ekki neitt og breiddin 1,50 m í mesta lagi.

Hættumat: Mikil hættu. Túngarðurinn er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.

Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-66 (308-44)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-66	308-44		Vegur	Vegur	1940	362521	421585	214	5	Gott	Nei

Staðhættir: Vegurinn liggur fyrir vestan og norðvestan heimatúnið, Neðratún, fyrir neðan Vesturlandsveg. Vegurinn liggur frá vaðinu (1896-121) fyrir neðan brú á Ártúnsá í sveig upp að gamla Vesturlandsveginum (1896-94). Veginn gerði herinn fyrir neðan gamla þjóðvegin til að þurfa ekki að fara yfir brúna sem var mjó og handriðalaus (1896-103), en að sögn Krístrúnar sem bjó í Ártúni, misstu þeir oft farartæki þar niður vegna þess hve brúin var mjó. Vegurinn virðist hafa verið lagður þar sem gamli póstvegurinn (1896-90) var áður samkvæmt túnakorti 1916 (Kjósarvegurinn).

Lýsing: Breidd vegarins er 4,5-5 m og borið hefur verið í hann og grjóthlaðningar eru beggja vegna 30-50 cm.

Hættumat: Mikil hættu. Er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.

Hættuorsök: Vegagerð.



Mynd 83. Vegarslóði (1896-66) sem liggur með Neðratúni, horft í norður.




Mynd 84. Teikning af vegi (1896-66) ásamt öðrum greinanlegum minjum í heimatúni Ártúns eftir uppmælingu.

Ártún 1896- 68 (308-64)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-68	308-64		Herminjar	Steypa	1940	362657	422050	6	6	Slæmt	Nei



Mynd 85. Leifar eftir herinn (1896-68) ofan við gamla Vesturlandsveginn.



Mynd 86. Teikning af ummáli leifa (1896-68) eftir herinn eftir uppmælingu.

Staðhættir: Um 10-15 m ofan við gamla Vesturlandsveginn þar sem hann sveigir upp að Tíðarskarði og um 173 m norður af afleggjara við Dalsmynni eru leifar eftir herinn.

Lýsing: Steypubrot sem eru 30-70 cm til 1 m hrönglað upp í hrúgu á hringlaga 5 x 6 m svæði, ekki sést hvað þetta hefur verið. Mosa og grasi vaxið.

Hættumat: Mikil hætta. Leifarnar eru innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.

Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896- 69 (308-1)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-69	308-1		Bústaður	Tóft	1570-1955	362717	421618	35	25	Gott	Nei

Staðhættir: Á bökkum Ártúnsár norðanmegin, austan og þétt við Vesturlandsveginn er bæjahóll Ártúns með tóftum síðasta torfbæjarins. Einstök minjaheild.

Lýsing: Á bæjarhóllum standa tóftir síðustu bæjarhúsanna úr torfi og grjóti. Veggir með greinilegum hleðslum allt að 1.80 m á hæð innst við bæjarhólinn. Krístrún Ósk Kalmansdóttir, ein af síðustu íbúum í Ártúni, greindi frá því hvaða hlutverk húsin höfðu síðast. Bæjarhúsaröðin liggur í norðvestur-

suðaustur og snýr mót suðvestri. Nyrst á hlaðinu er skemma (308-3), sunnan við baðstofa (308-4), þá bæjargöng (308-5) og hlóðældhús (308-6) innaf þeim, sunnan við göngin var búr (308-7) sem var innangengt frá þeim, þá fjós (308-8) og síðan hænsnahús (308-9). Bakatil er tvær tóftir, niðurgrafin hlaða (308-10) sunnan megin og hesthús (308-11) norðan megin. Fyrir framan er kálgarður (308-12) og við norðurenda hans lítil tóft (308-13).

Hættumat: Mikil hætta. Bæjarhóllinn er allur inn á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Hættuorsök: Vegagerð.



Mynd 87. Tóftir Ártúns á bæjarhólnum, horft í norðaustur.




Mynd 88. Teikning af bæjarhól Ártúns (1896-69) eftir uppmælingu.

Ártún 1896-70 (308-29)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-70	308-29		Traðir	Gata	1900-1955	362735	421596	40	2	Gott	Nei



Mynd 89. Bæjarhóll Ártúns, traðir (1896-70) liggja frá Ártúnsá upp að bæjarhlaðinu.



Mynd 90. Teikning af bæjarhól Ártúns og tröðum (1896-70) austan við bæinn.

Staðhættir: Tröð sem liggur frá hlaðinu í Ártúni í sveig niður að Ártúnsá. Kistrún Ósk Kalmansdóttir sagði að í hennar tíð hefði tröðin suðaustanmegin eingöngu verið notað til að sækja vatn í ána en aðkoma að bænum hefði verið um tröðina norðan við bæinn. Traðirnar eru á túnakorti frá árinu 1916.

Lýsing: Tröðin er grasvaxinn um 40 m á lengd og er greinilegri nær ánni.

Hættumat: Mikil hætta. Eru innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.


Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-71 (308-14)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-71	308-14		Garður	Garðlag	1900-1955	362741	421619	16	3	Sæmilegt	Nei



Mynd 91. Garður (1896-71) norðaustan í bæjarhól Ártúns, horft í suður.



Mynd 92. Teikning af garðlagi (1896-71) eftir uppmælingu.

Staðhættir: Fast ofan við bæjarhólinn í Ártúni norðaustan við er garðlag sem liggur í norðvestur-suðaustur. Hugsanlega sami garður og sést á túnakorti.

Lýsing: Garðlagið er grasivaxið og engar hleðslur sjáanlegar, það er 3 m á breidd og 16 m á lengd. Rofnar á tveimur stöðum.

Hættumat: Mikil hætta. Er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.


Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-72 (308-56)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-72	308-56		Brunnur	Hola	1900-1955	362739	421658	1,8	1	Ómetið	Nei



Mynd 93. Hola (1896-73) á milli bæjarhóls og fjárhúss, horft í suðvestur.



Mynd 94. Teikning af ummáli holu (1896-73) eftir uppmælingu.

Staðhættir: Hola um 40 m norðaustur af bæjarhólnum (1896-69) og um 20 m suðvestur af fjárhúsi (1896-74).

Lýsing: Holan er grasi vaxin, ógreinileg allt að metri á dýpt.


Hættumat: Mikil hætta. Er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. **Hættuorsök:** Vegagerð.

Ártún 1896-73 (308-55)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-73	308-55		Útihús	Rúst	1850-1915	362733	421674	8,5	4	Slæmt	Nei



Mynd 95. Rúst (1896-73) vestan við fjárhús (1896-74)



Mynd 96. Teikning af rúst (1896-73) eftir uppmælingu.

Staðhættir: Um 5 m vestur af fjárhúsi (1896-74) er ógreinileg jarðlæg tóft.

Lýsing: Grasivaxin jarðlæg tóft sem liggur í norður, suður. Með tveimur hólfum sem opnast í vestur.

Hættumat: Mikil hætta. Er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.


Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-74 (308-15)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-74	308-15		Fjárhús	Tóft	1900-1955	362748	421677	12	7	Gott	Nei



Mynd 97. Fjárhústóft (1896-74), horft í suðaustur.



Mynd 98. Teikning af fjárhústóft (1896-74) eftir uppmælingu.

Staðhættir: Fjárhústóftin stendur upp á lítilli hæð um 65 m norðaustur frá bæjarhól Ártúns. Fjárhúsið er merkt inn á túnakort frá 1916. Krístrún Ósk Kalmansdóttir sagði húsið hafa rúmað fimmtíu kindur en man ekki eftir heygardi við fjárhúsið og sagði að allt hey hefði verið borið frá hlöðunni á bæjarhólnum.

Lýsing: Tóftin er ofarlega í túninu og snýr í norðvestur- suðaustur. Tóftin er opin í norðvestur og eftir miðju hennar er greinileg grjóthleðsla. Austan megin upp við og samsíða fjárhúsinu er veggur 1 m á breidd og 90 cm á hæð, gæti verið leifar af heygarði. Í framhaldi af gafli fjárhússins sunnanmegin er gafi 90 cm á hæð og lækkar niður í 40 cm. Innanmál er 3 x 8 m og utanmál tóftanna er 12 x 7 m. Tóftin er heilleg, grjóthlaðin og grasivaxin.

Hættumat: Mikil hætta. Er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.


Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-78 (308-24)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-78	308-24		Herminjar	Niðurgröftur	1940	362753	421788	17,5	18	Gott	Nei



Mynd 99. Bysustæði (1896-78), horft í norðvestur.



Mynd 100. Teikning af bysustæði (1896-78) eftir uppmælingu.

Staðhættir: Norður af bæjarhól Ártúns, um 170 m frá, er niðurgrafið hringlaga svæði. Krístrún Ósk Kalmansdóttir sagði að þarna hefði herinn verið með stöð fyrir loftvarnarbyssur.

Lýsing: Svæðið er við klöpp að vestanverðu, að mestu grasivaxið. Niðurgröfturinn er mestur um 1,40 m sem hefur verið rutt upp í kring.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-83 (308-61)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-83	308-61		Herminjar	Rutt svæði	1940	362707	421833	14	9	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á nokkuð grónum mel um 200 m norður af bæjarstæði Ártúns og 50 m austur af miðlínu núverandi Vesturlandsvegur.


Lýsing: Hringlaga svæðið sem rutt hefur verið upp til hliðanna er um 5 x 5 m hefur sennilega verið stæði fyrir loftvarnarbyssu.

Hættumat: Mikil hætta. Er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.

Hættuorsök: Vegagerð.



Mynd 101. Byssustæði (1896-83), horft í vestur.



Mynd 102. Teikning af byssustæði (1896-83) eftir uppmælingu.

Ártún 1896-84 (308-22)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-84	308-22		Herminjar	Hóll	1940	362714	422001	13	12	Gott	Nei



Mynd 103. Ummerki eftir herinn (1896-84), horft í norður.



Mynd 104. Teikning af ummerkjum eftir herinn (1896-84) eftir uppmælingu.

Staðhættir: Norður af bæjarhól Ártúns um 370 m frá honum og um 140 m frá brú (1896-85) yfir lækinn á gamla Vesturlandsveginum.

Lýsing: Malarhóll sem rutt hefur verið upp við gamlan lækjarfarveg. Efst á hólnum eru leifar af steinsteyptum fleti og á honum er áletrunin 14.1. Röraflækja úr járni liggur utan í hólnum. Hann er að öllum líkindum leifar eftir einhverskonar mannvirki hersins.

Hættumat: Mikil hætta. Við áhrifasvæði framkvæmdarinnar.


Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-90 (308-43)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-90	308-43	Kjósarvegur	Slóð	Heimild	1900-1940	362560	421625			Ómetið	Já

Staðhættir: Fyrir neðan Vesturlandsveg var vegur sem lá meðfram heimatúninu, Neðratúni, í Ártúni og upp á melinn fyrir norðan, nefndur Kjósarvegur á túnakorti 1916. Leiðin er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910 og var gamla póstleiðin.¹⁹¹ Herinn lagði síðar veg á sama stað (1896-66).

¹⁹¹ Herforingjaráðskort. Akranes, Generalstabens topografiske Afdeling Kjöbenhavn 1910.



Mynd 105. Gamli póstvegurinn, nefndur Kjósarvegur á túnakorti Artúns frá 1916 sem hér er strekkt yfir nýlega loftmynd.¹⁹²

Lýsing: Vegurinn er horfinn undir yngri framkvæmdir hersins.

Hættumat: Mikil hætta. Er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.

Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-91 (308-42)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-91	308-42		Slóð	Heimild	1930-1955	362652	421641	150		Ómetið	Já


Staðhættir: Slóði sem lá frá bænum yfir túnið í norðvestur að Stöðinni sem var við veginn þegar farið var með mjólkina á Stöðina, brúsapallinn.

Lýsing: Horfinn.

Hættumat: Engin hætta.

Ártún 1896-92 (308-31)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-92	308-31	Vesturlandsvegur	Vegur	Vegur	1927-1974	362596	421634			Gott	Nei



Mynd 106. Gamli Vesturlandsveginn (1896-92) frá 1927-29 sem liggur í gegnum jörðina.¹⁹³

Staðhættir: Gamli Vesturlandsvegurinn (1896-92) sem lagður var á árunum 1927-29 liggur í gegnum jörðina frá Ártúnsá. Þverar neðri hluta gamla heimatúnsins, Neðratún, og liggur síðan upp Ártúnsmel og upp með Grafarási og þaðan áfram að Tíðarskarði.

Lýsing: Vegurinn er vel greinilegur nema þar sem núverandi Vesturlandsvegur var lagður yfir hann.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

¹⁹² LUKR. Milliflugsloftmynd 2005.


¹⁹³ LUKR. Milliflugsloftmynd 2005.

Ártún 1896-93 (308-52)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-93	308-52		Brú	Brú	1946-1979	362634	421555	23	5	Gott	Nei



Mynd 107. Brú (1896-93) yfir Ártúnsá frá 1946, horft í suðaustur.



Mynd 108. Kortið sýnir staðsetningu gömlu brúarinnar (1896-93) yfir Ártúnsá.

Staðhættir: Brú yfir Ártúnsá á gamla Vesturlandsveginum um 50 m fyrir neðan núverandi brú. Ártúnsá hefur verið brúuð nokkrum sinnum. Elsta heimild um brú kemur fram í Málþaga Saurbæjarkirkju 1220 (308-51). Árið 1927 var byggð brú sem var án handriðs aðeins neðar. Árið 1946 var þessi brú byggð undir stjórn Sigurðar Björnssonar brúarsmiðs. Brú á núverandi vegi var byggð á árunum 1979-1980.


Lýsing: Brúin er steinsteypt með járnhandriðum í góðu ástandi.

Hættumat: Mikil hætta. Er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.

Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-94 (308-41)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-94	308-41	Stöðin	Brúsapallur	Heimild	1930-1955	362590	421667			Ómetið	Já



Mynd 109. Kortið sýnir hvar „Stöðin“ (1896-94) var.


Staðhættir: Stöðin var við þjóðveginn um 150 m í norðvestur frá Ártúni. Þangað var farið með mjólk í veg fyrir mjólkurbíl frá bæði Ártúni og Bakka.

Lýsing: Horfin.

Hættumat: Engin hætta.

Ártún 1896-95 (308-34)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-95	308-34	Neðratún	Tún	Tún	1930-1955	362572	421573			Gott	Nei



Staðhættir: Neðratún er neðst í gamla heimatúninu fyrir neðan gamla Vesturlandsveginn. Túnið afmarkast af túngarði (1896-65) sem liggur í sveig vestan og sunnan við. Í túninu er rúst af útihúsi (1896-64).

Lýsing: Túnið er vel gróið og nokkuð slétt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Mynd 110. Kortið sýnir staðsetningu Neðratúns (1896-95) og örnefni í heimatúni Ártúns.

Ártún 1896-96 (308-38)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-96	308-38		Traðir	Heimild	1900-1955	362704	421630	80	2	Slæmt	Já



Mynd 111. Traðir (1896-96) norðan við Ártún eru teiknaðar inná túnakort 1916.

Staðhættir: Á túnakorti eru traðirnar teiknaðar um 80 m í norður í heimatúninu framhá litla hesthúsinu (1896-97). Samkvæmt túnakortinu hafa þær legið fast við og samhliða núverandi Vesturlandsvegi og sennilega horfið við þær framkvæmdir. Krístrún Ósk Kalmansdóttir, sem bjó í Ártúni, sagði að þarna hefði verið aðkoma að bænum en ekki um traðirnar sem eru austan megin. Krístrún sagði frá Traðarhól sem var við traðirnar en hann var notaður af þeim sem áttu erfitt með að komast á bak. Traðirnar lögðust af þegar nýr vegur var lagður og myndaðist þá nýr slóði. Sennilega vegur (1896-63).

Lýsing: Horfinn vegna framkvæmda.

Hættumat: Engin hætta.

Ártún 1896-97 (308-37)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-97	308-37		Hesthús	Heimild	1900-1955	362665	421688	3	2	Ómetið	Já



Mynd 112. Hesthús (1896-97) vestan við heimreiðina, traðirnar að norðan.

Staðhættir: Hesthús var nyrst í gamla heimatúninu um 70 m frá hlaðvarpanum við skemmuna. Á túnakorti er húsið teiknað úr torfi og grjóti 3 x 2 m við heimreiðina. Krístrún Ósk Kalmansdóttir sagði það hafa verið lítið hesthús fyrir fjóra hesta og var helst notað fyrir ferðalanga.


Lýsing: Ummerki um húsið hafa sennilega horfið við framkvæmdir við núverandi Vesturlandsveg.

Hættumat: Engin hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-98 (308-39)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-98	308-39	Hlöðuvöllur	Tún	Tún	1930-1955	362740	421633			Sæmilegt	Nei



Mynd 113. Hlöðuvöllur (1896-98). Kortið sýnir örnefni og fornleifar í heimatúni Ártúns.

Staðhættir: Hlöðuvöllur er tún norðaustan við hlöðuna á bæjarhólnum.

Lýsing: Grösug flöt.


Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Ártún 1896-99 (308-45)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-99	308-45		Slóð	Heimild	1930-1955	362738	421657			Ómetið	Já

Staðhættir: Slóði sem lá frá hlöðunni á bæjarhólnum að fjárhúsi sem var 65 m frá í norðaustur (308-15). Farið var með hey í fjárhúsið eftir þessum slóða.




Lýsing: Horfinn í gróður.
Hættumat: Engin hætta.

Mynd 114. Slóði (1896-99) sem lá frá bæjarhól að fjárhúsi.

Ártún 1896-100 (308-48)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-100	308-48	Fjárhúsflöt	Tún	Tún	1930-1955	362717	421676			Sæmilegt	Nei



Staðhættir: Fjárhúsflöt er í gamla heimatúninu fyrir vestan fjárhúsið (1896-74) sem er 65 m norðaustur af bæjarhólnum.

Lýsing: Grösugt svæði.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Vegagerð.

Mynd 115. Fjárhúsflöt (1896-100). Kortið sýnir örnefni í heimatúni.

Ártún 1896-101 (308-49)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-101	308-49	Garðsflöt	Tún	Heimild	1930-1955	362671	421589			Ómetið	Já

Staðhættir: Garðsflöt var tún fyrir framan kartöflugarðinn (308-12) í Ártúni þar sem núverandi Vesturlandsvegur liggur.



Lýsing: Horfin.
Hættumat: Engin hætta.

Mynd 116. Garðsflöt (1896-101). Kortið sýnir örnefni og fornleifar í heimatúni.

Ártún 1896-103 (308-65)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-103	308-65		Brú	Heimild	1927-1946	362621	421551			Ómetið	Já



Mynd 117. Brýr á Ártúnsá árið 1948. Sú handriðalausa frá 1927 (1896-65) og hin frá 1946 (1896-52).¹⁹⁴



Mynd 118. Brú yfir Ártúnsá (1896-65). Brúin var fyrir neðan brúna frá 1946 (1896-52).

Staðhættir: Brú yfir Ártúnsá. Var steypt án handriða 1927. Hefur sennilega verið rifin þegar ný brú var smíðuð 1946 (1896-52). Brúin sést á ljósmynd sem Geir Gunnar Geirsson Zoëga tók 1948. (Sarpur GZ2-27-d23)

Lýsing: Brúin er horfin.

Hættumat: Enginn hætta.

4.10 Saurbær 125746-309

4.10.1 Saurbær, saga, minjar og örnefni

Saurbær á Kjalarnesi er fornt höfuðból og kirkjustaður á sjávarbakka sunnan Hvalfjarðar. Þar hefur verið kirkja frá því um 1200 sem hefur átt margt góðra gripa í gegnum tíðina. Árið 1856 var byggð þar timburkirkja sem var svipuð Brautarholtskirkju sem reist var 1857 og var yfirmsiður beggja Eyjólfur Þorvarðarson snikkari á Bakka. Kirkjan sá fuk af grunninum 14. nóvember 1902 nálægt miðnætti og fór yfir sig heila veltu. Tveimur árum síðar 1904 var vígð ný steinsteypt kirkja sem Eyjólfur Runólfsson kirkjueigandi í Saurbæ lét reisa og er nú ein af friðuðum kirkjum í

¹⁹⁴ Þjms. GZ2-27-d23. Ljósmyndari Geir Gunnar Geirsson Zoëga

Kjalarnesprófastdæmi.¹⁹⁵ Eyjólfur Runólfsson var þekktur fyrir lækningar sem hómópati og ljósfaðir og tók á móti um 600 börnum á Kjalarnesi og í Kjós.¹⁹⁶

Í Saurbæ hafa búið nafntogaðir menn og talið er að snemma á 13. öld hafi Árni „óreiða“ Magnússon skáld og goðorðsmaður búið þar. Árni, sem nefndur er í Sturlungu, var giftur Hallberu dóttur Snorra Sturlusonar og fékk með henni Brautarholt og mikið annað fé. Árni skildi síðar við Hallberu og keypti þá Saurbæ á Kjalarnesi og bjó þar.¹⁹⁷

Enskir sjóræningjar eru sagðir hafa komið að Saurbæ árið 1424 og látið ófriðlega, réðust inni kirkjuna og handtóku umboðsmann Dana, sem hafði leitað þar hælis, og rændu meðal annars vopnum og hestum.¹⁹⁸

Sigurður lögmaður Björnsson (1643-1723) bjó í Saurbæ frá 1687 til æviloka 1723. Hann var fyrst landskrifari í sjö ár síðan lögmaður sunnan og austan frá 1677 til 1705 og sýslumaður Kjósarsýslu, fékk veitingabréf fyrir henni 1683.¹⁹⁹ Sigurður er talinn hafa verið fyrirmynd Halldórs Laxness að Eydalín lögmanni í Íslandsklukkunni. Í hans tíð eignaðist kirkjan merka gripi þar á meðal altariskertastjaka, hurðarhring og kirkjuklukkur.²⁰⁰ Í manntali 1703 er jörðin nefnd Stóri Saurbær og 30 manneskjur skráðar þar.

Úr landi jarðarinnar voru byggðar jarðirnar Ártún og Hjarðarnes, afbýlið Litli- Saurbær og hjáleigan Stekkjarkot. Jörðinni var síðan skipt upp á milli erfingja 1930 í tvær jarðir og nefnist vestari helmingurinn **Dalsmynni**.²⁰¹

Á stríðsárunum var herinn með töluverð umsvif í kringum Saurbæ og þegar herliðið fór eignaðist Ólafur í Saurbæ nokkuð af bröggum og öðru dóti á vægu verði.²⁰² Í Dalsmynni reisti hernámslið Breta herstöð, skálahverfi fyrir ofan túngarðinn vestan við núverandi vegarstæði, fallbyssuvígi fyrir neðan túnið ásamt því að reisa líka nokkra skála og vegartálma í Tíðaskarði. Herstöðin í Dalsmynni var kennd við Saurbæ „**Camp Saurbær**“. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum 26. janúar 1940 og þá settist 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðaskarði.²⁰³

Síðasti torfbærinn í Saurbæ, sem var að hluta til úr timbri, var reistur 1896 og stóð þar til hann brann árið 1966 en þá hafði ekki verið búið í honum í fjögur ár.²⁰⁴ Þegar túnakort frá 1916 var strekkt yfir nýlega loftmynd má sjá að bærinn var norðan við kirkjuna og lá bæjarhúsaröðin í austur, vestur. Þar er nú afgirtur skruðgarður á lágum hól og sennilega eru leifar bæjarhúsa þar undir sverði. Núverandi íbúðarhús er um 20 metrum norðaustan við kirkjuna og þar var áður skemma og smiðja samkvæmt túnakortinu.²⁰⁵

Kirkju í Saurbæ er fyrst getið um 1200 í kirknaskrá Páls biskups.²⁰⁶ Elsti máldagi Saurbæjarkirkju, sem Magnús biskup Gissurarson setti, er talinn vera frá því um 1220. Þá átti kirkjan margt góðra gripa þar á meðal tvo glerglugga, til kirkjunnar lágu „X. hundruð þriggja alna aura“ í heimajörðinni og þar skyldi vera prestur og messa alla löghelga daga. Í máldaganum er í fyrsta skipti kveðið á um að brú skyldi halda á Blikdalsá sem átti að geta borið meðalmann með hálfa vætt á baki sér í logni.²⁰⁷ Í máldaga Mariúkirkjunnar í Mýdal (Miðdal) frá haustinu 1269 er kveðið á um þjónustu prests frá Saurbæ.²⁰⁸ Þá kemur fram í bréfi Runólfs ábóta í Viðey um 1270 að hann telur að kirkjan í Saurbæ

¹⁹⁵ Guðmundur L. Hafsteinsson, 2008, bls. 276.

¹⁹⁶ Halldór Jónsson, 1953, bls. 118-110.

¹⁹⁷ Íslenzkt fornbréfasafn, I. b., bls. 494.

¹⁹⁸ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 97.

¹⁹⁹ Jón Sigurðsson, 1856, bls. 110, 139-140. Íslenzkt fornbréfasafn, III., bls. 215.

²⁰⁰ Gunnar Kristjánsson, 2008, bls. 285.

²⁰¹ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 97.

²⁰² Halldór Jónsson, 1953, bls. 118. Friðþór Eydal, 1997, bls. 270.

²⁰³ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

²⁰⁴ Halldór Jónsson, 1953, bls. 116.


²⁰⁵ Saurbær með Stekkjakoti 1916, túnakort. V. G. LUKR.

²⁰⁶ Íslenzkt fornbréfasafn, XII. b., bls. 9.

²⁰⁷ Íslenzkt fornbréfasafn, I. b., bls. 401-402.

²⁰⁸ Íslenzkt fornbréfasafn, II. b., bls. 64.

eigi hluta í hvalreka á milli Valagnúpa og Esjubergs.²⁰⁹ Saurbær kemur fyrir í Kjalnesingasögu sem talin er rituð um 1300, þar sem segir frá því þegar Helgasynir Þjólu, Þorgrímur og Arngrímur, skipta með sér föðurarfi og Arngrímur reisti bæ við Hvalfjörð sem hann nefndi Saurbæ.²¹⁰ Í máldaga Eyrarkirkju í Kjós sem er talinn vera frá 1315 eru Saurbæjarkirkju lagðar til 12 ær.²¹¹ Máldagi Nesjasýslu í Hítardalsbók frá 1367 greinir frá því að Péturskirkjan í Saurbæ á Kjalarnesi eigi tíu kýr, fimmtán ær og griðung.²¹² Það er í fyrsta skipti sem verndardýrlings er getið og telur Jón Þ. Þór að Pétri, sem var verndardýrlingur sæfarenda, hafi verið helguð kirkjan vegna vaxandi gengis sjávarútvegs á þessum tíma.²¹³ Samkvæmt máldaga kirkjunnar frá 1379 sem Oddgeir biskup Þorsteinsson setti átti hún 30 hundruð í heimajörðinni og þar er einnig að finna ákvæðið um að brú skyldi halda á Blikdalsá á milli fjalls og fjöru.²¹⁴ Kirkjan átti enn 30 hundruð í heimajörðinni samkvæmt máldaga frá 1397 og meðal eigna er talinn upp glergluggi en þeir höfðu verið tveir 1220. Ákvæði um brú á Blikdalsá er þar líka og hvernig skuli fjármagna viðhald á henni.²¹⁵ Í máldaga kirkjunnar frá 1477 kemur fram að hún eigi 30 hundruð í heimajörð og jörðina Hjarðarnes auk annars.²¹⁶ Árið 1503 var skrifað kaupbréf í Saurbæ fyrir Ölvisholt og árið 1507 var kveðinn upp dómur þar.²¹⁷ Árið 1508 er Saurbæjar getið í kaupmálabréfum.²¹⁸



Mynd 119. Staðsetning fornleifa í landi Saurbæjar við Dalsmynni.²¹⁹

²⁰⁹ Íslenskt fornbréfasafn, bls. 80.

²¹⁰ Íslensk fornrit, XIV. b., Kjalnesingasaga, bls. 6.

²¹¹ Íslenskt fornbréfasafn, II. b., bls. 404.

²¹² Íslenskt fornbréfasafn, III. b., bls. 219.

²¹³ Jón Þ. Þór, 2000, bls. 40-45.

²¹⁴ Íslenskt fornbréfasafn, IX. b., bls. 17.

²¹⁵ Íslenskt fornbréfasafn, IV. b., bls. 115.

²¹⁶ Íslenskt fornbréfasafn, VI. b., bls. 123.

²¹⁷ Íslenskt fornbréfasafn, VII. b., bls. 635. VIII, bls. 150.

²¹⁸ Íslenskt fornbréfasafn, VIII. b., bls. 207-208. Bls. 231.

²¹⁹ LUKR. Milliflugsmýnd 2005.

Saurbæjarsókn kemur fram í bréfi frá árinu 1517 þegar Erlendur Jónson gerir próventusamning við Ögmund ábóta í Viðey og síðar.²²⁰ Í festingabréfi frá árinu 1561 kemur fram að Halldór Ormsson gefi Þórdísi Eyjólfsdóttur tuttugu hundruð í Saurbæ.²²¹ Þá kemur bæjarnafnið fyrir 1569 á minnismiða Vigfúsar Jónssonar sýslumanns í Kjalarnesþingi.²²² Þegar máldagi kirkjunnar var gerður 1575 átti hún 30 hundruð í heimalandi og jarðirnar Ártún og Hjarðarnes en ekki var getið um að halda skyldi brú á Blikdalsá.²²³

Saurbær var í einkaeign árin 1686 og 1695 metinn á 60 hundruð.²²⁴

Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð 1705 var kirkjan orðin annexía frá Brautarholtskirkju og Saurbær metinn á 60 hundruð með Ártúni og Hjarðarnesi. Eigandi var Sigurður Björnsson lögmaður og ábúandi á 50 hundruðum en annar ábúandi var á tíu hundruðum, Litla Saurbæ. Þá var hægt að fóðra tólf kýr, einn eldishest og tvo sem vel var gefið, einn griðung, þrjátíu ær, tíu lömb og þrjá kálfa. Fjárupprekstur, hestagöngu og selstöðu hafði jörðin í sínu landi á Blikdal. Torfrista og stunga til húsabótar hjálpleg, mósukurður til eldiviðar nægur og til sölu ef vildi. Hvanna- og rótartekja voru litlar og nýta mátti sölvafjöru og fjörugrös. Hægt var að veiða sel og hafði svo verið gert en lítið var um hrognkelsi. Rekaþöngla og þang mátti brúka til eldiviðar og rekavon var nokkur. Heimræði var allt árið og gengu skip eigenda eftir hentugleikum en lending var brimsöm og gat brugðist. Selvegur þótti langur og erfiður og sumarhögum var hætt við skriðum. Sauðfé og hestum stóð ógn af sjávarflóðum á vetrum og af foruðum og dýjum. Stórviðrasamt og sjávangangur braut af túnnum. Þá var Litli Saurbær afbýli og Stekkjarkot/ Bjarg hjáleiga af jörðinni og dýrleiki þeirra talinn með heimajörðinni og tómtúsmaður var í heimajarðarhúsum sem stóðu á Litla Saurbæ.²²⁵

Saurbæjarkirkja var annexía frá Brautarholti 1748.²²⁶

Eigandi Saurbæjar seldi kaupmanni í Reykjavík rétt til vinnslu jarðefna á jörðum sem hann átti, Saurbæ, Hjarðarnesi, Ártúni og Bjargi (Stekkjarkoti).

Litli Saurbær var afbýli af heimajörðinni 1705 metinn á 10 hundruð en talinn með heimajörðinni. Kvaðir höfðu áður verið um mannlán allt árið annaðhvort heima eða frammi á Kjalarnesi en höfðu verið feldar niður vegna góðvilja en dagsláttur hafði stundum verið kallaður. Hægt var að fóðra þrjár kýr, tuttugu ær og eitt unguneyti á partinum. Kostir og lestir voru þeir sömu og heimajarðarinnar nema heldur braut meira af túninu og lending var betri.²²⁷

Tómtúsmaður var í heimajarðarhúsum sem stóðu á Litla Saurbæ 1705 og greiddi hann 25 álnir í húsaleigu til landdrottins. Kvaðir voru á hann um skipsróður utan sláttar sem skyldi gjaldast með formennsku. Eldiviðartak var frítt og eigandi viðhélt húsinu. Tómtúsið hafði þá stundum verið byggt með grasnyt eða ekki og stundum fylgt Litla Saurbæ þegar meirihluti jarðarinnar var nytjaður.²²⁸

Innan úttektarsvæðisins við Dalsmynni, sem skráð er undir Saurbæ, eru leifar eftir 20 íbúðabragga sem tilheyrðu herskálahverfinu „Camp Saurbæ“. Í Dalsmynni er að finna helstu herminjarnar á Kjalarnesi, auk braggaleifanna eru tvær hringlaga steiptar undirstöður fyrir stórar loftvarnarbyssur um 400 m norðvestur af bænum sem notaðar voru til að verja Hvalfjörðinn á sínum tíma.

²²⁰ Íslenzkt fornbréfasafn, VIII. b., bls. 631. X, bls. 378. XIII, bls. 262.

²²¹ Íslenzkt fornbréfasafn, XIII. b., bls. 629.

²²² Íslenzkt fornbréfasafn, XV. b., bls. 341.

²²³ Íslenzkt fornbréfasafn, XV., bls. 634.

²²⁴ Björn Lárusson, 1967, bls. 133.

²²⁵ Jarðabók, Árna Magnússonar og Páls Vídalín III., bls. 374-376.

²²⁶ Lovsamling for Island, II. b., 1853, bls. 705.

²²⁷ Jarðabók, Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III. b., bls. 376.

²²⁸ Jarðabók, Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III. b., bls. 337.


4.10.2 Fornleifaskrá Saurbæjar vegna breikkunar Vesturlandsvegjar

Saurbær 1896-3 (309-63)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-3	309-63	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362499	422107	14	5,8	Sæmilegt	Nei



Mynd 120. Leifar af bragga (1896-3), horft í norðaustur.



Mynd 121. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-3).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegjar og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²²⁹

Lýsing: Illa gróið svæði þar sem má finna nokkur steypubrot sem afmarka útlínur þessa húss.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-4 (309-64)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-4	309-64	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362482	422093	11,7	6	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 122. Leifar af bragga (1896-4), horft í austur. Fjær sér í leifar eftir bragga (1896-5).



Mynd 123. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-4).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegjar og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar

²²⁹ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²³⁰

Lýsing: Svæðið er gróið en einstaka steypubrot sem marka útlínur braggans.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-5 (309-65)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-5	309-65	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362518	422104	13,6	8,9	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 124. Leifar af bragga (1896-5), horft í norðaustur.



Mynd 125. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-5).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²³¹

Lýsing: Svæðið er gróið en einstaka steypubrot sem marka útlínur braggans.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-6 (309-66)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-6	309-66	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362524	422079	12,6	6	Sæmilegt	Að hluta

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²³²

Lýsing: Svæðið er gróið en einstaka steypubrot sem marka útlínur braggans.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.


²³⁰ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

²³¹ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

²³² Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.



Mynd 126. Leifar af bragga (1896-6), horft í austur.




Mynd 127. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-6).

Saurbær 1896-7 (309-67)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-7	309-67	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362503	422067	11,5	6	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 128. Leifar af bragga (1896-7), horft í austur.



Mynd 129. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-7).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²³³

Lýsing: Illa gróið svæði þar sem má finna nokkur steypubrot sem afmarka útlínur þessa húss, vesturveggur mjög skýr.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-8 (309-68)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-8	309-68	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362539	422061	13	6	Sæmilegt	Að hluta


Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar

²³³ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²³⁴



Mynd 130. Leifar af bragga (1896-8), horft í norðaustur.



Mynd 131. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-8).

Lýsing: Svæðið er gróið en einstaka steypubrot sem markar útlínur braggans.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-9 (309-69)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-9	309-69	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362516	422041	16,5	5,5	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 132. Leifar af bragga (1896-9), horft í vestur.



Mynd 133. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-9).

Staðhættir: Austan við Dalmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkja her tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²³⁵

Lýsing: Svæðið er gróið en einstaka steypubrot sem markar útlínur braggans. Norðausturgafllinn hefur fallið í heilu lagi og má greina útlínur hans í sverðinum.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

²³⁴ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.


²³⁵ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

Saurbær 1896-10 (309-70)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-10	309-70	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362559	421988	18,1	6,2	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 134. Leifar af bragga (1896-10), horft í austur.



Mynd 135. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-10).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²³⁶

Lýsing: Norðausturgafli liggur í grasinu og er hann úr holsteini. Svæðið er gróið en einstaka steypubrot sem markar útlínur braggans.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-11 (309-71)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-11	309-71	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362548	421975	12,1	5,1	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 136. Leifar af bragga (1896-11), horft í norðaustur.



Mynd 137. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-11).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar

²³⁶ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²³⁷


Lýsing: Svæðið er gróið og steypubrot marka útlínur braggans.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-12 (309-72)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-12	309-72	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362536	421967	13,2	4,6	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 138. Leifar af bragga (1896-12), horft í norður.



Mynd 139. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-12).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²³⁸

Lýsing: Illa gróið svæði þar sem má finna nokkra steypuveggi sem afmarka útlínur þessa húss. Að vestan eru tvær hellur þar sem inngangur hefur verið, austurgafllinn hefur fallið út.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-13 (309-73)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-13	309-73	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362506	421990	11,3	5,3	Sæmilegt	Að hluta

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²³⁹


²³⁷ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

²³⁸ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

²³⁹ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.



Mynd 140. Leifar af bragga (1896-13), horft í norðaustur.



Mynd 141. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-13).

Lýsing: Svæðið er gróið en einstaka steypubrot sem marka útlínur braggans.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-14 (309-74)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-14	309-74	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362519	422003	11,6	5,1	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 142. Leifar af bragga (1896-14), horft í norðaustur.



Mynd 143. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-14).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²⁴⁰

Lýsing: Illa gróið svæði þar sem má finna nokkur steypubrot sem afmarka útlínur þessa húss.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.


Saurbær 1896-15 (309-75)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-15	309-75	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362489	422009	11,3	5,2	Sæmilegt	Að hluta

²⁴⁰ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.



Mynd 144. Leifar af bragga (1896-15), horft í vestur.



Mynd 145. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-15).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálaverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²⁴¹

Lýsing: Illa gróið svæði þar sem má finna nokkur steypubrot sem afmarka útlínur þessa húss.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-16 (309-76)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-16	309-76	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362503	422017	11,4	5	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 146. Leifar af bragga (1896-16), horft í austur.



Mynd 147. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-16).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálaverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.

Lýsing: Illa gróið svæði þar sem má finna nokkur steypubrot sem afmarka útlínur þessa húss.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.


²⁴¹ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

Saurbær 1896-17 (309-77)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-17	309-77	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362500	422037	12,2	7	Sæmilegt	Að mestu



Mynd 148. Leifar af bragga (1896-17), horft í austur.



Mynd 149. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-17).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²⁴²

Lýsing: Svæðið er gróið en einstaka steypubrot sem marka útlínur braggans.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-18 (309-78)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-18	309-78	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362470	422036	12,4	5,5	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 150. Leifar af bragga (1896-18), horft í austur.



Mynd 151. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-18).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þarg.

²⁴² Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²⁴³

Lýsing: Illa gróið svæði þar sem má finna nokkur steypubrot sem afmarka útlínur þessa húss. Í miðju þess er steipt gólf.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-19 (309-79)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-19	309-79	Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362458	422047	16	7	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 152. Leifar af bragga (1896-19), horft í austur.



Mynd 153. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-19).

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²⁴⁴

Lýsing: Illa gróið svæði þar sem má finna nokkur steypubrot sem afmarka útlínur þessa húss. Girðingaleifar eru við suðvestur hliðina.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-20 (309-80)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-20	309-80	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362482	422061	9,5	5,5	Sæmilegt	Að hluta

Staðhættir: Austan við Dalsmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkjaher tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²⁴⁵

Lýsing: Illa gróið svæði þar sem má finna nokkur steypubrot sem afmarkar óljósar útlínur þessa húss.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.


²⁴³ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

²⁴⁴ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

²⁴⁵ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.



Mynd 154. Leifar bragga (1896-20), horft í suður.




Mynd 155. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-21).

Saurbær 1896-21 (309-81)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-21	309-81	Camp Saurbær	Braggi	Steypa	1940	362440	422081	7,8	6,7	Slæmt	Að hluta



Mynd 156. Leifar af bragga (1896-21), horft í austur.



Mynd 157. Teikning byggð á uppmælingu á umfangi leifa eftir bragga (1896-21).

Staðhættir: Austan við Dalmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og eru um 20 sýnilegir að hluta þar nú. Bandaríkja her tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²⁴⁶

Lýsing: Illa gróið svæði þar sem má finna nokkur steypubrot sem afmarkar útlínur þessa húss.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-22 (309-82)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-22	309-82	Camp Saurbær	Vegur	Vegur	1940	362468	422100	142	2,5	Slæmt	Að hluta


Staðhættir: Austan við Dalmynni, á milli Vesturlandsvegur og heimtraðarinnar, í bitnum haga. Á þessu svæði reistu Bretar herskálahverfi „Camp Saurbær“ og er um 20 sýnilegir að hluta þar í dag.

²⁴⁶ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

Bandaríkja her tók síðan við af Bretum og settist þá 240 manna flokkur að í Dalsmynni og 30 í Tíðarskarði.²⁴⁷



Mynd 158. Vegur (1896-22) á milli bragga í Camp Saurbæ.



Mynd 159. Teikning byggð á uppmælingu á veg (1896-22).

Lýsing: Vegurinn eru um 2.5 m á breidd og um 160 m á lengd og liggur þvert yfir svæðið frá norðvestri til suðausturs. Greina má steinaraðir í köntum.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Vegagerð.

Saurbær 1896-67 (309-84)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
1896-67	309-84		Herminjar	Steypa	1940	362593	421918	19,3	9,1	Slæmt	Að hluta



Mynd 160. Ummerki eftir herinn (1896-67), horft í norðvestur.



Mynd 161. Teikning byggð á uppmælingu á ummáli ummekja eftir herinn (1896-67).

Staðhættir: Fyrir utan beitarhólf suðaustan við Dalsmynni þar sem eru leifar af braggagrunnum frá „Camp Saurbær“ um 290 m frá íbúðarhúsinu er óljós minjastaður. Um 70 m suðaustur frá braggagrunnum (309-71 og 309-72) eru ummerki eftir veru hersins.

Lýsing: Mikið af steypubrotum sem gætu hafa verið undirstöður. Mældum utan með þar sem minjar gætu hafa verið. Óljós hæð, mosa og grasi gróin að mestu leyti.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegagerð.

²⁴⁷ Friðþór Eydal, 1997, bls. 38, 270.

5 Niðurstöður og varðveislumat

Deiliskipulag Vesturlandsvegur liggur í gegnum land 18 jarða: Fitjakots, Álfsness, Kollafjarðar, Mógilsár, Esjubergs, Móa, Saltvíkur, Sjávarhóla, Skrauthóla, Vallár, Jörfa, Hofs, Króks, Lykkju, Arnarholts, Bakka, Ártúns og Saurbæjar. Fornleifar voru skráðar undir 10 jarðir en engar minjar fundust á 8 jörðum: Álfsnesi, Saltvík, Skrauthólum, Jörfa, Hofi, Króki, Lykkju og Bakka. Alls voru 87 minjastaðir skráðir innan úttekarsvæðisins sem nær 50 m frá ystu brún fyrirhugaðs Vesturlandsvegur 2+1, hliðavega eða annarra stíga.²⁴⁸ Úttekarsvæðið var almennt frá 200 – 300 m breitt.

Minjaskráin birtist hér að framan undir hverri jörð auk staðsetningarkorta, í viðauka eru allar upplýsingarnar settar fram í einni töflu, en þar er einnig greint frá hættumati og lagðar fram tillögur að mótvægisáðgerðum. Í niðurstöðum er auk þess farið yfir þá staði sem eru innan framkvæmdarsvæðisins.

Minjar voru flokkaðar eftir aldri sem var áætlaður út frá útliti þeirra og heimildum sem vísað er til þar sem við á (sjá fornleifaskrá). Minjar á úttekarsvæðinu voru skoðaðar í samhengi við aðrar skráðar minjar á Kjalarnesi og skoðaðar sem heild þegar lagt var mat á *gildi þeirra*.

Tafla 2. Fjöldi minja eftir aldri

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks	Fjöldi minja
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	Rauður	43
2	Minjar frá 1918-1930	Gulur	9
3	Minjar frá 1930 og yngri	Grænn	6
4	Herminjar frá 1940 og yngri	Blár	29
	Samtals		87

Gert var hættumat vegna framkvæmdarinnar fyrir allar minjar innan úttekarsvæðisins og eru niðurstöður þess sýndar í töflu 3. Alls voru 22% skráðra minja ekki taldar í hættu, 8% taldar í lítilli hættu en 70% í mikilli hættu.

Tafla 3. Fjöldi minja flokkaðar eftir hættumati.

Hættumat	Fjöldi	% af heild
Engin hættu	19	22
Lítill hættu	7	8
Mikil hættu	61	70
Samtals	87	100

Þar sem 70% minjanna er í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar voru gerðar tillögur að mótvægisáðgerðum, sjá fornleifaskrá í viðauka. Hér er eingöngu um leiðbeinandi tillögur að ræða *en endanleg ákvörðun um aðgerðir er tekin af Minjastofnun Íslands*. Í þeim tilvikum þar sem minjar eru í mikilli hættu vegna nálægðar við framkvæmdarsvæði en lenda ekki innan þess, þarf að skoða hvort hægt sé að merkja þær vel, eða hreinlega girða þær af, svo ekki verði slys á framkvæmdarsvæðinu.


Ekki er alveg ljóst hvort að hluti minja lendi í vegstæðinu eða mjög nálægt því, en þær minjar þarf væntanlega að rannsaka með heildaruppgeftri.

²⁴⁸ Vesturlandsvegur, Skipulags- og matslýsing vegna nýs deiliskipulags, Sjá vef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://reykjavik.is/> → Þjónusta → Skipulag → Skipulag í kynningu → Leit: Vesturlandsvegur. Sótt 29.9.2017.

5.1 Fornleifar, innan framkvæmdarsvæðisins

Um helmingur eða 43 minjastaðir af 87 teljast til friðaðra fornleifa en það eru minjar sem eru 100 ára eða eldri, en 16 af þeim eru taldar horfnar, flestar vegna framkvæmda.

Þar ber helst að nefna Leiðvöll (1896-118) sem hefur verið talinn hinn gamli þingstaður Kjalarnesþings. Svæðið hefur orðið fyrir miklum breytingum vegna malarnáms, gatnagerðar og ágangs sjávar. Út frá loftmynd frá árinu 1946 má ætla að hluti af því svæði þar sem talið er að þingið hafi verið haldið, sé komið undir sjó. En þar var áður stór eyri sem nefnd var Leiðvöllur og Leiðtjörn þar fyrir innan. Strandlínun hefur færst inn um 100 m og má af því draga þá ályktun að land sé að síga á þessu svæði. Á þessum stað mætti gera sögunni skil á upplýsingaskilti fyrir almenning.



Mynd 162. Kortið sýnir breytingar sem orðið hafa á eyrinni sem Leiðvöllur var á og staðsetningu minja. Ljósblá brotalínun sýnir strandlínuna eins og hún var árið 1946.²⁴⁹

Á fjórum minjasvæðum eru minjar að hluta til innan *framkvæmdarsvæðis* og því í hættu að verða fyrir verulegum áhrifum framkvæmdarinnar. Það eru minjar við *Mógilsá, Sjávarhóla, Arnarhamarsrétt og bæjarstæði Ártúns*. Þessa staði verður að skoða sérstaklega með því að girða þá af og/eða rannsaka áður en að framkvæmdum kemur.

Á Mógilsá er það rústasvæði á Eyrum vestan við heimkeyrsluna að Mógilsá sem hefur að geyma þrjú naust, eitt upphlaðið (1896-23) og tvö jarðlæg (1896-24 og 25), vörðu (1896-23), leifar mannvirkis (1896-27) auk gamla Póstvegarins (1896-114) sem lá þarna um en er nú líklega horfinn, sjá mynd 164. Á myndinni hér á eftir hefur verið dregin upp lína sem afmarkar 15 m verndarsvæði fornleifanna (appelsínugul heil lína) en allt minjasvæðið er innan framkvæmdarsvæðisins.²⁵⁰ Túngarður Mógilsár (1896-28) var líka þarna en hann er nú horfinn vegna gatnagerðar.

²⁴⁹ LUKR. Milliflugsloftmynd 2012.

²⁵⁰ Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012, 6. kafli 22. gr.



Mynd 163. Rústir 1896 - 24, 25, 26, og 27, á Eyrum við heimkeyrslu að Mógilsá.

Miklar breytingar hafa orðið á þessu svæði í gegnum tíðina. Mógilsá rann áður vestar en hefur á einhverjum tíma verið veitt í núverandi farveg (bláar línur á mynd 164). Afrennsli frá Tjörninni hefur líka verið stýrt og flutt í Mógilsá, en áður rann vatn frá henni til suðurs í farveg Kollafjarðarár. Líklega hefur farvegi Mógilsár verið breytt vegna framkvæmda við fiskeldið í Kollafirði eða við gerð Vesturlandsvegur um 1970.


Svæðið er mjög viðkvæmt og hefur strandlínán færst innar um 30 m frá árinu 2000, eða um 1,7 m að meðaltali á ári, vegna ágangs sjávar og nú er svo komið að sjórinn er byrjaður að brjóta af minjum 1896-24 og 25 (sjá brún lína, mælt í febrúar 2018 á mynd 164). Búast má því við að ef ekkert er gert í sjónörnum á þessu svæði muni þessar minjar hverfa **vegna ágangs sjávar á næstu 2-3 árum**. Nauðsynlegt er að rannsaka þessar minjar áður en sjórinn tekur þær.

Við Sjávarhóla liggur framkvæmdin að mestu fyrir sunnan gamla bæjarstæðið en þar er fyrirhugaður stígur (gular linur á korti mynd 165). Þar verður að vera fornleifaeftirlit við framkvæmdirnar (vegna minja 1896-54 og 50 sem gætu komið í ljós við jarðrask). Einn sjáanlegur minjastaður, útihús (1896-56) er innan framkvæmdarsvæðis að hluta. Ef ekki er hægt að vernda hann fyrir framkvæmdunum, þarf að fara fram fornleifarannsókn á þessum minjastað.



Mynd 164. Sjávarhólar, minjastaðir.


Arnarhamarsrétt er fallegt mannvirki og ætti að njóta meiri virðingar, sérstök upplifun er að koma að henni. Við réttina skarast framkvæmdarsvæðið og friðunarsvæði fornleifanna. Framkvæmdin þrengir að réttinni og er búið að áætla legu reiðstígs vestan við sem ekki er æskilegt. Lagt er til að hann verð færður fjær réttinni og helst út fyrir verndunarlínu réttarinnar.



Mynd 165. Við Arnarhamarsrétt, reiðstígur appelsínugul tvöföld heil lína er innan 15 m verndunarsvæðis réttarinnar.


Í Ártúni mynda fornleifar einstaka minjaheild. Þegar núverandi Vesturlandsvegur var lagður á sínum tíma var hann lagður þvert í gegnum tún bæjarins, og er því eðlilega þröngt um minjar og vegi á þessum stað. Í Ártúni er einn af fáum bæjarhólum þar sem húsaskipan gömlu húsanna er þekkt og sýnileg í Reykjavík. Framkvæmdarsvæði vegarins skarast við verndunarsvæði bæjarhólsins og hjólastígur er áætlaður innan 15 m verndunarsvæðis. Mikilvægt er að vernda þennan stað fyrir skemmdum og girða hann af meðan á framkvæmdum stendur.

Varðandi framtíð minja á þessu svæði mætti gera þetta að áningastað, þar sem hægt væri að njóta fjölbreytts menningarlandslags á svæðinu, fornleifanna á bæjarhólnum og herminja sem eru þar allt í kring. Einnig má sjá fyrir sér að þarna verið hægt að opna þægilega gönguleið inn á Blikdalinn en þar er að finna minjar um horfna búskaparhættir, tóftir gamalla selja.



Mynd 166. Kortið sýnir framkvæmdasvæði og minjar vestan Vesturlandsvegur við Ártún.

Við Ártún vestan Vesturlandsvegur er að finna tún bæjarins, Neðratún og þar er gamli túngarðurinn (1896-65) enn uppstandandi að hluta. Væntanlegur hliðarvegur frá Dalsmynni að Bakka hefur mikil áhrif á túngarðinn. Fyrirhuguð framkvæmd (gular línur) þverar garðinn tvisvar. Rannsaka þarf minjarnar á þessum stað, ef til framkvæmda kemur. Í gamla túninu eru einnig rúst útihúss (1896-64), sem þarf að girða af meðan á framkvæmdum stendur.




Mynd 167. Bæjarhóll Ártúns við Vesturlandsveg. Á kortinu má sjá hvernig verndunarsvæði minja og framkvæmdasvæðis skarast.

5.2 Yngri minjar innan framkvæmdarsvæðisins

Níu minjastaðir flokkast undir árabilið 1918 til 1930 og sex staðir teljast til minja sem eru yngri en 1930, ekki er lögð til verndun á þessu stöðum. Á skipulagssvæðinu voru skráðar 29 herminjar sjá fornleifaskrá.

Helstu herminjarnar á Kjalarnesi er að finna við Dalsmynni. Um 400 m norðvestur af bænum, eru tvær hringlaga steypdar undirstöður fyrir stórar loftvarnarbyssur sem notaðar voru til að verja Hvalfjörðinn á sínum tíma. Austan við bæinn voru herbúðirnar „Camp Saurbær“ og þar eru ummerki eftir um 20 íbúðarbragga sem eru innan framkvæmdasvæðis Vesturlandsvegjar og eru hluti af *minjaheild* sem tilheyrir þessu tímabili. Æskilegt er að hlífa þessu svæði ef hægt er og girða af meðan á framkvæmdum stendur.



Mynd 168. Herminjar vestan Vesturlandsvegur við Dalsmynni á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

